SKÍÐABLAÐIÐ

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA STOFNAÐ 4. APRÍL 1934

1934 - 2004

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

70



HJARTANLEGA VELKOMIN Á „DALINA TVO" SKÍÐASVÆÐI ÍSFIRÐINGA

Jónas Gunnlaugsson, formaður Skíðafélags Ísfirðinga

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA 1934 – 2004

Nú fer í hönd mikil skíðahátíð hjá okkur Ísfirðingum, sem standa mun fram í maí. Við höldum Skíðamót Íslands, hina árlegu Skíðaviku um bænadagana , Fossavatnsgönguna 1. maí og afmælishóf Skíðafélagsins 8. maí.

Hátíðin hefst miðvikudaginn 31. mars á Skíðamóti Íslands sem einnig er alþjóðlegt FIS-skíðamót í alpagreinum. Skíðamót Íslands var fyrst haldið á Ísafirði 1939 eða fyrir 65 árum síðan. Mótið hefst með keppni í sprettgöngu á Silfurtorgi kl. 18 og vonumst við til að sjá sem flesta bæjarbúa þar og hvetja ísfirska göngumenn til sigurs. Vegna snjóleysis í Tungudal verður að flytja keppni í alpagreinum Skíðamótsins til Siglufjarðar. Skíðafélag Ísfirðinga mun eftir sem áður sjá um framkvæmd keppninnar og njóta dyggrar aðstoðar félaga í Skíðafélagi Siglufjarðar, Skíðaborg.

Mikil sjálfboðavinna hefur verið unnin af félögum Skíðafélagsins síðasta árið til að gera skíðasvæðið og aðstöðuna þar sem besta til mótahalds og ekki síður aðstöðu almennings til skíðaiðkunar. Unnið hefur verið að lokafrágangi á Skíðaskálanum í Tungudal og Skíðaskáli göngumanna á Seljalandsdal hefur verið stækkaður til muna. Þar hefur verið byggður turn ofan á húsið, sem aðstaða fyrir starfsfólk í tímatöku og byggð hefur verið við skálann tækjageymsla og smurningsaðstaða fyrir keppendur. Skíðabrautir á báðum svæðunum hafa verið sléttaðar og grjóthreinsaðar þannig að hægt er að skíða í þeim þótt snjór sé lítill.

Einnig hefur mikil vinna farið í skipulagningu Skíðamótsins sjálfs. Félagið hefur fjárfest mikið í tækjum og búnaði, sem nauðsynlegur er til að halda stórmót eins og Skíðamót Íslands og alþjóðlegt FIS-skíðamót. Við vonum að öll sú vinna og allir þeir fjármunir sem farið hafa í undirbúninginn skili sér í góðu móti sem verði Skíðafélaginu og Ísfirðingum öllum til sóma og skíðaíþróttinni til framdráttar, sama hvar á landinu keppnin fer fram.

Þann 4. apríl eru 70 ár liðin síðan Skíðafélag Ísfirðinga var stofnað á Kaffihúsinu Heklunni. Fyrsti formaður var kosinn Ólafur Guðmundsson í Þór og með honum í stjórn þeir Guðmundur Jónsson frá Mosdal og Sigurður Jónsson, verslunarmaður. Í stofnsamþykktum félagsins var tilgangur þess skilgreindur þannig:

„Viðfangsefni félagsins er að vinna að eflingu skíðaíþróttarinnar, einkum hér í Ísafjarðarkaupstað og nágrenni. Þessum tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að hvetja sem flesta til þátttöku, sjá fyrir kennslu með námskeiðum og öðrum aðferðum, gangast fyrir kappmótum og útbreiða þekkingu á skíðaíþróttinni á annan hátt, eins og verða má.“

Óhætt er að segja að félagar í Skíðafélaginu hafi haft þetta að leiðarljósi öll þau sjötíu ár sem félagið hefur starfað. Allt frá 1934 hefur félagið verið í forystu um uppbyggingu skíðaaðstöðu hér í bæ, hvort heldur það er á Seljalandsdal eða í Tungudal. Það er sama hvort það hefur verið að byggja skíðaskála, reisa lyftur, kaupa snjótroðara, lýsa brekkur, jafna jarðveg eða reisa snjósöfnunargirðingar, alltaf hefur Skíðafélagið verið frumkvöðullinn og oftar en ekki framkvæmdaraðilinn, en með dyggum stuðningi bæjaryfirvalda á Ísafirði á hverjum tíma. Þannig á það líka að vera og þannig næst bestur árangur, að hin frjálsu félagasamtök dragi vagninn og yfirvaldið styðji við framkvæmdir með fjármagni. Hvort sem Ísafjörður hefur verið kaupstaður eða bær hafa bæjaryfirvöld alla tíð stutt vel þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í, á skíðasvæðum okkar Ísfirðinga, hvort heldur þær hafi verið undir forystu Skíðafélagsins eða bæjarfélagsins sjálfs.

Félagið hefur á hverju ári reynt að bjóða upp á skíðanámskeið fyrir byrjendur og hér áður fyrr einnig fyrir lengra komna, t.d. var um árabil rekinn skíðaskóli á Seljalandsdal. Þá hefur félagið boðið upp á skíðaæfingar fyrir börn, unglinga og fullorðna síðasta áratuginn eða svo. Af þessari upptalningu sést að félagar í Skíðafélaginu eru enn þann dag í dag að vinna að því meginmarkmiði, sem félaginu var sett á stofnfundi þess; að efla skíðaíþróttina í Ísafjarðarbæ og nágrenni hans.

Afmælisins verður minnst með veglegri veislu laugardaginn 8. maí. Þar verður í boði góður matur, fjörleg skemmtidagskrá og dans. Fjölda eldri keppenda Ísafjarðar hefur verið boðin þátttaka í hátíðinni og vonumst við eftir góðri þátttöku þeirra og allra skíðaáhugamanna. Afmælisveislan ásamt fleiri uppákomum áttu upphaflega að vera helgina 3. til 4. apríl, en þar sem flytja þurfti keppni í alpagreinum á Skíðamóti Íslands til Siglufjarðar, reyndist óhjákvæmilegt að fresta afmælishátíðinni.

Að venju verður Skíðavikan haldin um bænadagana og verður framkvæmd hennar með hefðbundnum hætti. Skíðavikan var fyrst haldin árið 1935 og er því eflaust með elstu útihátíðum sem enn eru haldnar á Íslandi. Hún hefur skipað sér

„Mikil sjálfboðavinna hefur verið unnin af félögum Skíðafélagsins síðasta árið til að gera skíðasvæðið og aðstöðuna þar sem besta“

fastan sess í lífsmunstri okkar Ísfirðinga, og reyndar miklu fleiri, um hverja páska. Undanfarin ár hefur svipaður fjöldi gesta heimsótt Ísafjarðarbæ og nærsveitir í Skíðavikunni. Nú er kominn tími til að við blásum til frekari sóknar og eflum þessa útihátíð okkar. Í dag eru það aðallega gamlir Ísfirðingar eða fólk er tengist svæðinu á einn eða annan hátt, sem kemur á Skíðaviku. Auk þess þurfum við að fá fólk er ekki á beina tengingu við svæðið til að koma og njóta alls þess, sem við höfum upp á að bjóða. Það gerum við með því með öflugri markaðssetningu. Til að efla markassetninguna þarf meira fjármagn og fleiri aðilar hér heima þurfa að koma að framkvæmd Skíðavikunnar. En verum þess minnug að Skíðavikan er fjölskylduhátið, fyrir alla aldurshópa, þar sem við komum saman og skemmtum okkur sjálf hvort heldur það er á skíðum í Dölunum tveimur eða í menningu bæjarlífsins.

Að lokum býð ég alla gesti velkomna sem heimsækja okkur Ísfirðinga og nærsveitunga okkar meðan þessi skíðahátíð stendur yfir. Hvort heldur það eru keppendur og fararstjórar á Skíðamót Íslands, Skíðavikugestir eða gestir á afmælishátíð Skíðafélagsin.

Verið öll hjartanlega velkomin og njótið vel, alls þess er Ísafjarðarbær hefur upp á að bjóða.

Afmæliskveðja frá Ellert B Schram, forseta ÍSÍ

Á SKÍÐUM Í SJÖTÍU ÁR

Ísfirðingar eru þekktir skíðagarpar. Svo lengi sem elstu menn muna og hafa áreiðanlega stundað skíði löngu áður en Skíðafélagið var stofnað. Stofnun þess var í rauninni eðlileg og sjálfsögð ákvörðun í ljósi þeirrar sögu og þeirrar aðstöðu, sem Ísfirðingar nutu og njóta í sínum skíðalöndum. Enda hefur félagið alið upp margan afreksmanninn og þátttakendur sem komust alla leið á Ólympíuleika. Þeir voru og eru, annálaðir Ísfirðingarnir, hvort heldur í brekkunum eða á göngubrautunum, hver kynslóðin að fætur annarri gerði garðinn frægan og jók hróður Ísafjarðar sem helsta og besta skíðastaðar landsins. Enda aðstæður góðar. Að minnsta kosti eggjandi. Jafnt fyrir afreksmennina sem aðra skíðaunnendur. Þess má til gamans geta að þar tók undirritaður sín fyrstu spor á skíðum fyrir margt löngu, þótt þau hafi aldrei náð lengra en í lyftuna! En það er nú önnur saga.

Skíðaáhugamenn vestra hafa ekki gefist upp þótt í móti hafi blásið og áföll dunið yfir í snjóskriðum og öðrum áföllum. Svæðið í Selajalandsdal er óbrotinn minnisvarði um þá baráttusögu en um leið glæsilegur vitnisburður um hvað hægt er að gera, þegar öflugt félag og mikill áhugi er annars vegar.

Skíðafélag Ísafjarðar hefur verið ein styrkasta stoðin í íþróttalífi á Ísafirði og landsmanna allra og getur með stolti litið yfir farinn veg. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands sendir sínar bestu afmæliskveðjur til félagsins með þökk fyrir sjötíu ára litríka sögu.

Björn B. Jónsson, formaður Ungmennafélags Íslands

AFMÆLISKVEÐJA FRÁ UMFÍ



Ísfirðingar hafa löngum verið þekktir skíðakappar á landsvísu. Tekið hefur verið eftir þeim mikla áhuga og dugnaði sem fylgt hefur skíðamönnum frá Ísafirði. Vetraríþróttir, einkum skíðaíþróttir eiga sér langa sögu á Ísafirði. Allt frá landnámi voru skíði notuð til samgangna á svæðinu og eftir að farið var að stunda skíði sem almenningsíþrótt og keppnisíþrótt hafa ísfirskir skíðamenn skipað sér í fremstu röð. Þrátt fyrir áföll sem skíðamenn urðu fyrir þegar snjóflóðin féllu í Seljalandsdal létu Ísfirðingar ekki deigan síga og byggðu upp nýtt og glæsilegt skíðasvæði í Tungudal og ári síðar var Skíðamót Íslands haldið á Ísafirði með glæsibrag.

Það sem að framan er sagt kemur engum ungmennafélaga á óvart. Unglingalandsmót UMFÍ sem var haldið á Ísafirði árið 2002 er öllum ógleymanlegt sem að því kom, ekki síst fyrir þann mikla dugnað sem Vestfirðingar sýndu við undirbúning og framkvæmd mósins. Sjaldan hefur jafn mikið verið gert á jafnstuttum tíma og raun bar vitni.

Samleið Skíðafélags Ísfirðinga og ungmennafélagshreyfingarinnar verður vonandi meira í framtíðinni en hún hefur verið hingað til. Samleiðin gæti til að mynda verið í meiri útbreiðslu skíðaíþróttar á landsvísu. Fáar íþróttagreinar hafa jafn mikla möguleika að tengja saman fjölskylduna í góðri íþrótt. Það er því verk að vinna í framtíðinni.

Ég sendi Skíðafélagi Ísfirðinga afmæliskveðjur á 70 ára afmæli og óska þeim til hamingju með kraftmikið og gott starf.

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

SKÍÐABLAÐIÐ 2004

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga
Ábyrgðarmaður: Jónas Gunnlaugsson
Ritstjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
Auglýsingar: Pálína Vagnsdóttir
Ljósmyndir: Hrafn Snorrason, Benedikt Hermannsson, Gunnlaugur Jónasson, Oddur Pétursson, Halldór Sveinbjörnsson o.fl.
Prentvinnsla: Oddi hf.

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga:
Jónas Gunnlaugsson, formaður
Jóhann Torfason, varaformaður
Katrín Skúladóttir, gjaldkeri
Alma Frímannsdóttir, ritari
Geir Sigurðsson, meðstjórnandi
Rúnar Óli Karlsson, varamaður
Axel Jóhannsson, varamaður

Heimasíða: www.snjor.is

Skíðavikunefnd:
Halldór Hlöðversson
Freyja Ólafsdóttir
Vernharður Jósefsson
Jón Páll Hreinsson
Rúnar Óli Karlsson
Framkvæmdarstjóri Skíðaviku:
Anna Sigríður Ólafsdóttir

Heimasíða: www.skidavikan.is

SKIÐAVIKAN 2004 ISAFIRÐI

Friðrik Einarsson, formaður Skíðasambands Íslands

ÖFLUGT OG ÁRANGURSRÍKT STARF

Ágætu Ísfirðingar.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar og margur snjóskaflinn komið og farið þau 70 ár sem Skíðafélag Ísafjarðar hefur starfað. Á þeim 70 árum hafa aðstæður skíðamanna tekið miklum breytingum þar sem hópur einstaklinga hefur lagt óteljandi stundir í óeigingjarnt sjálfboðastarf. Hér hefur farið vel saman annars vegar áhugi og vinnusemi einstaklinga og hins vegar skilningur og framlag bæjarfélagsins, fyrirtækja og stofnanna. Skíðasvæði Ísfirðinga er dæmi um hvernig gott samstarf þessara aðila getur skilað sér í skíðasvæði sem stendur erlendum skíðabrekkum fyllilega samanburð.

Það er forvitnilegt að lesa sögu skíðafélagsins og reyna að gera sér grein fyrir þeim krafti sem býr í fólkinu sem stendur að baki þessa öfluga félagsstarfs, allt frá stofnun þess árið 1934. Áföll eins og bruni skíðaskálans eða þegar snjóflóð skemmdi mannvirki, slær ekki á eljusemi og vinnugleði fólksins heldur er aftur lagt af stað og byggt upp með meiri reisn en áður.

Þetta starf hefur einnig alið af sér fjölda

Íslandsmeistara, bæði í norrænum- og alpagreinum. Ísfirðingar hafa átt því láni að fagna að eiga marga keppendur á heimsmeistaramótum og Ólympíuleikum sem er stærsti viðburður hvers íþróttamanns. En þrátt fyrir marga afreksíþróttamenn sem Skíðafélag Ísafjarðar hefur alið eru það enn fleiri einstaklingar sem hafa notið þessa öfluga félagsstarfs. Einstaklingar sem hafa notið heilbrigðs lífernis og öðlast reynslu sem hefur gert þá að öflugri og virkari einstaklingum í skóla lífsins.

Skíðamót Íslands 2004 verður nú haldið á Ísafirði og er það vel við hæfi að allir bestu skíðamenn landsins samfagni Ísfirðingum á þessum tímamótum. Ég færi Skíðafélagi Ísfirð-

inga heillaóskir skíðahreyfingarinnar og þakka fyrir gott og öflugt samstarf sem mun án efa eflast enn frekar í framtíðinni.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA 70 ÁRA

Skíðafélagi Ísfirðinga er árnað heilla á 70 ára afmæli þess. Um leið ber að þakka það góða samstarf sem alla tíð hefur verið milli Ísafjarðarbæjar og félagsins. Skíðafélagið hefur frá fyrstu tíð haft forystu um uppbyggingu skíðasvæðis Ísfirðinga, lagt fram hugmyndir, séð um og tekið þátt í framkvæmdum og komið með stóran hóp til starfa. Þar hefur verið á ferðinni kraftmikið og áhugasamt fólk, karlar jafnt sem konur, sem hafa haldið sínu striki þrátt fyrir ýmis áföll.

Á móti hefur Ísafjarðarbær komið með fjármagn til framkvæmda og séð um rekstur skíðamannvirkja. Samstarfið hefur skilað sínu og skíðasvæði Ísfirðinga, „Dalirnir tveir", er eitt hið besta á landinu og þótt víðar væri leitað. Aðstaðan á að nýtast hinum almenna skíðaiðkanda en um leið skapast góð aðstaða fyrir keppnisfólkið okkar; það afreksfólk sem hefur borið hróður bæjarins víða. Því miður hefur veðurfar undanfarna vetur ekki verið skíðafólki hagstætt, lítill snjór og of lítið verið hægt að



nota hina góðu aðstöðu nema helst á göngusvæðinu á Seljalandsdal. Þrátt fyrir þetta leggja menn ekki árar í bát enda veðurfarið sveiflukennt og alltaf von um skíðasnjó. Starfseminni er því haldið áfram af bjartsýni og áræði.

Það þarf öflugan hóp einstaklinga í það starf sem Skíðafélag Ísfirðinga hefur staðið fyrir í gegnum tíðina. Samheldni þeirra og starfsgleði er samfélaginu afar mikilvæg því það eru einstaklingarnir og verk þeirra sem skapa verðmætin, hvort heldur það er í starfi sem þessu eða í atvinnulífinu. Framtíðin er björt þeim sem aldrei missa sjónir af markmiðum sínum og vinna ötullega að því að láta þau verða að veruleika. Megi starfsemi Skíðafélags Ísfirðinga vaxa og dafna um ókomna framtíð.

Jón Páll Halldórsson

SKÍÐAFÉLAG ÍSAFJARÐAR

Fyrstu fjörtíu starfsárin

Á þriðja áratug liðinnar aldar fór áhugi á skíðaíþróttinni vaxandi á Ísafirði. Íþróttafélögin í bænum, Hörður og Vestri, sýndu skíðaíþróttinni þó lengi takmarkaðan áhuga og jafnvel nokkuð tómlæti. Þau lögðu megináherzluna á knattspyrnu og frjálsar íþróttir og Íþróttafélagið Magni lagði fyrst og fremst áherzlu á fimleika. Ungmennafélagið Árvakur, sem stofnað var 1917, hélt uppi þróttmiklu æskulýðs- og íþróttastarfi um árabil. Fyrst í stað lagði félagið einkum áherzlu á glímu og fimleika. Forystumenn þess fóru þó fljótlega að hvetja Ísfirðinga til skíðaiðkunar og gekkst félagið fyrir skíðanámskeiðum fjögur ár í röð 1932–1935.

Nemendur Helge Torvö við æfingar á Seljalandsdal.

Kennari á þessum námskeiðum var Norðmaðurinn Helge Torvö, og fór þátttaka í námskeiðunum vaxandi með ári hverju. Að loknu námskeiðinu árið 1933 var efnt til keppni um *Skíðagönguhorn Vestfirðinga*, fagran verðlaunagrip, sem Guðmundur frá Mosdal hafði skorið út og gefið félaginu. Þetta var farandgripur, og var keppt um hann í 10 km göngu næstu árin. En síðan var það veitt fyrir sigur í norrænni tvíkeppni, göngu og stökki, á Skíðamóti Vestfjarða. Eftir að Skátafélagið Einherjar var stofnað árið 1928 varð skíðaíþróttin einn meginþátturinn í vetrarstarfsemi þess, og gekkst félagið fyrir skíðakeppnum fyrir félaga sína næstu árin á eftir og var síðan þátttakandi í öllum skíðamótum, sem Ísfirðingar tóku þátt í allt til ársins 1945. Á fyrri hluta liðinnar aldar var Skutulsfjörður sérstakt samfélag. Árið 1915 stofnuðu fjarðarbúar Málfundafélagið Ármann, sem varð vettvangur félagslífs í firðinum um langt árabil og starfaði samfellt til ársins 1990. Á aðalfundi Ármanns 1935 var iðkun íþrótta sett á stefnuskrá félagsins og nafni þess breytt í Íþrótta- og málfundafélagið Ármann. Má örugglega rekja þá breytingu til þess áhuga, sem skíðanámskeið Árvakurs kveiktu á þessum tíma. Næstu áratugina varð Ármann eitt öflugasta skíðafélagið á svæðinu og átti á að skipa öflugri sveit góðra skíðamanna.

Skíðaáhugamenn reisa fyrstu skíðaskálana á Seljalandsdal 1931

Áhugi fyrir skíðaiðkun fór því vaxandi strax í lok þriðja áratugarins og í byrjun þess fjórða. Árið 1928 reistu þeir Ólafur Guðmundsson framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Jónsson verzlunarstjóri sér lítinn skíðaskála á Seljalandsdal. Sá skáli brann tveim árum síðar. Rúmlega tuttugu manna hópur ungs fólks á Ísafirði batzt þá samtökum og kom sér upp litlum skála á Seljalandsdal. Það var síðari hluta ársins 1931. Var hann nefndur *Skíðheimar*. Við byggingu skálans voru lagðar fram 1077 vinnustundir. Ákveðið var, að meta hverja vinnustund á eina krónu. Með hliðsjón af því var kostnaðarverð skálans 2.577 krónur. Á fundi byggingaraðila í ársbyrjun 1932 var lagt til, „að forgöngumenn fyrirtækisins, þeir Aðalsteinn Jónsson verzlunarstjóri, Ólafur Guðmundsson framkvæmdastjóri og Sigurður Guðmundsson bakarameistari, skyldu teljast einkaeigendur skálans, þrátt fyrir vinnuframlög annarra.“ Þeir höfðu hver um sig lagt fram 500 krónur í peningum, auk vinnuframlaga sinna. Um þetta náðist ekki fullt samkomulag, en samþykkt var, „að allir þeir

Skíðheimar. Litli skíðaskálinn með torfveggjunum sem reistur var 1931. (Skjalasafnið Ísafirði)

sem unnið hefðu að fyrirtækinu skyldu teljast eigendur, en að fyrirtækinu skyldi á milli aðalfunda stjórnað af 5 manna nefnd, er hefði óskorað alræðisvald í öllum málefnum fyrirtækisins og eigninni viðkomandi. Skyldu áðurnefndir þrír forgöngumenn ávallt vera sjálfkjörnir í nefnd þessa, en aðalfundur kjósi til viðbótar til næsta aðalfundar, einn kvenmann og einn karlmann af þeim, er hefðu lagt fram vinnu eða fé." Auk þeirra þriggja, sem áður eru nefndir, voru kosin í stjónina fyrsta árið: Ólafía Ólafsdóttir bankaritari og Salómon Hafliðason verzlunarmaður. Á eigendafundi árið eftir var skipt um meðstjórnendur og voru þá kosin í stjórnina, auk aðaleigenda: Sólveig Sveinbjarnardóttir bankagjaldkeri og Sigmundur Guðmundsson vélstjóri. Skíðheimar urðu á næstu árum höfuðstöðvar ísfirzkra skíðamanna, þó að ekki væri þar hátt til lofts né vítt til veggja.

Á fundi eigenda 8. marz 1934 lagði Ólafur Guðmundsson til, „að stofnað yrði til langhlaups á skíðum frá Skíðheimum að Fossavatni og til baka." Þetta er fyrsta hugmyndin um svo nefnt *Fossavatnshlaup,* eins og það var síðar nefnt. Ólafur hafði kynnt sér vel uppbyggingu skíðaíþróttarinnar í Skandinavíu og hafði í huga, að efna til hliðstæðrar keppni hér og Birkibeinahlaupið í Noregi og Vasagangan í Svíþjóð.

Seinasti fundur í stjórn Skíðheima var haldinn 8. marz 1935. Á þeim fundi var rætt um „afhendingu Skíðheima til Skíðafélags Ísafjarðar." Algjör samstaða náðist ekki um málið á fundinum og var ákvörðun því frestað.

Skíðafélag Ísafjarðar 1934 – 1940.

Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað 4. marz 1934 með 24 stofnfélögum. Stofnfundur félagsins var haldinn í Kaffihúsinu Heklu, sem var til húsa í Aðalstræti 33. Til forystu völdust margir sömu mennirnir og höfðu verið í forystu fyrir byggingu Skíðheima. Formaður var kosinn Ólafur Guðmundsson, en með honum í stjórn Guðmundur Jónsson frá Mosdal og Sigurður Jónsson, verzlunarmaður. Ólafur gegndi formennsku í félaginu til ársins 1940, en Guðmundur og Sigurður hurfu fljótlega úr stjórninni. Aðrir í stjórn með honum voru lengst af á þessu tímaskeiði: Sólveig Sveinbjarnardóttir bankagjaldkeri, Páll Jónsson, verzlunarmaður, Helgi Guðmundsson, bakarameistari, Ólafía Ólafsdóttir, bankaritari, Kjartan J. Jóhannsson, læknir og Þorleifur Guðmundsson, umboðsmaður Olíuverzlunar Íslands.

Tilgangur félagsins var skilgreindur þannig í samþykktum þess: „Viðfangsefni félagsins er að vinna að eflingu skíðaíþróttarinnar, einkum hér í Ísafjarðarkaupstað og nágrenni. Þessum tilgangi sínum hyggst félagið að ná meðal annars með því að hvetja sem flesta til þátttöku, sjá fyrir kennslu með námskeiðum og öðrum aðferðum, gangast fyrir kappmótum og útbreiða þekkingu á skíðaíþróttinni á annan hátt, eins og verða má." Formaður félagsins, Ólafur Guðmundsson, hafði mjög ákveðnar skoðanir á því, hvernig félagið gæti bezt unnið að þessum markmiðum sínum og hafði þá í huga hliðstæð félög í Skandinavíu. Hann taldi, að félagið ætti að vinna að alhliða eflingu skíðaíþróttarinnar og reyna að gera hana að almenningseign með því að gangast fyrir kennslu og standa fyrir skíðamótum. Það ætti einnig, að vinna að uppbyggingu íþróttamannavirkja á Seljalandsdal og annast rekstur þeirra. Með hliðsjón af þessu gerði félagið strax í febrúar á næsta ári samning við bæjarstjórn Ísafjarðar, sem veitti því einkarétt til allrar uppbyggingar á Seljalandsdal næstu 20 árin, gegn því að félagið legði akveg upp á dalinn. Skyldi lokið við lagningu vegarins fyrir árslok 1942. Þátttaka í skíðakeppnum taldi Ólafur aftur á móti, að væri ekki hlutverk félagsins. Það væri annarra félaga.

Fjórir vörubílar með fólk á leið upp á Seljalandsdal á Skíðaviku líklega 1933. (Skjalasafnið Ísafirði)



Skíðagönguhorn Vestfirðinga, skorið út af Guðmundi frá Mosdal og fyrst keppt um það 1933.

Í Skíðafélagi Ísafjarðar var saman kominn samstilltur hópur áhugafólks og fer ekki á milli mála, að mikil gróska hefir hlaupið í skíðaíþróttina á Ísafirði með stofnun þess. Félagið tók fljótlega við því hlutverki, sem Ungmennafélagið Árvakur hafði haft fram að þessu. *Skíðavika Ísafjarðar* var haldin í fyrsta skipti um bænadagana 1935. Gert var ráð fyrir fjölda þátttakenda frá öðrum stöðum á landinu, en minna varð úr því vegna innflúensufaraldurs í Reykjavík. Þátttakendur voru um 90. Þar af komu 12 frá Reykjavík. Þátttakendur mættu við Sóltún, hús Guðmundar frá Mosdal, og þaðan var ekið á vörubílum upp að Seljalandsá og gengið þaðan upp að skíðasvæðinu. Þegar þangað kom var öllum þátttakendum skipt upp í flokka, og fylgdi leiðsögumaður og aðstoðarmenn hverjum flokki. Laugardaginn fyrir páska var efnt til kvöldvöku í Birkihlíð, skólaseli Gagnfræða-

Skíðafólk við gamla skíðaskálann á Seljalandsdal árið 1932. (Skjalasafnið Ísafirði)

Þátttakendur á fyrstu Skíðavíku Ísafjarðar fyrir framan Sóltún árið 1935. (Skjalasafnið Ísafirði)

skólans, sem Gunnar Andrew, formaður skíðavikunefndar stjórnaði. Þar flutti Guðmundur Thoroddsen prófessor skemmtilega ræðu og bar saman uppvaxtarár sín á Ísafirði í lok fyrri aldar við leiki ungs fólks á árinu1935. Einnig var þar sýndur listdans (Rumba og Karíoka), einn gestanna söng einsöng og félagar úr Skátafélaginu Einherjar leiddu fjöldasöng. Þessari fyrstu skíðaviku lauk svo með dansleik í Templarahúsinu. Skíðavikan hleypti nýju lífi í skíðaíþróttina og hefir síðan verið árlegur viðburður í bæjarlífi Ísafirðinga lengst af í sjötíu ár. Veturinn 1949 féll skíðavikan þó niður vegna samkomubanns, sem var allan síðari hluta þess vetrar. Þátttaka utanbæjarmanna fór mjög eftir skipafeðrum fyrstu árin. Þrettánda Skíðavikan var haldin 1947 og voru gestir þá fleiri en undanfarin ár, enda stóð vel á ferðum fyrir gesti.

Hugmyndinni um Fossavatnshlaupið var einnig hrundið í framkvæmd í lok skíðavikunnar, á annan dag páska. Sigurvegari í þessu fyrsta Fossavatnshlaupi varð Magnús H. Kristjánsson. Hann sigraði síðan í Fossavatnshlaupinu næstu þrjú árin. Fossavatnshlaupið fór svo fram í 5. og síðasta sinn í þessari umferð í marz 1939. Sigurvegari þá varð Gísli B. Kristjánsson, bróðir Magnúsar. Fossavatnshlaupið var síðan endurvakið sextán árum síðar, á sumardaginn fyrsta 21. apríl 1955. Þá sigraði Oddur Pétursson. Síðan hefir verið keppt árlega í Fossavatnsgöngu, eins og keppnin er nú nefnd. Þegar keppnin hófst á ný árið 1955 voru þrír keppendur, sem höfðu verið með í fyrsta Fossavatnshlaupinu árið 1935. Það voru Ármenningarnir Sigurjón og Bjarni Halldórssynir í Tungu og Pétur Pétursson á Grænagarði. Á næsta ári eru því liðin sjötíu ár síðan fyrst var keppt í Fossavatnsgöngu.

Árið 1936 efndi Skíðafélag Ísafjarðar til fyrsta skíðanámskeiðsins, sem það stóð fyrir og yfirtók það hlutverk, sem Ungmennafélagið Árvakur hafði gegnt um langt árabil. Kennari á þessu fyrsta námskeiði Skíðafélagsins var Svíinn Georg Tuversson, sem var kennari hjá sænska skíðasambandinu. Þetta námskeið stóð í þrjár vikur í marz og apríl. Greinilegt er, að Skíðafélagið vildi leggja áherzlu á að kynna bæjarbúum þá frambróun, sem orðin var í skíðaíþróttinni í Skandinavíu. Í kynningu á námskeiðinu var tekið fram, að „við skíðakappraunir í Svíþjóð væri mest áherzla lögð á hraðhlaup (langrenn), en á síðari árum hefði slönguskrið (slalom) vakið mikinn áhuga." Á námskeiðinu yrðu því „kenndar allskonar sveiflur á skíðum og aðrar aðferðir til að stöðva sig á skíðum á hraðri ferð. Ennfremur flugskrið (storlopp), slönguskrið (slalom), skíðastökk og svo síðast en ekki sízt skíðagöngur, ferðalög og útbúnaður." Í hvatningarorðum Gunnars Andrew til bæjarbúa lagði hann áherzlu á, að sennilega yrði þetta í seinasta skipti, sem Ísfirðingar ættu kost á þjálfun erlends kennara. Gjaldeyrisskortur myndi valda því, að ekki yrði leyft oftar að ráða erlendan kennara, þar sem stjórnvöld væru nú að takmarka innflutning á margvíslegri nauðsynjavöru. Hér væri því um einstakt tækifæri að ræða, sem bæjarbúar mættu ekki láta sér úr greipum ganga. Hann lagði áherzlu á, að Ísfirðingar ættu að verða beztu skíðamenn landsins, enda hvergi á landinu betra skíðaland en hér. Það er athyglisvert, að árið 1939 er í fyrsta skipti farið að nota orðið svig í stað slalom, en þá voru félaginu gefnir tveir verðlaunabikarar til keppni í svigi karla og kvenna.



Gunnar Andrew.



Í Sóltúnum geta menn fengið geymdar flíkur og annað. Þangað mega menn líka leita til húsaskjóls við að athafna sig meðan beðið er eftir samferðafólkinu, sem þó er vitanlega allt af stundvíst.

Prentstofan Isrún.

Skíðavikan 1936.

Sól og snjór!
Snjór og sól!

Skíðafélag Ísafjarðar.

Forstöðunefnd:
Gunnar Andrew,
Guðm. frá Mosdal,
Helgi Guðmundsson,
Ólafía Ólafsdóttir,
Þórunn Árnadóttir.



Flokksstjórar:
1. flokkur Ól. Guðmundsson
2. — Ágúst Leós
3. — Tryggvi Þorsteinsson
4. — Halldór Magnússon
5. — Gunnar Andrew

Skírdagur:
Kl. 10 mætt í Templarahúsinu með allan útbúnað. Þar skipt í flokka m. m.
Kl. 1–4: Kaffi í Skíðheimum.
Föstudagur langi:
Kl. 10: Lagt af stað frá Sóltúnum (húsi Guðm. frá Mosdal)
Kl. 1–4: Kaffi í Valhöll.
Kl. 8: Kvöldvaka í Birkihlíð.
Laugardagur:
Kl. 10: Lagt af stað frá Sóltúnum. Fossavatnsferð, ef veður leyfir. Kaffi í Skíðheimum.
1. Páskadagur:
Kl. 1: Lagt af stað frá Sóltúnum. Kaffi í Valhöll.
2. Páskadagur:
Kl. 10: Lagt af stað frá Sóltúnum inn Tungudal. Kaffi í Skíðheimum.

Langferðalög:
Þeir, sem hugsa til lengri ferða, tilkynni það formanni forstöðunefndar.

Flokksstjórar
fali daglega við formann um tilhögun næsta dags.

Munið:
1. að hafa með ykkur nesti.
2. að búa ykkur vel. Það er kaldara upp til fjalla en niðri í bæ.
3. að fara ekki of langt frá samferðamönnunum. Haldið ykkur saman.

Lokasamkoma
verður tilkynnt síðar.

og apríl.
ldi leggja
ramþróun,
ndinavíu.
fram, að
æri mest
en á síðari
ið mikinn
„kenndar
aðferðir
ðri ferð.
nguskrið
ekki sízt
ður.“ Í
bæjarbúa
ði þetta í
u kost á
sskortur
r að ráða
væru nú
ri nauð-
tækifæri
ta sér úr
ð Ísfirð-
andsins,
en hér.
sta skipti
n, en þá
karar til



Hópur skíðamanna á leið upp á Seljalandsdal árið 1939.

Skíðavikugestir kvaddir á Bæjarbryggjunni á Ísafirði er þeir halda heim á leið með Súðinni um 1940. (Skjalasafnið Ísafirði)

Erlendur skíðakennari var ekki ráðinn næstu árin, eins og Gunnar Andrew hafði bent á. En skíðakennslu var haldið uppi árlega næstur vetur. Tryggvi Þorsteinsson réðist sem íþróttakennari til Ísafjarðar árið 1934 og starfaði á Ísafirði til ársins 1940. Á þessum árum sá hann um skíðakennslu fyrir Skíðafélagið á hverjum vetri og þjálfun skíðamanna.

Í Hveradölum syðra var haldið mót á ný L.H. Müller stóð fyrir því

Þannig hófst gamanbragur um fyrstu ferð ísfirzkra skíðamanna á skíðamót í Hveradölum. Í marz árið 1937 var efnt til fyrstu landskeppni á skíðum hér á landi og fór hún fram í Hveradölum syðra. Þessi keppni hlaut nafnið Thule-mótið. Hún var svo endurtekin næstu árin og voru flestir keppendurnir frá Reykjavík, Ísafirði og Siglufirði. Thule-mótið 1937 var eins konar undanfari Landsmóts skíðamanna, sem síðar var nefnt Skíðamót Íslands. Skátafélagið Einherjar sendi sjö manna flokk í göngukeppni mótsins árið 1937, sex manna flokk árið 1938 og fimm manna flokk árið1939, en árið 1940 var Magnús H. Kristjánsson eini keppandinn.

Fyrsta Landsmót skíðamanna var síðan haldið á Siglufirði árið 1938. Þar var aðeins einn keppandi frá Ísafirði, Magnús H. Kristjánsson. Árið eftir var röðin komin að Ísfirðingum að halda mótið og kom það í hlut Skíðafélags Ísafjarðar að sjá um framkvæmda þess og allan undirbúning. Mjög var vandað til alls undirbúnings, og skipaði stjórnin níu nefndir til að sjá um framkvæmd þess. Þótti framkvæmdin takast í alla staði mjög vel. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að skíðavegurinn var aðeins kominn upp að Seljalandsá og á Seljalandsdal voru engin mannvirki önnur en litli skálinn, Skíðheimar. Veitingar voru því í stóru tjaldi, sem reist var á snjóskafli fyrir mótið, en öll aðföng varð að bera eða draga á sleða upp á dal. Einnig var byggður stökkpallur í Sandfellinu, svo að hægt væri að keppa í stökki. Í þessu móti tóku þátt átta Einherjar, sem flestir kepptu í göngu. Árið 1940 var Skíðamót Íslands svo haldið á Akureyri og tóku sex Einherjar þátt í því. Magnús Kristjánsson sigraði þá í 18 km göngu í A-flokki, en Sigurður Jónsson í B-flokki. Einherjar sigruðu einnig í sveitakeppni í 18 km göngu, en hver sveit var skipuð fjórum keppendum. Þá var ekki farið að keppa í boðgöngu.

Framkvæmdir á Seljalandsdal og vegarlagning

Strax í ársbyrjun 1939 var farið að huga að framkvæmdum á Seljalandsdal. En menn voru ekki á eitt sáttir, hvort skyldi hafa forgang vegarlagning upp að skíðasvæðinu eða bygging myndarlegs skíðaskála. Á fundi í Skíðafélaginu í ársbyrjun 1939 lagði Páll Jónsson formaður skálanefndar fram svohljóðandi tillögu: „Fundurinn lýsir hér með yfir, að hann telji nauðsynlegt að einbeita öllum kröftum Skíðafélagsins til þess að koma upp skíðaskálanum, en telur það meðal annars bezt tryggt með því að ekki verði að svo stöddu lagt meira fé í skíðaveginn, en til viðhalds honum, fyrr en skálinn er kominn upp, og heimilar stjórninni ekki frekari notkun á fé til vegarins en að ofan greinir.“

Þátttakendur á Thule-mótinu í Hveradölum 1937. Frá vinstri: Guðmundur Hallgrímsson, Tryggvi Þorsteinsson, Magnús H. Kristjánsson, Sigurður Jónsson (Þórólfs), Bolli Gunnarsson, Halldór Magnússon og Daníel Sigmundsson.

Sportlega klætt skíðafólk í veðurblíðu á Seljalandsdal 1932. (Skjalasafnið Ísafirði)

Sólveig Sveinbjarnardóttir og Ólafía Ólafsdóttir á Felli á þaki gamla skíðaskálans árið 1931.

Tillaga þessi var samþykkt með 14 atkvæðum, en mótatkvæði voru 4. Þar með var teningunum kastað og því slegið föstu, að skálabyggingin skyldi hafa forgang, en vegarlagningin bíða betri tíma. Ýmsum kann í dag að þykja þessi afstaða fundarmanna sérstæð, en hafa verður hugfast, að einkabíllinn var ekki kominn til sögu á þessum árum. Vegarlagning var því fremur framtíðarverkefni en skálabygging. Allar framkvæmdir við vegarlagninguna lágu síðan niðri næstu árin og það var ekki fyrr en haustið 1942, sem framkvæmdir hófust á ný við vegargerðina. Þá var unnið fyrir 6 þúsund krónur. Styrkur ríkissjóðs til vegarins var þá 4 þúsund krónur, en mismunurinn var greiddur úr félagssjóði Skíðafélagsins. Tókst að þoka veginum 200 metra fram fyrir Seljalandsá. Ákveðið var að halda áfram vinnu við skíðaveginn haustið 1943. Guðmundur Sveinsson tók þá að sér verkstjórn og tókst að þoka veginum 230 metra til viðbótar. Forystumenn Skíðafélagsins höfðu vaxandi áhyggjur af því, að bæjaryfirvöld myndu rifta samningi félagsins um not af Seljalandsdal, þar sem ljúka átti veginum fyrir árslok 1942. Til þess kom þó ekki. Lítið var síðan unnið við vegaframkvæmdir næstu árin. Bæjarsjóður Ísafjarðar flutti nokkru síðar mulningsvél bæjarins á holtið fyrir utan Siggakofann, neðan til við múlabrúnina, og framlengdi veginn þangað. Árið 1947 var síðan ruddur vegur yfir holtið fyrir innan mulningsvélina, upp að skála. Sumarið 1953, áður en framkvæmdir hófust við nýja skálann, var síðan ruddur vegur frá mulningsvélinni, út fyrir múlabrúnina, upp með henni og upp á holtið neðantil við Skíðheima.

Ráðist í byggingu skíðaskála á Seljalandsdal

Sumarið 1939 var samþykkt að ráðast í skálabyggingu. Ýmsar hugmyndir komu fram um stærð og fyrirkomulag skálans. Þeim Páli Jónssyni og Gunnari Ólafssyni, sem þá stundaði nám í húsagerðarlist í Noregi, var falið að ganga frá endanlegri teikningu. Hófust framkvæmdir við byggingu hans um haustið og miðaði framkvæmdum það vel, að skálinn var tilbúinn til notkunar fyrir skíðavikuna 1940. Hægt var að hafa þar veitingasölu, en margvíslegum frágangi var ennþá ólokið. Um vorið setti félagið upp merki á Seljalandsdal með kílómetrafjölda, talið frá skálanum. Þessi merki voru á Kvennabrekku, Gullhól, Sandfelli, Hauganesi og Galtahrygg, og vísuðu vegfarendum veginn heim í skála. Nokkur þeirra hafa nú verið endurnýjuð. Fjáröflun til byggingarinnar hvíldi mjög á félagsmönnum næstu árin. Efnt var til jóladansleikja og hlutavelta, til að afla fjár til framkvæmdanna, sem að verulegu leyti varð að fjármagna framkvæmdirnar með bankalánum.

Skíðheimar II, skálinn sem byggður var 1939. (Ljósm. Karl Salómonsson)

Skíðafélag Ísafjarðar 1940–1942

Á aðalfundi félagsins 1940 var því kjörin ný stjórn. Formaður var kjörinn Helgi Guðmundsson bakarameistari og með honum í stjórnina Gísli Indriðason heildsali, Þórunn Árnadóttir bankaritari, Kjartan J. Jóhannsson læknir og Páll Jónsson verzlunarmaður. Á næsta ári gengu Gísli og Þórunn úr stjórninni, en í þeirra stað voru kosnir Salómon Hafliðason og Guðmundur Sveinsson. Með nýrri stjórn komu breyttar áherzlur, eins og jafnan vill verða, þegar nýir menn taka við. Stjórnin réði Guðmund Hallgrímsson frá Grafargili í Önundarfirði til að sjá um kennslu á skíðanámskeiðum félagins, Magnús H. Kristjánsson til að sjá um þjálfun göngumanna, en Sigurð Jónsson um þjálfun svigmanna fyrir þau mót, sem félagið kynni að halda. Framkvæmdir við Skíðaskálann hleyptu þrótti í félagsstarfið og strax að loknum námskeiðum félagsins veturinn 1941 setti Guðmundur Hallgrímsson fram hugmynd um skíðaskóla félagsins, sem stæði í tvo mánuði, marz og apríl. Var því unnið ötullega við endanlegan frágang skálans, eldhúss og svefnaðstöðu. Strax

veturinn 1942 var ákveðið að hrinda í framkvæmd hugmyndinni um skíðaskóla félagsins og starfstími hans ákveðinn tveir mánuðir. Guðmundur Hallgrímsson hafði dvalið við nám í Storlien í Svíþjóð veturinn 1938 og kynnt sér uppbyggingu slíkra skóla í Svíþjóð. Skólinn var rækilega auglýstur í fjölmiðlum, en umsóknir voru það fáar að ekki var talið gerlegt að hefja starfrækslu hans. Talið var að snjóleysi hér og annars staðar á landinu hafi valdið mestu um dræmar undirtekir.

Skíðafélag Ísafjarðar eftir 1943 og starfsemi skíðaskólans

Stjórnarskipti urðu í Skíðafélaginu á aðalfundi þess í árslok 1942. Helgi Guðmundsson baðst undan endurkjöri, og var Páll Jónsson kosinn formaður í hans stað. Aðrir í stjórn félagsins voru kosnir Kjartan J. Jóhannsson læknir, Salómon Hafliðason húsvörður barnaskólans, Helgi Guðmundsson bakari og Guðmundur Sveinsson netagerðarmeistari. Árið eftir kom Guðbjarni Þorvaldsson mjólkurbústjóri inn í stjórnina í stað Salómons, sem var fluttur til Reykjavíkur. Var hann gerður að heiðursfélaga á stjórnarfundi í ársbyrjun 1944 fyrir mjög óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Áður hafði Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri verið gerður að heiðursfélaga. Á aðalfundi 1946 var Böðvar Sveinbjarnarson forstjóri kosinn í stjórnina í stað Guðmundar Sveinssonar, sem þá var orðinn vélgæzlumaður við orkuverið á Fossum í Engidal.

Meginverkefni hinnar nýju stjórnar var að hrinda í framkvæmd hugmyndinni um skíðaskólann. Stjórnin gekk frá ráðningu Guðmundar Hallgrímssonar strax í ársbyrjun 1943, og var ákveðið að skólinn skyldi starfa í tvo mánuði, frá 20. febrúar til 20. apríl. Gert var ráð fyrir, að væntanlegir nemendur greiddu sjálfir fæði sitt, en félagið sæi um að koma matföngum inn að skíðavegi, en nemendur sæktu þau þangað. Nemendur skólans voru átta þennan fyrsta vetur og gekk starfsemi hans vel, þrátt fyrir frumstæðan aðbúnað á mörgum sviðum. Blandaðist engum hugur um, að skólinn væri kominn til að vera. Kennt var 2 x 2 stundir á dag á skíðum og síðan farið í ferðalög. Aðalfundur félagsins lagði áherzlu á, að eftirleiðis yrði lögð aukin alúð við uppbyggingu og starfrækslu skólans og reynt að bæta við fimleikaæfingum, kennslu í hjálp í viðlögum og reynt yrði að útvega skíðakvikmyndir til sýninga fyrir nemendur. Samþykkt var að kjósa sérstaka skólanefnd til að fara með málefni skólans. Í hana voru kosnir: Guðbjarni Þorvaldsson, Sigurður Jónsson og Jónas Magnússon. Árið eftir var Helgi Guðmundsson kosinn formaður skólanefndarinnar og gegndi hann því starfi meðan skólinn starfaði. Annað starfsár skólans hófst 15. febrúar og lauk 1. apríl 1944. Nemendur voru 8, eins og árið áður. Þá var tekin upp kennsla í hjálp í viðlögum og sáu skátar úr Einherjum um kennsluna.

Þriðja starfsár skólans hófst 13. febrúar og lauk 28. marz 1945. Kennari var sem fyrr Guðmundur Hallgrímsson, en matselja Guðríður Júlíusdóttir frá Bolungavík. Nemendur voru 11. Þeir voru: Gunnar Runólfsson, Reykjavík, Guttormur Sigurbjörnsson, Gilsárteigi, Eiðaþinghá, S-Múlasýslu, Stefán Kristjánsson, Reykjavík, Magnús Björnsson, Reykjavík, Ásgeir Eyjólfsson, Reykjavík, Kjartan Ólafsson hagfræðingur, Reykjavík, Tryggvi Halldórsson, Bæjum, N-Ísafjarðarsýslu, Salómon Sigurðsson, Hnífsdal, Hákon Magnússon, Hnífsdal, Gísli Kristjánsson, Bolungavík, og Vignir Andrésson, Reykjavík. Það er til marks um það álit, sem skólinn hafði aflað sér á þeim skamma tíma, sem hann hafði starfað, að sex af áður töldum nemendur skólans voru starfandi íþróttakennarar, sem voru að afla sér reynslu, þekkingar og réttinda til skíðakennslu. Af þeim luku fimm burtfararprófi frá skólanum, það voru Guttormur, Stefán, Magnús, Kjartan og Tryggvi.

Skólinn naut vaxandi álits og þátttaka fór vaxandi með ári hverju. Haustið 1945 fór Guðmundur Hallgrímsson til framhaldsnáms á skíðaskóla í Svíþjóð, og hafði Skíðafélagið milligöngu um það og styrkti hann til ferðarinnar, „enda starfaði hann eftirleiðis á vegum félagsins." Í ferðinni heimsótti Guðmundur nokkra skíðaskóla í Svíþjóð, þ.á m. skíðaskólann í Rämshyttan í Dalarna, en sá skóli er eingöngu ætlaður Svíum. Komst Guðmundur þangað inn fyrir tilstilli Georgs Tufverssons, sem hér dvaldi veturinn 1936, en var nú einn af kennurum þessa skóla. Heimkominn sagði Guðmundur, að miklar framfarir hefðu orðið í skíðatækni frá því að hann dvaldi í Svíþjóð árið 1938.

Fjórða starfsár skólans var veturinn 1946, og voru nemendur þá tólf, fimmta árið 1947 voru nemendur tíu, sjötta árið 1948 voru nemendur ellefu. Aðstaða í hinum nýja skála félagsins var á ýmsan hátt frumstæð fyrstu árin miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag, en þá gerði ungt fólk minni kröfur um aðbúnað en nú eru gerðar. Það þótti mikil framför, þegar félagið festi kaup á lítilli rafstöð veturinn 1948, og var skálinn raflýstur áður en skíðaskólinn hóf starfsemi sína sjötta veturinn, en fram að þeim tíma hafði eingöngu verið notazt við lampaljós. Einnig voru settir upp tveir olíuofnar, svo að upphitun skálans komst í viðundandi horf.

Sjöunda starfsár skólans hófst 21. febrúar og lauk 18. apríl 1949, og voru nemendur þá fimmtán talsins, sem var mesta þátttaka frá upphafi. Áður en skólastarfið hófst var reist viðbygging við norðurenda skálans eftir teikningu Chr. Högh Nielsen, verkfræðings bæjarins. Í kjallara viðbyggingarinnar var komið fyrir miðstöð, vatnssalerni, skíðageymslu og matargeymslu, en uppi voru tvö góð herbergi, gangur, vatnssalerni og sturtubað. Einnig voru gerðar smávægilegar breytingar á eldri hluta skálans. Formaður skálanefndar á þessum tíma var Guðmundur Sveinsson, og kom það í hlut hans

Fossavatnsganga 1938. Sigurður Jónsson, Gísli B. Kristjánsson, Páll Jörundsson, Halldór Sveinbjörnsson, Magnús H. Kristjánsson, óþekktur.

að standa fyrir breytingunum. Félagið hlaut nú í fyrsta skipti styrk frá Félagsheimilasjóði, sem nam 2/5 hlutum af framkvæmdakostnaði og létti það mjög fjárhagsróðurinn. Skíðaskólinn var nú orðinn stolt félagsins og beindist orka félagsmanna að verulegu leyti að því að skapa skólanum sem beztan aðbúnað og starfsskilyrði.

Þennan vetur starfaði við skólann sænskur göngukennari, Axel Wikström og kenndi hann nemendum göngutækni og ekki síður meðferð skíða og skíðaáburðar. Wikström var gamalreyndur göngukappi og hafði verið í liði Svía á Olympíuleikunum í Garmisch Partenkirchen í Þýzkalandi 1936 og hlotið silfurverðlaun í 50 km göngu. Áttunda starfsárið hófst 25. febrúar og stóð til 25. marz 1950, og voru nemendur þá ellefu talsins. Árið 1951 voru sextán nemendur, sem var mesta þátttaka frá upphafi. Aðalkennari skólans eins og áður var Guðmundur Hallgrímsson, en einnig kenndi norski skíðakennarinn Joh. Tenmann skíðagöngu í þrjá

Ólafur Guðmundsson.

Kjartan J. Jóhannsson.

Páll Jónsson.

Guðmundur Sveinsson.

Tryggvi Þorsteinsson.

tíma á dag. Hann kom svo aftur til landsins um haustið og þjálfaði væntanlega þátttakendur Íslands fyrir Olympíuleikana í Oslo 1952 og fylgdi þeim eftir til Noregs. Tíunda og seinasta starfsár skólans veturinn 1952 voru níu nemendur í skólanum, en auk þess dvöldu þar skemmri tíma fjórir Skíðafélagsmeðlimir við skíðaæfingar. Guðmundur Hallgrímsson var aðalkennari eins og fyrr, en mötuneyti skólans annaðist Jón Guðmundsson matsveinn.

Á stjórnarfundi félagsins 24. febrúar 1953 var upplýst, að mjög fáar umsóknir hefðu borizt um þátttöku í skólanum enn sem komið væri, en ákveðið var að auglýsa skólann aftur og vinna að því að fá fleiri umsóknir, til þess að hægt væri að starfrækja skólann sem fyrr. Aðeins höfðu fjórir eða fimm sótt um skólavist og sumir þeirra með fyrirvara, þegar skólastarf átti að hefjast. Því var ákveðið að fella skólahald niður þennan vetur, þó að öllum þætti það miður.

Það var svo á pálmasunnudag 29. marz 1953, að þeir Helgi Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson, báðir fyrrv. formenn félagsins, komu að skálanum, sem þá var rústir einar. Daginn áður og um nóttina hafði geisað hér vonzkuveður með mikilli fannkomu. Snjóflóð hafði þá fallið úr fjallinu fyrir ofan skálann og mölbrotið, svo að hann var nú rústir einar. Sú harmsaga verður ekki rakin hér en vísast til frásagnar

Stjórn Skíðafélags Ísafjarðar 1948. Frá vinstri: Guðrún Gunnarsson, Helgi Guðmundsson, Guttormur Sigurbjörnsson, formaður, Guðbjarni Þorvaldsson og Sigurður Jónsson.

Helga Guðmundssonar á öðrum stað í þessu blaði. Óneitanlega hljótum við að leiða hugann að því, hvort hér hafi guðleg forsjón ráðið. Sjaldan slíku vant var enginn í skálanum þessa helgi – enginn í útilegu – og í fyrsta sinn í tíu ár bárust svo fáar umsóknir um skólavist, að ekki var hægt að starfrækja skólann. Hefði skólinn verið starfandi og fjöldi fólks verið þar búsett er óhugsandi annað, en dauðaslys hefði orðið. Það var því ekki óeðlilegt, þó að menn veltu því fyrir sér á þessum tíma, hvort hér hafi guðleg forsjón ráðið, æðri máttarvöld hafi komið til hjálpar og afstýrt stórslysi.

Á fimmta áratugnum varð Stórurðin vinsælt

Skíðagöngufólk um 1939. (Skjalasafnið Ísafirði)

æfingasvæði ísfirzkra svigmanna. Snjóþyngsli voru mikil vetur eftir vetur og þá var ekki verið að moka daglega upp á Seljalandsdal. Því óx mönnum í augum að ganga með skíðin á bakinu frá Grænagarði eða jafnvel úr bænum upp á Seljalandsdal og byrja síðan á að troða svigbraut, þegar uppeftir kom. Dagurinn fór því að miklu leyti í ferðalög fram og aftur. Sumarið 1946 lét Skíðafélagið því koma fyrir rafmagnslýsingu í Stórurð. Lagður var jarðstrengur að svæðinu og settir upp nokkrir staurar og ljóskastarar, sem lýstu svigbrautina í Stórurð upp á kvöldin. Var þessi aðstaða mjög vinsæl, þar sem hún gerði skólafólki og öðrum bæjarbúum kleift að stunda æfingar, þó að skuggsýnt væri orðið. Stórurðin var eftir þetta mjög vinsælt æfingasvæði hjá svigmönnum um langt árabil. Þegar Skíðamót Íslands var haldið á Ísafirði veturinn 1951 fóru flestar svigkeppnirnar fram í Stórurð, og hefir sennilega aldrei jafn mikill fjöldi bæjarbúa fylgzt með skíðamóti á Ísafirði eins og þá. Árið 1954 ákvað stjórn Skíðafélagsins að afhenda Skíðaráði Ísafjarðar eignir sínar í Stórurðinni, þar sem það var orðið ofviða fjárhag félagins að halda þessari aðstöðu við samhliða byggingu nýja skíðaskálans á Seljalandsdal.

Skíðaráð Ísafjarðar tekur til starfa og skátar hætta þátttöku í skíðakeppnum

Veruleg breyting varð á verkefnum Skíðafélagsins, þegar Íþróttabandalag Ísfirðinga var stofnað 1944. Í kjölfar þess var stofnað Skíðaráð Ísafjarðar, sem skyldi fara með yfirstjórn skíðamóta, sem hér yrðu haldin í framtíðinni, og gerðist Skíðafélagið aðili að þessum samtökum. Landsmót skíðamanna var haldið á

Nemendur Skíðaskólans árið 1946 gera sér glaðan sólskinsdag á verönd skíðaskálans. (Ljósm. Karl Salómonsson)

Skíðaskólanemendur bera undir skíði sín vorið 1946. (Ljósm. Karl Salómonsson

Ísafirði öðru sinni árið 1945, og var það undir stjórn Skíðaráðs Ísafjarðar. Félagar Skíðafélagins, kennari skíðaskólans og nemendur hans unnu mikið að undirbúningi mótsins, og Skíðafélagið léði Skíðaráðinu afnot skálans og skíðalandsins. Samið var um, að þátttökugjöld keppenda fengi Skíðaráðið, en hagnaður af skíðavikumerkjum skiptist þannig, að Skíðafélagið fékk 70%, en Skíðaráðið 30%. Sú breyting varð einnig, að Ísfirðingar, sem kepptu á Skíðamóti Íslands, kepptu undir merkjum Skíðaráðs Ísafjarðar en ekki síns félags. Á Skíðamóti Vestfjarða og hliðstæðum mótum keppti hver og einn undir merkjum síns félags, eins og áður.

Skátafélagið Einherjar hafði allt frá stofnun félagins 1928 lagt mikla áherzlu á skíðaiðkun og verið þátttakandi í öllum skíðamótum, sem Ísfirðingar tóku þátt í. Tveir af helztu leiðtogum íþróttahreyfingarinnar, Gunnar Andrew og Tryggvi Þorsteinsson, voru jafnframt leiðtogar skáta á Ísafirði á þessu tímaskeiði. Einherjar áttu um árabil á að skipa mörgum beztu skíðamönnum landsins. Veturinn 1945 tóku tíu Einherjar þátt í Skíðamóti Vestfjarða og lauk þar með þátttöku félagsins í opinberum skíðamótum. Einn af keppendum Einherja var Haukur Þ. Benediktsson, sem jafnframt var formaður Knattspyrnufélagsins Harðar. En eins og áður er komið fram, hafði Hörður fram að þessu sýnt skíðaíþróttinni nokkuð tómlæti og Harðverjar kepptu yfirleitt fyrir Einherja á skíðum. Á aðalfundi Einherja haustið 1945 var samþykkt, að félagið segði sig úr Íþróttasambandi Íslands. Var það gert með hliðsjón af ályktun, sem gerð var á aðalfundi Bandalags íslenzkra skáta árið áður, þar sem þess var óskað, að skátafélögin taki ekki þátt í opinberum kappmótum.

Þessi ákvörðun Einherja olli á ýmsan hátt straumhvörfum. Flestir Einherjarnir voru einnig félagar í Knattspyrnufélaginu Herði og kepptu fyrir Hörð í sumaríþróttum. Það lá því beint við, að þeir kepptu einnig fyrir Hörð í vetraríþróttum. Það gekk eftir. En Hörður átti engan skála né aðra aðstöðu fyrir félagsmenn sína. Í ársbyrjun 1946 ritaði Skíðanefnd Harðar bréf til Skíðafélagsins, þar sem hún tilkynnti félaginu, að hún hafi „ákveðið að fara þess á leit við háttvirta bæjarstjórn Ísafjarðar, að hún rifti samningi þeim, sem hún gerði á sínum tíma við félag yðar um umráðarétt yfir skíðalandinu á Seljalandsdal.“ Í niðurlagi bréfsins er til þess mælzt, að stjórn Skíðafélagsins hafi frumkvæði að uppsögn samningsins, svo að krafa félagsins þurfi ekki að koma til framkvæmda. Bréf þetta kom illa við Skíðafélagsmenn, og bentu þeir á, að félagið hafi komið í veg fyrir, að Seljalandsdalur yrði ónothæfur sem skíðaland. Hestaeigendur á Ísafirði hefðu verið búnir að ákveða að nota dalinn sem beitiland og afrétti fyrir hesta sína – með samþykki bæjarstjórnar – og höfðu í hyggju að setja upp gaddavírsgirðingar á dalnum vegna hestageymslunnar. Þessi áform hafi Skíðafélagið komið í veg fyrir með samningi sínum. Í framhaldinu óskaði Skíðadeild

Kennarar og nemendur Skíðaskólans 1949. Fremri röð f.v.: Kristleifur Þorsteinsson frá Húsafelli, Sólveig Jónsdóttir, Reykjavík, Karólína Guðmundsdóttir, Ísafirði, Oddur Pétursson, Ísafirði, Guðmunda Guðmundsdóttir, Ísafirði, Páll Guðfinnsson , Patreksfirði. Efri röð f.v.: Guðmundur Hallgrímsson, kennari frá Grafargili, Axel Vikström, kennari frá Svíþjóð, Sigurður R. Guðjónsson, Reykjavík, Haukur Berg, Svalbarðsströnd Eyjafirði, Sveinn Davíðsson, Patreksfirði, Arnþór Magnússon, Reyðarfirði, Gunnar Pétursson, Ísafirði, Hreinn Þ. Jónsson, Ísafirði og Guðmundur Halldórsson, Ísafirði.

Frá göngukeppni í Tungudal um 1956. F.v.: Bragi Ólafsson, Ingólfur B. Eyjólfsson, tveir óþekktir, Guðmundur Agnarsson, Kristján R. Guðmundsson, Magni Ö. Guðmundsson, fjórir óþekktir.

Harðar eftir leyfi bæjarstjórnar til að byggja skíðaskála á Seljalandsdal. Það leyfi fékkst ekki, þar sem samningur bæjarsjóðs og Skíðafélagsins var ennþá í gildi. Fékk þá Skíðadeild Harðar leyfi Halldórs Jónssonar í Tungu til að byggja skála í landi Tungu fyrir framan Buná. Allt þetta mál átti eftir að draga langa drögu og verður það ekki rakið hér. Óneitanlega olli það miklum núningi milli félagsmanna þessara tveggja félaga á löngu árabili. Eftir á að hyggja varð það e.t.v. til að skapa heilbrigða samkeppni milli félaganna, sem varð skíðaíþróttinni til framdráttar. Skíðafélagið lagði aukna áherzlu á þjálfun keppnismanna sinna og átti um langt árabil marga af beztu skíðamönnum landsins.



Ungur keppandi í Stórurð einhvern tímann í kringum 1950. (Skjalasafnið Ísafirði)

Skíðafélagið 1947–1960

Á aðalfundi félagsins í ársbyrjun 1947 var Guttormur Sigurbjörnsson sundhallarforstjóri kosinn formaður félagsins og með honum í stjórn Helgi Guðmundsson, Guðbjarni Þorvaldsson. Kjartan J. Jóhannsson og Böðvar Sveinbjarnarson. Árið eftir var Iðunn Eiríksdóttir kosin í stjórn í stað Kjartans og á næsta ári voru Einar B. Ingvarsson og Guðrún Gunnarsson kosin í stjórnina í stað Böðvars og Iðunnar. Störf þessarar stjórnar miðuðu fyrst og fremst að því að bæta aðstöðuna í skíðaskálanum og byggja upp Skíðaskólann, eins og áður er komið fram.

Á aðalfundi í árslok 1949 var Guðbjarni Þorvaldsson mjólkurbústjóri kosinn formaður félagsins. Á fundinum var samþykkt að fjölga stjórnarmönnum í 7 og hlutu þessir kosningu: Sigurður Jónsson, Guðmundur Helgason, Gísli Kristjánsson, Guðrún Gunnarsson, Þorleifur Guðmundsson og Helgi Guðmundsson. Árið eftir var Guttormur Sigurbjörnsson kosinn í stjórnina í stað Guðrúnar, sem var flutt úr bænum. Í ársbyrjun 1952 var Einar B. Ingvarsson og Guðmundur Sveinsson kosnir í stjórnina í stað Gísla og Guðmundar Helgasonar. Á aðalfundi félagsins 1953 var Aðalbjörn Guðmundsson, verzlunarmaður kosinn í stjórnina í stað Þorleifs Guðmundssonar, sem var fluttur úr bænum. Á fundinum var Þorleifur kosinn heiðursfélagi fyrir langt og gott starf í þágu félagsins.

Eins og áður er komið fram eyðilagðist skáli Skíðafélagsins í snjóflóði veturinn 1953. Það kom í hlut Guðbjarna Þorvaldssonar sem formanns og meðstjórnarmanna hans að hefja uppbyggingarstarf í félaginu og reisa nýja skála. Það var ekki auðvelt verk og kallaði samstiltan vilja stjórnarmanna og annara félagsmanna eins og síðar verður vikið að .

Litlar breytingar urðu á stjórn félagsins næstu árin. Á aðalfundinum 1955 var Óli J. Sigmundsson kosinn í stjórnina í stað Guttormur Sigurbjörnssonar og árið 1956 var Árni Höskuldsson kosinn í stað Helga Guðmundssonar, sem var fluttur til Reykjavíkur. Stjórnin var síðan endurkjörin árið 1957 og 1958, en árið 1959 var Jónína Jakobsdóttir kosin í stjórnina í stað Árna Höskuldssonar, sem var fluttur úr bænum. Sú stjórn var endurkosin á aðalfundinum 1960, sem var seinasta formannsár Guðbjarna Þorvaldssonar, en meðstjórnarmenn hans voru Einar B. Ingvarsson, Guðmundur Sveinsson, Jónína Jakobsdóttir, Sigurður Jónsson, Aðalbjörn Guðmundsson og Óli J. Sigmundsson.

Nýr skíðaskáli byggður á Seljalandsmúla

Stjórn Skíðafélagsins var ákveðin í að hefjast strax handa við byggingu nýs skíðaskála, þrátt fyrir þröngan fjárlag. Samvinnutryggingar samþykktu að greiða félaginu 50% af vátryggingarverðmæti innbúsins, en Brunabótafélag Íslands neitaði algjörlega að greiða vátryggingarfé gamla skálans, þar sem hann hefði ekki skemmst í eldi. Félagið stóð því uppi eignalaust með 20 þús. króna víxilskuld, sem tryggð var með persónuábyrgð stjórnarmanna. Hins vegar átti félagið óhafinn styrk frá Íþróttasjóði út á viðbygginguna gamla skíðaskálans frá 1949–1950. Þrátt fyrir þetta voru stjórnarmenn ákveðnir að láta ekki deigan síga. Hugmyndir komu fram um að byggja nýja skálann upp á sama stað, svo að hægt væri að nýta gamla grunninn og fleira úr gamla skálanum. Það var þó talið óráð vegna snjóflóðahættu. Ákveðið var, að velja honum stað, þar sem ekki væri hætta á að snjóflóð rynni. Urðu menn fljótlega sammála um, að velja honum stað á múlabrúninni, rétt neðan við Skíðheima-skálann gamla. Einnig urðu stjórnarmenn fljótlega sáttir um að byggja ekki úr timbri, heldur steypa grunn og hlaða nýja skálann úr steini. Þennan vetur var togarafélagið Ísfirðingur hf. að láta steypa Vibro-stein í væntanlega byggingu félagsins við Suðurgötu. Var fljótlega afráðið að semja við félagið og fá slíkan stein í væntanlega skálabyggingu. Teikning eftir Hannes Davíðsson arkitekt að nýjum skála var kynnt á félagsfundi 5. ágúst 1953. Var hún samþykkt og „ákveðið að hefjast handa um byggingu af krafti miklum hið bráðasta.“ Stærð hins nýja skála var ákveðin 24½ x 8½ mtr., en kjallari 8x8 mtr. Í stuttu máli má segja, að ötull orka stjórnarmanna hafi farið í að afla fjár til skálabyggingarinnar næstu árin og þoka framkvæmdum áfram eftir því sem fjárhagurinn leyfði hverju sinni. Helztu tekjulindir félagsins voru hagnaður af skíðavikunni og jóladansleikjum félagins, en einnig efndi félagið til happdrættis fyrir skálabygginguna. Þó að ýmsum þætti hægt miða, miðaði þó alltaf í áttina. Þá

Skíðheim

reynist o
stjórn fél
blásnum
að halda
efninu og
Grunn
1953, en
við að hl
yfirstjórn
sjálfboða
var lokiđ
Mikil sjá
inguna,
þar drýgs
við byg
stjórnarm
minna.
ins akstu
Árið efti
húsið m
járnklætt
Stjórnað
verki. F
hluta sk
Með þes
skálann
skíðavik
skálanu
eyðilagð

Hugu
starfræk
því varð
einnig s
að leigja
en það r
og hefði
annað sa
mönnun
missi sk
Guðmun
og leikja
við skála
stórt sva
fundi hr
að koma

Skíðheimar III.

Unnið við byggingu Skíðaheima III. Til hægri er Margeir Kristjánsson, í dyrunum stendur Óli J. Sigmundsson og til vinstri er Guðmundur Helgason. (Ljósm. Oddur Pétursson)

reynist oft örðugt að viðhalda áhuganum, en stjórn félagsins á þessum árum tókst með innblásnum hvatningaræðum á hverjum aðalfundi að halda vakandi áhuga félagsmanna fyrir verkefninu og missti aldrei sjónar á markmiðinu.

Grunnur nýja skálans var steyptur upp haustið 1953, en síðan tók Jón Magnússon á Seljalandi við að hlaða skálann upp og hafði hann daglega yfirstjórn með verkinu. Vann hann hluta þess í sjálfboðavinnu. Verkið sóttist fljótt og vel og var lokið við að klæða þakið 10. nóvember. Mikil sjálfboðavinna var lögð fram við bygginguna, og voru stjórnarmenn Skíðafélagsins þar drýgstir, en alls lögðu 48 aðilar fram vinnu við bygginguna. Var vinnuframlag hvers stjórnarmanns frá 120–250 stundir, en annarra minna. Einnig gáfu fjölmargir velunnar félagsins akstur með starfslið og við flutning á efni. Árið eftir var áfram unnið við skálabygginguna, húsið múrhúðað og steyptur reykháfur, þakið járnklætt og lokið við allan frágang utan húss. Stjórnaði Jón Magnússon á Seljalandi áfram verki. Fyrir skíðavikuna 1955 var sett gólf í ¾ hluta skálans og miðstöð í suðurhluta hans. Með þessum framkvæmdum var hægt að nota skálann fyrir kvöldvökurnar, en kvöldvökur skíðavikunnar höfðu verið haldnar í Harðarskálanum tvö seinustu árin, síðan skáli félagsins eyðilagðist í snjóflóðinu.

Hugur margra félagsmanna stóð til þess að starfrækja skíðaskólann veturinn 1954, en af því varð ekki, aðallega vegna snjóleysis, en einnig sóttu fáir um skólavist. Áformað að var að leigja Birkihlíð, skólasel Gangfræðaskólans, en það reyndist einnig ýmsum annmörkum háð og hefði orðið of kostnaðarsamt. Ekki verður annað sagt, en að hugur hafi verið í Skíðafélagsmönnum á þessum tíma, þrátt fyrir áfallið við missi skálans. Á aðalfundi félagsins 1955 lagði Guðmundur Sveinsson fram uppdrátt að íþróttaog leikjasvæði á múlanum, neðan og innanvert við skálann. Taldi hann æskilegt að slétta þarna stórt svæði til ýmissa íþróttaiðkana. Á sama fundi hreyfði Sigurður Jónsson þeirri hugmynd, að koma upp skíðalyftu í hlíðinni ofanvert við skálann. Lagði hann áherzlu á, að þegar lagður yrði jarðstrengur að skálanum næsta sumar yrði jafnhliða lagður jarðstrengur upp að skíðabrekkunni fyrir væntanlega lyftu og lýsingu.

Tuttugu ára afmælis félagsins var minnzt með afmælishófi í Templarahúsinu laugardaginn 6. marz 1954. Þar voru þrír af stofnendum félagins gerðir heiðursfélagar. Það voru þeir Ólafur Guðmundsson forstjóri, Guðmundur Jónsson frá Mosdal, tréskurðarmeistari og Páll Jónsson verzlunarmaður. Þeir höfðu allir verið í forystusveit félagsins frá stofnun þess, mótað störf þess og tilveru og Ólafur og Páll gegnt þar formennsku rúmlega helminginn af starfstíma félagsins. Áður hafði félagið kjörið þrjá heiðursfélaga, þá Lúðvík Guðmundsson skólastjóra, Salómon Hafliðason húsvörð barnaskólans, og Þorleif Guðmundsson skrifstofustjóra. Allir áttu þeir langt og farsælt starf að baki. Helgi Guðmundsson bakarameistari flutti til Reykjavíkur 1955. Á aðalfundi félagins árið eftir var einróma samþykkt að gera hann að heiðursfélaga. Helgi var einn þeirra sem unnu að byggingu Skíðheima 1931 og hafði unnið ötullega að uppbyggingu skíðaíþróttarinnar á Ísafirði í aldarfjórðung, þegar hann flutti til Reykjavíkur.

Í afmælishófinu tilkynnti Jón Guðjónsson bæjarstjóri, að bæjarstjóður Ísafjarðar hefði ákveðið að gefa félaginu 18 þúsund krónur í afmælisgjöf. Félaginu bárust einnig fjölmargar aðrar gjafir, sem sýndu vel þann hlýhug sem bæjarbúar og aðrir báru til félagsins. Þar á meðal var eitt þúsund króna gjöf frá Gunnari Þorleifssyni forstjóra Félagsbókbandsins í Reykjavík, en hann var nemandi á Skíðaskólanum 1943, fyrsta veturinn sem skólinn starfaði.

Skíðafélag Ísafjarðar eftir 1960

Á aðalfundi Skíðafélagsins í júní 1960 baðst Guðbjarni Þorvaldsson undan endurkjöri, en hann hafði þá gegnt formennsku í rúman áratug,

Keppendur í svigi á Seljalandsdal um 1963. F.v.: Stígur Arnórsson, Finnum M. Finnsson, Brynjar Ástvaldsson, Bjarni Hauksson, Albert Guðmundsson, Jóhannes B. Jóhannsson, Þórir Ragnarsson.

Skíðalandsmót á Seljalandsdal 1939. (Skjalasafnið Ísafirði)

Martha Árnadóttir (3. f.h.) fyrsti Íslandsmeistari kvenna í svigi. (Skj. Ísaf.)

frá árinu 1949. Mjög hafði mætt á honum í sambandi við endurbyggingu skálans, en nú var því starfi að mestu leyti lokið og skálinn tilbúinn til afnota. Á fundinum voru honum þökkuð mikil og vel unnin störf. Formaður var síðan kosinn Magnús Aspelund skrifstofumaður, en aðrir stjórnarmenn voru allir endurkosnir. Á aðalfundinum 1962 var Birgir Valdimarsson kosinn í stjórnina í stað Aðalbjörns Guðmundssonar, en að öðru leyti var stjórn félagsins óbreytt.

Vorið 1963 tók Guðmundur Sveinsson varaformaður félagsins við formennsku þess, þar sem Magnús Aspelund var fluttur úr bænum. Á aðalfundi félagsins í ársbyrjun 1964 var Guðmundur svo kosinn formaður, en með honum í stjórn Einar B. Ingvarsson, Óli J. Sigmundsson, Sigurður Jónsson, Árni Guðbjarnason, Helga Aspelund og Birgir Valdimarsson. Boðað var á ný til aðalfundar í árslok 1964, og voru þá kosnir í stjórnina Örnólfur Þorleifsson og Guðmundur Ágústsson í stað Helgu og Birgis. Var stjórnin óbreytt næstu tvö árin.

Aðalfundur félagsins var haldinn í árslok 1966. Þar var Guðmundur Sveinsson endurkosinn formaður og aðrir stjórnarmenn, nema Örnólfur Þorleifsson, en í hans stað var kosinn Gylfi Gunnarsson bæjarritari. Litlar breytingar urðu á stjórn félagsins næstu árin. Á aðalfundi félagsins í ársbyrjun 1968 var Hafsteinn Sigurðsson kosin í stjórnina í stað Guðmundar Ágústssonar, en hann kom aftur í stjórnina á aðalfundi 1969 í stað Einars B. Ingvarssonar, sem var fluttur úr bænum. Á aðalfundi 1970 var Jón Guðlaugur Magnússon bæjarritari kosinn í stjórnina í stað Gylfa Gunnarssonar. Árni Guðbjarnason varaformaður félagsins lézt af slysförum 3. marz 1971. Hann hafði þá um árabil verið hægri hönd Guðmundar Sveinssonar við uppbygginguna á Seljalandsal. Var hans minnzt á aðalfundi félagsins 12. marz og honum þakkað frábært starf fyrir félagið um langt árabil. Í hans stað í stjórnina var kosinn Jón Ólafur Sigurðsson. Á aðalfundi 1972 var Óli Lúðvíksson kosinn í stjórnina í stað Jóns Guðlaugs Magnússonar, sem var fluttur úr bænum. Félagið fagnaði fjörutíu ára starfi með hófi í Skíðheimum 7. júní 1974. Áður en gengið var til borðshalds var haldinn aðalfundur félagins. Formaður félagsins í rúman áratug, Guðmundur Sveinsson, baðst þá undan endurkosningu. Var honum þakkað mikið og farsælt starf. Formaður var kosinn Guðmundur Ágústsson húsamíðameistari og með honum í stjórn félagsins Jón Ólafur Sigursson, Sigurður Jónsson, Óli Lúðvíksson, Hafsteinn Sigurðsson, Guðmundur Sveinsson og Óli J. Sigmundsson.

Reynt að endurvekja Skíðaskólann

Þegar skíðaskálinn var kominn í notkun, höfðu forráðamenn félagsins mikinn hug á að endurvekja starfsemi skíðaskólans með sama hætti og áður var, þó að margt hefði breytzt á þessu tímaskeiði. Skíðaskólin tók til til starfa á ný á árinu 1961 og var Haukur Ó. Sigurðsson prentari ráðinn aðalkennari skólans, en ráðskona var Jóhanna Hálfdánardóttir eiginkona hans. Þau sáu einnig um starfsemi skíðaskólans veturinn 1962. Formaður skólanefndar var þá



Keppendur á Skíðalandsmóti á Seljalandsdal árið 1939. (Skjalasafnið Ísafirði)

Sigurður Jónsson, en á aðalfundinum 1962 baðst hann undan endurkjöri og var Guðmundur Sveinsson þá kosinn formaður skólanefndarinnar og gegndi henni næstu árin. Íþróttasjóður hefir styrkt starfsemi skólans, en til þess að svo geti orðið eftirleiðis taldi íþróttafulltrúi nauðsynlegt að fleiri nemendur útskrifuðust með kennararéttindi frá skólanum

Næsta starfstímabil skíðaskólans var veturinn 1964 og var Gunnar Pétursson bifreiðastjóri þá aðalkennari. Hann veitti skólanum aftur forstöðu veturinn 1966. Skólinn hófst þá 28. febrúar. Engir nemendur sóttu um skólavist, og var því efnt til almennrar skíðakennslu í Stórurð. Þessi námskeið sóttu yfir 200 unglingar.

Skíðaskólinn starfaði frá 1. marz 1967. Kennarar voru Gunnar Pétursson, Hafsteinn Sigurðsson og norskur skíðakennari Idar Dal, sem kenndi skíðagöngu. Fastir nemendur voru ekki, en nemendur barna- og gagnfræðaskólans sóttu daglega kennslu. Þá dvaldi Árni Guðmundsson, skólastjóri Íþróttaskólans á Laugavatni með nemendur sína í 8 daga við æfingar og kennslu. Árið 1968 var skólinn starfræktur eins og árið áður, og var Hafsteinn Sigurðsson þá kennari. Árið eftir var skólinn starfrækur með sama sniði, en þá annaðist Haukur Ó. Sigurðsson kennsluna. Hún miðaðist eingöngu við dvalargesti og börn, er upp eftir komu. Skíðavikan var að venju haldin um bænadagana 1969. Þá komu átta Grænlendingar í heimsókn til Ísafjarðar og gistu þeir í skíðaskálanum yfir páskana. Efnt var til skíðamóts, þar sem þeir kepptu við Ísfirðinga.

Veturin 1970 var seinasti veturinn, sem skólinn var starfrækur. Þá voru kennarar tveir, Haukur Ó. Sigurðsson og Ingvar Einarsson íþróttakennari. Þá dvöldu nemendur Íþróttaskólans á Laugavatni í tíu daga við æfinar, sem var liður í námi þeirra. Það bar einnig til tíðinda þann vetur, að efnt var til landskeppni við Skota á Seljalandsdal.

Það virtist á þessum tíma nokkuð einsýnt, að vegna breyttra þjóðfélagshátta væri ekki grundvöllur fyrir rekstri skíðaskóla með sama sniði og hann hafði verið rekinn á fimmta áratugnum. Það var því skoðun margra stjórnarmanna, að félagið ætti heldur að auglýsa skíðakennslu í stað skóla. Bezt færi á því, að menn gleymdu skólahugmyndinni. Hún væri ekki raunsæ lengur.

Margvíslegar endurbætur voru gerðar á skálanum á þessum árum, eftir því sem fjárhagur félagsins leyfði, og sumarið 1965 var skíðaskálinn rekinn sem sumargististaður undir stjórn Örnólfs Þorleifssonar. Þessi rekstur gekk mjög vel og nutu 330 manns gistingar, en yfir 600 manns keypti sér veitingar. Sumurin 1966 og 1967 var skálinn einnig rekinn sem sumargististaður í júlí og ágúst, og var aðsókn svipuð og árið áður. Næstu sumur tók að draga úr eftirspurn eftir gistingu og varð þessi rekstur erfiðari með ári hverju. Formaður félagsins ræddi oftlega á fundum félagsins um framtíðarverkefni þess á Seljalandsdal og nauðsyn þess að byggja golfvöll á Múlanum. Ekki verður sagt, að sú hugmynd hans hafi fengið almennar undirtekir á þessum tíma, en meiri áhugi virðist vera vaknaður fyrir því að koma upp skíðalyftu á Seljalandsdal. Stjórnarmenn virtust þó flestir þeirrar skoðunar, að það verkefni væri ofviða fjárlagslegri getu Skíðafélagins og töldu nauðsynlegt, að stofnað yrði hlutafélag um það verkefni. Á stjórnarfundi á föstudaginn langa 1966 var mættur Kristinn Benediktsson til viðræðna við stjórnina um þetta mál. Taldi hann, að bezti staðurinn fyrir skíðalyftu væri upp Kvennabrekkuna upp á móts við Gullhól, en þar mætti koma fyrir 1500 metra langri lyftu. Skíðalyftumálið var rætt fram og aftur á fundum árið 1966. Miklar breytingar og framfarir voru á ýmsum sviðum á þessum árum, ekki aðeins breyttist búnaður skíðamanna, heldur var farið að nota meiri tækni við brautalagningu en áður var. Skíðafélagið sá um Fossavatnsgönguna 22. apríl 1967. Þar var tekin upp sú nýlunda að leggja brautina með vélsleða, „var það mikið hagræði." Í ræðu sinni á aðalfundi Skíðafélagsins 19. janúar 1968 komst formaður félagsins, Guðmundur Sveinsson þannig að orði: „Ekki verður skilið svo við þessi ófullkomnu orð, að ekki sé minnst á skíðalyftuna, sem nú er orðin að veruleika og tekin í notkun. Ég vona, að sú framkvæmd verði til mikillar aukningar á skíðaferðum og annað er ekki síður mikilvægt, auki félagsanda og framfarahug og stuðli að frekari framkvæmdum á dalnum. Í því sambandi er nauðsynlegt að vinna að því að frá nýjan veg þangað, því að lyftan kemur ekki að fullum notum, nema að svo verði. Að því verður að vinna, að koma veginum í þjóðvegatölu. Þá sjá allir að *Skíðheimar* eru eins og þeir eru nú ófullkomnir og þurfa breytinga. Það verður næsta verkefni okkar, að koma því máli áleiðis." Að ræðu formannsins lokinni vakti Hafsteinn Sigurðsson athygli á nauðsyn þess að kaupa snjótroðara, svo að hægt væri að troða brekkuna við skíðalyftuna.

Það leikur ekki á tvennu, að tilkoma skíðalyftunnar vakti almenna ánægju allra þeirra, sem sóttu dalinn heim. Það kom þó fljótlega í ljós, að frumkvöðlarnir höfðu rétt fyrir sér, að æskilegast væri að öll mannvirki á Seljalandsdal væri í eigu sama aðila, sem einnig sæi um reksturinn. Tvískipt eignaraðild skálans og skíðalyftunnar leiddi fljótlega til núnings milli rekstraraðilanna. Skíðafélagið sá um rekstur skálans, sem fékk minnkandi tekjur, en stjórn skíðalyftunnar hafði tekjur af öllum, sem notuðu lyftuna. Strax á árinu 1969 er farið að ræða í stjórn Skíðafélagsins um samþættingu þessa rekstrar. Þá samþykkir stjórn félagsins, „að óska eftir viðræðum við Í.B.Í. um rekstur skíðamannvirkja á Seljalandsdal." Stjórnarmenn Skíðafélagsins voru á þessum tíma orðnir sannfærðir um, „að sameina þyrfti á einhvern hátt rekstur skíðaskálans og skíðalyftunnar. Á stjórnarfundi félagsins 7. nóvember 1969 var þessi skoðun áréttuð. Þessi umræða hélt áfram næstu árin og leitað var ýmissa leiða, til að koma þessum hugmyndum í framkvæmd. Á stjórnarfundi félagins 31. janúar 1973 var gerð eftirfarandi samþykkt: „Stjórn félagsins er einróma samþykk því, að leigja Í.B.Í. Skíðheima til 2ja ára, gegn því að það taki að sér allan kostnað við húseignina, þar með talið afborganir og vexti af láni hjá Brunabótafélagi Íslands og eðlilegt viðhald hússins." Guðmundi Sveinssyni og Sigurði Jónssyni var veitt fullt umboð til að ganga frá þessum samningi. Næstu árin voru Skíðheimar leigðir Í.B.Í.

Segja má, að hér hafi verið komið að nokkrum vatnaskilum í starfsemi félagsins. Á stjórnarfundi 17. janúar 1976 samþykkti stjórnin að veðsetja skálann vegna kaupa á snjótroðara til tryggingar láni, sem tekið var til kaupanna

Skíðamót á Seljalandsdal 1969. Þarna má sjá Hauk Sigurðsson (t.v.) og bróður hans, Jón Karl Sigurðsson (t.h.) en maðurinn á milli þeirra er líklega Gunnar Steinþórsson rafvirki og tímavörður. (Ljósm. Gunnlaugur Jónasson)

Á Seljalandsdal árið 1969. Þarna sést vel fyrsta skíðalyfta Ísfirðinga sem var 1500 m löng og náði upp á Gullhól.(Skjalasafnið Ísafirði)

hjá Byggðasjóði. Á aðalfundi félagsins 17. október 1978 var svo gerð samhljóða eftirfarandi samþykkt: „Aðalfundur samþykkir að afhenda Í.B.Í. Skíðheima til eignar og afnota og felur stjórninni að ganga formlega frá eigendaskiptum."

Eftirmáli

Skíðafélag Ísafjarðar hefir alla tíð haft nokkra sérstöðu meðal æskulýðs- og íþróttafélaga á Ísafirði. Starfsemi þess hefir frá fyrstu tíð verið helguð uppbyggingu einnar íþróttagreinar og fyrst og fremst verið við það miðuð að skapa Ísfirðingum aðstöðu til að stunda skíðaferðir og útivist. Hér hefir verið reynt að rekja aðdragandann að stofnun félagins og sögu þess fyrstu fjörutíu árin, sem það hefir starfað eftir tiltækum heimildum. Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað af ungu fólki á Ísafirði, sem um árabil hafði notið útivistar við skíðaæfingar á Seljalandsdal. Þetta var ungt fólk með hugsjónir, sem vildi gefa öðrum bæjarbúum kost á að verða einnig þeirrar ánægju aðnjótandi, sem það hafði notið. Ekkert hefir hér verið fjallað um þátttöku félagsins í skíðakeppnum á þessu tímaskeiði og árangra á því sviði. Það væri efni í miklu lengri grein og eftirlátið öðrum.

Það er bæði gagnlegt og gott á tímamótum sem þessum, að líta yfir farinn veg og virða fyrir sér þær þjóðfélagsbreytingar, sem átt hafa sér stað á þessu tímaskeiði. Þegar Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað, var alþjóðleg viðskiptakreppa í heiminum, sem náði með fullum þunga hingað til landsins, víða var mikið atvinnuleysi og Íslendingar voru meðal fátækustu þjóða í Evrópu á þessum tíma. Kreppan setti svip sinn á allt þjóðlífið. Skíði og skíðabúnaður var því ekki með því fyrsta sem fólk keypti sér á þessum árum. Flestir áttu nóg með að afla sér fæðis og klæðis. Forystumenn Skíðafélagsins létu erfitt árferði ekki draga úr sér kjark og hófust þegar handa við uppbyggingu á Seljalandsdal, eins og hér hefir verið rakið. En þeir gerðu meira. Einn af forystumönnum íþróttarinnar, Aðalsteinn Jónsson verzlunarstjóri hóf að flytja inn norsk skíði, skíðavörur og skíðaáburð, svo að Ísfirðingar ættu ávallt kost á því bezta á þessu sviði sem þekktist á Norðurlöndum, og þeir Jón Ólafur Jónsson málarameistari og Salómon Hafliðason húsvörður barnaskólans sáu um viðhald og viðgerðir á skíðabúnaði Ísfirðinga.

Þegar skíðaskálinn var kominn upp, þótti ungu fólki, ekki sízt keppendum sem voru að æfa, ákjósanlegt að geta farið í útilegur í lok skóla- eða vinnuviku og legið við yfir helgina. Það sparaði dýrmætan tíma í ferðir og erfiðan burð á skíðum upp Múlann áður en vegurinn kom. Þá var hægt að fara upp í brekku strax um morguninn til að troða brautina og stunda síðan æfingar allan daginn. Það vakti fæstum hrifningu að vaða upp í klyftir í djúpum snjó frá Seljalandsá upp að skála eftir mikla fannkomu. Skálinn var því kærkominn dvalarstaður og varð annað heimili margra ungra Ísfirðinga á löngu árabili. Þar var einnig aðstaða til að njóta góðra veitinga eða borða nesti sitt, allt eftir óskum hvers og eins.

En tímarnir breytast og tækninni fleygir fram. Íslendingar voru skyndilega orðin ein ríkasta þjóðin í Evrópu og einkabíllinn var orðinn heimilistæki. Vegur var lagður upp að skála og síðan upp að skíðalyftunni, þegar hún kom til sögunnar. Fæstir voru lengur öðrum háðir að komast upp á dal og sú ferð tók aðeins nokkrar mínútur. Nú þurftu menn heldur ekki sjálfir að standa í því að troða brekkurnar eins og áður. Starfsmenn skíðasvæðisins sá um það. Þegar hér var komið sögu varð reynslan sú, að flestum fannst þægilegra að bíða heima meðan starfsmenn skíðasvæðisins voru að troða brekkurnar og skella sér á skíði, þegar því væri lokið. Þannig nýttist tíminn betur, fjölskyldan gat verið lengur saman á skíðum og ekkert kallaði á aðstöðu í skálanum. Hlutverki hans var að stórum hluta lokið. Það er ekki óeðlilegt þó að menn velti fyrir sér á þessum tímamótum, hvort frumherjarnir hafi geta séð þessa þróun fyrir. Á löngu tímabili nýttist skálinn vel yfir sumarmánuðina fyrir gesti sem sóttu Ísafjörð heim, en aukin notkun tjalda, tjaldvagna og fellihýsa dró einnig úr þessari þörf. Þannig breytist allt í tímans rás.

Þegar Skíðafélag Ísafjarðar hafði starfað í fjörutíu ár, var draumur frumherjanna orðinn að veruleika. Skíðaíþróttin var orðin almennings eign. Á góðviðrisdögum þustu hundruð bæjarbúa til fjalla og nutu útiveru við beztu aðstæður, sem þekktust hér á landi. Hér verður látið staðar numið við þessa samantekt og öðrum eftirlátið að taka saman yfirlit um framþróunina næstu þrjátíu árin. Hún er ævintýrilíkust. Á þessum tímamótum minnast Ísfirðingar forystumanna Skíðafélagsins, sem nú eru margir fallnir frá, með þakklæti og virðingu. Þeir ruddu brautina við erfiðar aðstæður og margvíslegt mótlæti.

KUBBUR ehf
VERKTAKAR ÍSAFIRÐI
Grænagarði, 400 Ísafirði • Sími 456 3095 og 456 3751

ELVAR INGASON ehf.
MÁLARAMEISTARI
Sími 561 6204 • Gsm 898 2584

Helgi Guðmundsson

SKÍÐASKÁLINN EYÐILEGGST

Snjóflóðið á Seljalandsdal 29. mars 1953

Síðast í marz hafði snjóað töluvert og safnast í skafla og driftir, ekki var þó fannfergi neitt sérstaklegt - því frekar lítill snjór hafði verið fram að þeim tíma.

Skíðaskólinn sem starfræktur hafði verið síðastliðin 10 ár (frá og með 1943) stöðugt í skíðaskála félagsins, var eins og fyrr auglýstur í blöðum og útvarpi, en aðeins 4 eða 5 höfðu sótt um skólavist og einhverjir þeirra með fyrirvara. Var þetta í fyrsta sinn frá stofnun skólans sem hann gat ekki hafist á venjulegum og ákveðnum tíma.

Upp úr hádegi á pálmasunnudag, 29. marz, fórum við - ég Helgi Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson - á skíðum fram á dal, var þá skafrenningsveður og slæmt skyggni. Daginn áður (laugardaginn 28. marz) hafði verið fannkoma með stormi, sem hélst frameftir nóttu (aðfaranótt pálmasunnudags). Þegar við komum upp á Hrossahjallann sáum við að mikið hvassviðri hafði verið þar undanfarinn dag og nótt, því aðeins í lægðum var nýr snjór, en alls staðar sem hærra bar var rifið af niður í svörð, og lyng, mosi og smásteinar þöktu ójafna fannbreiðuna (upp af „Skíðheima"skálanum).

Vegna þess hve skyggnið var lítið sáum við ekki skíðaskálann af Hrossahjallanum ofarlega, - héldum við nú í áttina að skálanum, og í um 200 mtr. fjarlægð sáum við hann. En hvað var nú þetta! - Hallaðist hann ekki ískyggilega einkennilega niðurávið - við rýndum út í móðuna og sáum að ekki var um að villast, skálinn hallaðist ískyggilega, snaraðist framávið og niðurávið. Nokkrum augnablikum síðar stóðum við hjá norðvesturhorni skálans sem var og störðum orðlausir og höggdofa á eyðileggingunna.

Skíðheimar II. Skálinn var byggður veturinn 1939–1940 en eyðilagðist í snjóflóði vorið 1953. (Skjalasafnið Ísafirði)

Svo að segja samtímis okkur kom hópur skíðamanna 6 til 8 á móti okkur að skálanum, þetta voru Ármenningar og nokkrir skíðafélagsmenn að æfa sig undir landsmótið sem fram átti að fara á Akureyri þá nokkru síðar, höfðu þeir farið fram Tungudal, og komið heim Seljalandsdal.

Stóðum við nú þarna og sáum að aðeins var uppistandandi nýja viðbótarbyggingin að nokkru leyti, gerónýt þó - og skald og snúin, en sökum þess að skálinn stóð í svolitlum halla - og þessi viðbygging á steyptum grunni rösklega 1 mtr. háum, hafði hann varnað því að þessi endi sópaðist út af grunninum sem hinn hluti skálans.

Það sem gerst hafði var í stuttu máli þetta: Kvöldið áður (laugardag) um kl. 10 til 11 (en þá var stórhríð og stormur sem fyrr segir) hafði snjóflóð fallið efst úr gilinu út og upp af skálanum, það lent á hlið hússins og farið gegnum, samtímis hafði stormurinn svift þakinu af skálanum í heilu lagi, snúið því við og þeytt því um 15 metra fram fyrir (inn fyrir) skálann. Lá þakið þar upp í loft nær því óbrotið.

Þessi stóri, vel búni og vistlegi skáli okkar var nú horfinn - að undanskyldu því sem uppi stóð af viðbyggingunni gerónýtt. - Á gólfinu var samanþjappaður ca 1 meters þykkur skafl, þar uppúr stóð múrpípan, brak af eldhúsborðinu, vatnsleiðsla með krana, brotin borð, brotnir bekkir, brotnar kojur, ýmiss konar eldhúsáhöld, flest eyðilögð, brot úr einstaka máttarviðum stóðu

Helgi Guðmundsson.

Ólafur Guðmundsson.

upp úr skriðunni og ofurlítið örlaði á eldavélina.

Stórt svæði fyrir neðan og innan var þakið braki úr skálanum, borð, bekkir, hurðir og gluggar, massonítplötur og panill, hvaðeina sundurmolað og gerónýtt - einstaka borðplata og bekkur heill en lappirnar af borðunum flestar brotnar.

Eftir litla viðdvöl héldu æfingarmennirnir sinni för áfram - hver til síns heima - en við Ólafur „gengum á reka", drógum við það heillegasta af borðum og bekkjum upp að skálarústunum. Í brakinu fann ég útstoppaðan hrútshaus með fallega hringuðum hornum úr salnum og „apótek" úr „Síberíu" fór ég með hvorutveggja upp í kjallara, en hann (undir nýju viðbyggingunni) var óskemmdur og það sem þar var svo sem miðstöð, ljósamótor, salerni, kol o.fl. Einnig þar var góð matargeymsla með hillum og var gengið í hana niður úr eldhúsinu, þar var hrafl af leirtaui, en mest af því var í skápum upp í eldhúsinu sem eyðilagðist allt. Eftir að hafa bjástrað við þetta í skafrenningshríð, fundum við okkur heillegan bekk, bárum hann inn í skíðageymslu og viðgerðarherbergið og nutum hressingar úr bakpoka Ólafs, heitt kakó og brauð.

Þetta mikla og raunalega tjón áttum við þá eftir að upplifa - að sjá þennan stóra og nú orðið vel búna skála okkar í rúst - þetta óskabarn okkar flestra skíðafélagsmanna, sem fjölmargir okkar hafa unnið og nostrað við í flestum frístundum allt frá 1939, stöðugt endurbætt hann og fullkomnað - gælt við hann ef svo mætti segja eins og besta góðvin - og skemmtilegar endurminningar og spaugileg atvik frá þeim árum koma upp í hugann - 23 ára minningar.

- Ólafur og Aðalsteinn heitinn Jónsson byggðu sér fyrsta litla skálann um haustið 1928. Sá skáli brann eftir hálft annað eða tæp tvö ár. Þeir ákváðu strax að byggja annan skála 1930 og við Árvakursfélagar bjóðum þeim (í nafni Árvakurs) aðstoð við endurbygginguna, sem var af þeim fúslega þegin, og skálinn „Skíðheimar" stóð þar fullgerður eftir ótrúlega skamman tíma. -

Þegar ég (sem frá því fyrsta hefi haft umsjón með öllum veitingum í „Skíðheimum" og síðar í okkar stóra skála sem nú er vekk) var á sunnudögum og öðrum helgidögum og fjölmennum skíðavikudögum að skammta unglingum 10 og hæst 15 mín. til að drekka kaffið, og reka þá síðan með harðri hendi út til að rýma fyrir næsta hópi sem beið úti eftir að geta fengið hressingu - og á landsmótinu 1939 þegar við fengum lánað hjá Vestursýslunni stóra alþingishátíðartjaldið (150 manna) sem við reistum á snjóskafli rétt hjá „Skíðheimum" þar sem allar veitingar fóru fram, en allt til þeirra varð að bera og draga upp á dal - og við sem umsjón með þessu höfðum sváfum aðeins með öðru auganu af hræðslu við að missa tjaldið ef eitthvað kulaði, sú hræðsla var ekki ástæðulaus því eina nóttina urðum við að þjóta upp á Múla og fella þetta stóra tjald, og vera svo búinn að reisa það aftur fyrir hádegi næsta dag. Í þá daga taldi maður ekki sporin né erfiðið. - Og þegar svo stóri skálinn okkar komst upp 1939 kunni maður sér ekki læti, svo mikill var sá aðbúnaðarmunur frá því sem var í „Skíðheimum", hér var stórt og bjart eldhús ásamt stórri geymslu með sér





Grunnmynd: Hallvarður Aspelund

inngangi, og gegnum lúgu á hurðinni voru veitingar afgreiddar fram í stóra salinn 6 x 10 metra þar sem var nægilegt af borðum og bekkjum, þar sem stór hópur manna gat setið og notið þess sem fram var reitt, og stöðugt var þetta betra og fullkomnara - vatnsleiðsla - skolpleiðsla - miðstöðvarhitun - raflýsing - útvarp. Það var orðin hrein unun að búa í þessum skála, að hlúa að honum og öllu sem honum viðkom. Hann var stolt okkar skíðafélagsmanna - honum og félaginu höfðum við fórnað flestum okkar frístundum í nær tuttugu ár, - og ég sem að sömu málum starfaði í Umf. „Árvakri" mun lengur.

Vegna skólans (skíðaskólans) vorum við stöðugt að lagfæra og snurfúsa þetta hús okkar, og nú í vetur höfðum við keypt massonítplötur og málningu fyrir nokkur þús. kr. (vinna óreiknuð að venju), klætt loftið í salnum 6x10 mtr. og málað hann, málað allan nýja endann og lakkborið gólfin, klætt með massonít kringum allar kojur og málað það, - þessari margra vikna frístundavinnu var nú lokið, og skálinn var vistlegri og fallegri en nokkru sinni fyrr - en þá dundi tjónið yfir - á svipstundu var þetta stóra og vel búna hús okkar horfið, allt okkar gleðiblandna erfiði að engu orðið sem við höfðum í nær tuttugu ár unnið að - var þá allt þetta unnið fyrir gýg? - Nei, ótal góðar minningar eigum við frá þessum athafnaárum, félagsstörfin hafa þroskað okkur og veitt okkur þá ánægju og heilbrigði í sól og snjó sem endurgreitt hafa allt okkar strit - okkar fúslega framlagða erfiði til eflingar og framdráttar góðu máli. Þessi skáli okkar hefur þegar í nær hálfan annan áratug, - með mikilli prýði innt af höndum það hlutverk sem honum var ætlað, að vera miðstöð fyrir kennslu í skíðaíþróttinni í landinu, - að vísu trúðum við því að hann ætti eftir að gegna þessu hlutverki sínu í marga áratugi enn - sú trú okkar rættist ekki - en við leggjum ekki hendur í skaut, því - „Alltaf má fá annað skip - og annað föruneyti" og fórnfúst starf í þágu góðs málefnis, gerir líf vort auðugra - og gefur því meira gildi.

Hafin mun verða bygging nýs skála á öruggari stað, úr öruggari byggingarefni og mun hann taka við því hlutverki og halda því áfram er sundur brast við eyðileggingu skíðaskálans hinn 28. marz sl.

Við Ólafur höfum lengi setið og látið hugann líða um liðna tíð - að okkur setur hroll, okkur er sannarlega harmur í huga á þessari raunastund. - Við tyllum á okkur skíðunum og röltum móti nepjunni heim á leið.

GUÐLEG FORSJÓN

Sjaldan slíku vant var enginn í skálanum um þessa helgi, 28. og 29. marz, - engin í útilegu - og í fyrsta sinn í tíu ár bárust svo fáar umsóknir um skólann að útlit var fyrir að hann yrði ekki starfræktur. Hefði skólinn starfað og þar af leiðandi fjöldi fólks búið í skálanum, virðist annað óhugsandi en dauðaslys hefði orðið - kom ekki hér guðleg forsjón - æðri máttarvöld okkur til hjálpar og afstýrðu stórslysi? - Ég er fyllilega þeirrar skoðunar.

Helgi Guðmundsson

ÓLYMPÍUFARAR SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

1952 Osló
Ebenezer Þórarinsson
Gunnar Pétursson
Oddur Pétursson
Haukur Sigurðsson
Jón Karl Sigurðsson

1956 Cortina
Einar Valur Kristjánsson
Jakobína Jakobsdóttir
Oddur Pétursson
Steinþór Jakobsson

1960 Squaw Valley
Kristinn Benediktsson

1964 Innsbruck
Árni Sigurðsson
Kristinn Benediktsson

1968 Grenoble
Kristinn Benediktsson

1976 Innsbruck
Sigurður H. Jónsson

1980 Lake Placid
Sigurður H. Jónsson
Þröstur Jóhannesson

1984 Sarajevo
Einar Ólafsson
Guðmundur Jóhannsson

1988 Calgary
Einar Ólafsson

1992 Albertville
Ásta Halldórsdóttir

1994 Lillehamme
Ásta Halldórsdóttir
Daníel Jakobsson

1998 Nagano
Arnór Gunnarsson
Sigríður Þorláksdóttir





ÍSLANDSMEISTARAR SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

Alpagreinar

Alpatvíkeppni karla
1961 Kristinn Benediktsson
1962 Kristinn Benediktsson
1964 Kristinn Benediktsson
1965 Kristinn Benediktsson
1966 Árni Sigurðsson
1968 Hafsteinn Sigurðsson
1974 Hafsteinn Sigurðsson
1975 Hafþór Júlíusson
1977 Hafþór Júlíusson
1978 Sigurður H. Jónsson
1984 Guðmundur Jóhannsson
1985 Guðmundur Jóhannsson
1987 Guðmundur Jóhannsson
1995 Arnór Gunnarsson
1996 Arnór Gunnarsson

Svig karla
1951 Haukur Sigurðsson
1952 Haukur Sigurðsson
1960 Kristinn Benediktsson
1961 Kristinn Benediktsson
1962 Kristinn Benediktsson
1964 Kristinn Benediktsson
1965 Kristinn Benediktsson
1966 Árni Sigurðsson
1968 Hafsteinn Sigurðsson
1974 Hafsteinn Sigurðsson
1977 Hafþór Júlíusson
1978 Sigurður H. Jónsson
1979 Sigurður H. Jónsson
1980 Sigurður H. Jónsson
1985 Guðmundur Jóhannsson
1995 Arnór Gunnarsson
1996 Arnór Gunnarsson

Samhliðasvig karla
1988 Ólafur Sigurðsson
1993 Arnór Gunnarsson
1995 Arnór Gunnarsson

Stórsvig karla
1961 Kristinn Benediktsson
1964 Kristinn Benediktsson
1965 Kristinn Benediktsson
1967 Kristinn Benediktsson
1973 Hafsteinn Sigurðsson
1976 Sigurður H. Jónsson
1977 Einar Valur Kristjánsson
1978 Sigurður H. Jónsson
1983 Guðmundur Jóhannsson
1984 Guðmundur Jóhannsson
1985 Guðmundur Jóhannsson
1988 Ólafur Sigurðsson
1996 Arnór Gunnarsson

Brun karla
1954 Haukur Sigurðsson
1955 Haukur Sigurðsson

Alpatvíkeppni karla (brun/svig)
1951 Haukur Sigurðsson
1955 Haukur Sigurðsson

Stórsvig kvenna
1953 Jakobína Jakobsdóttir
1954 Jakobína Jakobsdóttir
1955 Jakobína Jakobsdóttir
1956 Jakobína Jakobsdóttir
1957 Marta B. Guðmundsdóttir
1958 Marta B. Guðmundsdóttir
1991 Ásta Halldórsdóttir
1992 Ásta Halldórsdóttir
1994 Ásta Halldórsdóttir
1995 Ásta Halldórsdóttir
1996 Sigríður Þorláksdóttir
1998 Sigríður Þorláksdóttir

Svig kvenna
1939 Martha Árnadóttir
1951 Karólína Guðmundsdóttir
1952 Marta B. Guðmundsdóttir
1953 Marta B. Guðmundsdóttir
1954 Jakobína Jakobsdóttir
1955 Jakobína Jakobsdóttir
1956 Jakobína Jakobsdóttir
1957 Jakobína Jakobsdóttir
1958 Marta B. Guðmundsdóttir
1961 Jakobína Jakobsdóttir
1962 Jakobína Jakobsdóttir
1989 Ásta Halldórsdóttir
1990 Ásta Halldórsdóttir
1991 Ásta Halldórsdóttir
1992 Ásta Halldórsdóttir
1994 Ásta Halldórsdóttir
1995 Ásta Halldórsdóttir
1996 Sigríður Þorláksdóttir
1998 Sigríður Þorláksdóttir

Samhliða svig kvenna
1987 Ásta Halldórsdóttir
1989 Ásta Halldórsdóttir
1992 Ásta Halldórsdóttir
1995 Ásta Halldórsdóttir

Alpatvíkeppni kvenna
1961 Jakobína Jakobsdóttir
1989 Ásta Halldórsdóttir
1990 Ásta Halldórsdóttir
1991 Ásta Halldórsdóttir
1992 Ásta Halldórsdóttir
1994 Ásta Halldórsdóttir
1995 Ásta Halldórsdóttir
1996 Sigríður Þorláksdóttir
1998 Sigríður Þorláksdóttir

Brun kvenna
1951 Karólína Guðmundsdóttir
1952 Marta B. Guðmundsdóttir
1954 Jakobína Jakobsdóttir
1955 Jakobína Jakobsdóttir
1956 Marta B. Guðmundsdóttir
1957 Jakobína Jakobsdóttir
1958 Jakobína Jakobsdóttir

Alpaþríkeppni kvenna
1956 Marta B. Guðmundsdóttir
1957 Jakobína Jakobsdóttir

Alpatvíkeppni kvenna (brun/svig)
1951 Karólína Guðmundsdóttir
1952 Marta B. Guðmundsdóttir
1954 Jakobína Jakobsdóttir
1955 Jakobína Jakobsdóttir

Norrænar greinar

Ganga 15–18 km karlar
1938 Magnús H. Kristjánsson
1939 Magnús H. Kristjánsson
1940 Magnús H. Kristjánsson
1961 Matthías Sveinsson
1962 Matthías Sveinsson
1965 Kristján Guðmundsson
1983 Einar Ólafsson
1985 Einar Ólafsson
1986 Einar Ólafsson
1987 Einar Ólafsson
1988 Einar Ólafsson
1992 Daníel Jakobsson
1993 Daníel Jakobsson
1995 Gísli Einar Árnason
2001 Ólafur Th. Árnason
2002 Ólafur Th. Árnason
2003 Ólafur Th. Árnason

Ganga 30 km
1952 Ebenezer Þór
1954 Ebenezer Þór
1955 Oddur Péturs
1957 Árni Höskul
1961 Matthías Sve
1966 Kristján Guð
1967 Kristján Guð
1983 Einar Ólafss
1985 Einar Ólafss
1986 Einar Ólafss
1987 Einar Ólafss
1988 Einar Ólafs
1993 Daníel Jako
1994 Daníel Jako
2002 Ólafur Th.
2003 Ólafur Th.

Ganga 15 km 17–19 ára
1986 Bjarni Gun
1988 Rögnvaldu
1991 Daníel Jak
1992 Daníel Jak
1993 Gísli Eina
1995 Hlynur G
2000 Ólafur Th



Ganga 30 km
1952 Ebenezer Þórarinsson
1954 Ebenezer Þórarinsson
1955 Oddur Pétursson
1957 Árni Höskuldsson
1961 Matthías Sveinsson
1966 Kristján Guðmundsson
1967 Kristján Guðmundsson
1983 Einar Ólafsson
1985 Einar Ólafsson
1986 Einar Ólafsson
1987 Einar Ólafsson
1988 Einar Ólafsson
1993 Daníel Jakobsson
1994 Daníel Jakobsson
2002 Ólafur Th. Árnason
2003 Ólafur Th. Árnason

Ganga 15 km piltar 17–19 ára
1986 Bjarni Gunnarsson
1988 Rögnvaldur Ingþórsson
1991 Daníel Jakobsson
1992 Daníel Jakobsson
1993 Gísli Einar Árnason
1995 Hlynur Guðmundsson
2000 Ólafur Th. Árnason
2001 Jakob Einar Jakobsson
2002 Jakob Einar Jakobsson
2003 Markús Þór Björnsson

Ganga 10 km piltar 17–19 ára
1986 Bjarni Gunnarsson
1987 Rögnvaldur Ingþórsson
1991 Daníel Jakobsson
1993 Gísli Einar Árnason
1994 Gísli Einar Árnason
1999 Ólafur Th. Árnason
2000 Ólafur Th. Árnason
2001 Jakob Einar Jakobsson
2002 Jakob Einar Jakobsson
2003 Jakob Einar Jakobsson

Tvíkeppni í göngu 15 km/30 km
1983 Einar Ólafsson
1985 Einar Ólafsson
1986 Einar Ólafsson
1987 Einar Ólafsson
1988 Einar Ólafsson
1993 Daníel Jakobsson
1994 Daníel Jakobsson
2002 Ólafur Th. Árnason
2003 Ólafur Th. Árnason

Norræn tvíkeppni
1956 Gunnar Pétursson

Boðganga
1949 Sveit Ísfirðinga
1950 Sveit Ísfirðinga
1951 Sveit Ísfirðinga
1954 Sveit Ísfirðinga
1958 Sveit Ísfirðinga
1960 Sveit Ísfirðinga
1985 Sveit Ísfirðinga
1986 Sveit Ísfirðinga
1987 Sveit Ísfirðinga
1988 Sveit Ísfirðinga
1989 Sveit Ísfirðinga
1993 Sveit Ísfirðinga
1994 Sveit Ísfirðinga
2000 Sveit Ísfirðinga
2002 Sveit Ísfirðinga
2003 Sveit Ísfirðinga

Ganga 10 km, hefðb.
2002 Ólafur Th. Árnason
2003 Ólafur Th. Árnason

Sprettganga karlar
2002 Ólafur Th. Árnason
2003 Markús Þór Björnsson

Ganga 3,5 km stúlkur 16–18 ára
1984 Ósk Ebenezerdóttir
1986 Auður Ingvadóttir

Ganga 5 km stúlkur 16–18 ára
1984 Ósk Ebenezerdóttir
1986 Stella Hjaltadóttir

Ganga 5 km konur
1987 Ósk Ebenezerdóttir
1988 Stella Hjaltadóttir
1993 Auður Ebenezerdóttir
1994 Auður Ebenezerdóttir
1999 Stella Hjaltadóttir
2000 Katrín Árnadóttir

Ganga 7,5–10 km konur
2000 Katrín Árnadóttir
2001 Katrín Árnadóttir

Heimildir þær sem þessar upplýsingar byggja á, eru því miður ekki tæmandi. Vinsamlegast komið leiðréttingum og viðbætum á framfæri við forráðamenn Skíðafélags Ísfirðinga.

ÓSKUM
SKÍÐAFÉLAGI ÍSFIRÐINGA
TIL HAMINGJU MEÐ
70 ÁRA AFMÆLIÐ
Hárkompaní
sími 456 6363
SILFURTORG
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími 456 3210

STUDIO DAN
HAFNARSTRÆTI 20, ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 4022
BJÓÐUM UPP Á:
Tækjasal – Spinning – Jóga – Nudd
Trimmform – Heitan pott – Ljósabekkir
BEKKPRESSUMÓT OG BOXKEPPNI

OPNUNARTÍMI
UM PÁSKA:
Skírdag: kl. 10–16
Föstud. langa: Lokað
Laugard: kl. 10–16
Páskadag: Lokað
Annar í páskum: kl. 10–16

ÞJÁLFARAR SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

Jóhann B. Gunnarsson, alpagreinar

Heimilisfang: Góuholti 3, Ísafirði

Símanúmer: 456 4408 865 6441

Netfang: jbg@ov.is

Hversu lengi þjálfari: Samfellt frá 1999.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Er yfirþjálfari 5–12 ára krakka, þau eru um 40 talsins.

Fjöldi æfinga: 5–6 ára eru tvisvar í viku, 7 ára eru þrisvar í viku, 8–9 ára eru fjórum sinnum í viku og 10–12 ára eru fimm sinnum í viku

Áhersluatriði í þjálfuninni? Stuðla að iðkandinn geti skíðað sjálfum sér til ánægju alla ævi.

Er til uppskrift að árangri? Þolinmæði og þrautseigja.

Eftirminnilegt atvik? Man ekki eftir neinu svona í fljótu bragði.

Jóhann Bæring í hópi kátra skíðakrakka.

Þjálfaranir Birna, Fanney og Fjóla.

Birna Pálsdóttir, alpagreinar

Heimilisfang: Urðarvegur 35, Ísafirði

Símanúmer: 456 3218 / 867 8802

Netfang: birna_pals@hotmail.com

Hversu lengi þjálfari: Ég er nú bara 18 ára og hef því aðeins verið þjálfari síðan haustið 2002.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Ég er með 5–7 ára aldurshópinn, um 20 krakka. Svo er ég aðstoðarþjálfari í eldri hópnum, þ.e.a.s. 8–11 ára undir stjórn Rabba og Jóa.

Fjöldi æfinga: Yngri hópurinn (5–6 ára) eru tvisvar í viku en svo höfum við haft 7 ára með eldri hópnum á æfingum á sunnudögum. Svo aðstoða ég Rabba og Jóa einu sinni í viku.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Aðalatriðið með þessi yngstu er að kynna þeim jákvæð viðmið skíðaþjálfunar og tryggja það að þeim finnist gaman að mæta og upplifi skíðaíþróttina sem eitthvað eðlilegt og skemmtilegt! Við viljum að þau kynnist samvinnu og gleði í félagsstarfi. Við reynum því að láta æfingar vera fjölþættar og stuðla að bættum hreyfiþroska og láta æfingar og þjálfun fara fram í leikjaformi. Öll börn eiga að fá jöfn tækifæri til þátttöku í okkar starfi og allir fá viðurkenningu fyrir þátttöku að loknum mótum. Leikur og leikgleði ráða ríkjum í okkar hópi.

Er til uppskrift að árangri? Já! Góður árangur næst með áræðni, góðum grunni og styrkum líkama. Þetta er einstaklingsíþrótt og þú berð sjálf/sjálfur ábyrgð á þínum árangri. „Æfingin skapar meistarann".

Eftirminnilegt atvik? Það eru flest atvik eftirminnileg! Mér finnst langoftast æðislegt að vera með þeim, þetta er alveg ekta fyrir mig þessi aldur :) Mér finnst líka gott að finna hvað þau treysta manni fyrir nánast öllu, mér finnst það alveg sérstakt. Svo um daginn var leikjabraut og við gerðum svolítið mikið úr því og þau voru öll svo spennt og ég var í startinu. Mér fannst það frábær upplifun.

Þorlákur Baxter, alpagreinar

Heimilisfang: Hafraholt 34, Ísafirði

Símanúmer: 456 4058 / 8629866

Netfang: lakib@simnet.is

Hversu lengi þjálfari: Frá 1984 með hléum.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Er með 13 ára og eldri, alls16 krakka.

Fjöldi æfinga: 20 tímar í viku ef veður og snjór leyfa.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Upplifa gleðina í framförum.

Er til uppskrift að árangri? Já, margar.

Eftirminnilegt atvik? Pernilla Wiberg í svigkeppni á Ísafirði, fyrir margt löngu.

Fjóla Bjarnadóttir, alpagreinar

Heimilisfang: Hafnargata 115, Bolungarvík

Símanúmer: 456 7018 og 861 1410

Netfang: bs@snerpa.is

Hversu lengi þjálfari: Frá 2003.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Er með 5–7 ára og í þeim hópi eru um 2 krakkar og alltaf að bætast við.

Fjöldi æfinga: 5 og 6 ára æfa 2 sinnum í vik og 7 ára æfa 3 sinnum í viku.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Við vinnum eft ákveðnum æfingum frá Skíðasambandinu o tökum mið af kennsluefni sem safnað hef verið saman og miðast við 8 ára krakka.

Er til uppskrift að árangri? Kannski má segj að uppskrift af góðum árangri megi rekja t faglegrar og tæknilegrar þjálfunar, og a einstaklingurinn hafi sjálfsaga, metnað o stuðning. Mikilvægt er líka að hafa gaman a því sem er verið að gera.

Eftirminnilegt atvik? Fyrir nokkru síðan vor þjálfarar Skíðfélagsins með námskeið sem va vel sótt. Þar voru krakkar sem voru að fara fyrsta skipti á skíði og sjálfstraustið ekki mikið En allir voru farnir að renna sér og fara í lyft að loknu fjögurra daga námskeiði.Flestir byrj uðu að æfa í framhaldinu en fljótlega fór snjórinn og fóru æfingarnar þá að vera úti. Einn laugardaginn þegar farið var í leiki við íþrótta-húsið segir ein lítil prinsessa sem byrjaði á skíðanámskeiðinu og fór að æfa eftir það: „Fjóla, af hverju förum við ekki á skíði, ég sá snjó uppi í fjalli?" Svarið var á þá leið að ekki væri hægt að fara, þó það væri smá snjór þá væri meira af stórum steinum. Þá svarar prinsessan full sjálfstrausts: „Ég skíða bara framhjá steinunum."

Fanney Pálsdóttir, alpagreinar

Heimilisfang: Brúnaland 1, Bolungarvík

Símanúmer: 864 4474

Netfang: fanney@vestfirdir.is

Hversu lengi þjálfari: Frá 19 ára aldri með pásum á milli.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Ég aðstoða með 5–11 ára.

Fjöldi æfinga: 5–6 ára 2 sinnum í viku, 7 ára 3 sinnum í viku og 8–11 5 sinnum í viku.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Að hafa gaman af því að skíða.

Er til uppskrift að árangri? Að vera jákvæður og gera sitt besta.

Eftirminnilegt atvik? Þau gerast á hverri æfingu :-)

Rafn Pálsson, alpagreinar

Heimilisfang: Móholti, Ísafirði

Símanúmer: 456 3522 / 895 5518

Netfang: rabbi@hn.is

Hversu lengi þjálfari: Meira og minna frá 18 ára aldri.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Aðstoðarþjálfari 8-11 ára, um 20 krakkar.

Fjöldi æfinga: 5 sinnum í viku.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Að kenna rétta tækni en fyrst og fremst að hafa gaman af því að vera á skíðum.

Er til uppskrift að árangri? Að vera jákvæður og æfa markvisst.

Eftirminnilegt atvik? Byrjendanámskeið fyrr í vetur sem voru vel sótt. Við fengum fjölmarga nýja krakka og það var gaman að sjá þau ná svo miklum árangri á stuttum tíma.

Kristín Ólafsdóttir, skíðaganga

Heimilisfang: Miðtúni 25, Ísafirði

Símanúmer: 456 3915 / 865 2821

Netfang: kristinolafs@hotmail.com

Hversu lengi þjálfari: Frá síðustu áramótum.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Ég er með 8 ára og yngri, alls eru þetta sjö krakkar sem eru að æfa.

Fjöldi æfinga: Þau æfa 2 sinnum í viku.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Áhersluatriðin eru holl útivera, meðvitund um heilbrigt líferni, stuðningur til þess sem hugur hvers og eins stendur til, hvort sem það er árangur í keppni eða ekki.

Er til uppskrift að árangri? Æfing er uppskriftin, ef árangurinn er í keppni en árangur getur verið margvíslegur: félagslegur, andlegur, líkamlegur.

Eftirminnilegt atvik? Ég hef þjálfað þau svo stutt, ekkert eitt svona „golden moment". Það er bara rosa gaman á öllum æfingum!

Katrín Árnadóttir, skíðaganga

Heimilisfang: Árholti 9, Ísafirði

Símanúmer: 456 3833 / 866 4964

Netfang: trinaa@hotmail.com

Hversu lengi þjálfari: Síðan í janúar 2004.

Með hvaða hóp og hversu marga krakka: Ég er með 9–12 ára börn, þau eru níu talsins. Svo er ég með unglinga 13 ára og eldri, sem eru líka níu að tölu.

Fjöldi æfinga: 9–12 ára æfa 4 sinnum í viku og 13 ára og eldri æfa 5 sinnum í viku.

Áhersluatriði í þjálfuninni: Það er svo einstaklingsbundið hvað þarf að leggja áherslu á. Mér finnst hins vegar mikilvægt að hafa góða tækni.

Er til uppskrift að árangri? Já, það er ágæt uppskrift að setja sér markmið og æfa svo af samviskusemi til að ná árangri.

Eftirminnilegt atvik? Man ekki eftir neinu sérstöku í augnablikinu.

VÁ

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

þar sem tryggingar
snúast um fólk

HAFNARSTRÆTI 1, 400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 3555, FAX 456 4619

EKKI MISSA AF ÞESSU...

... á skíðavikunni 2004

SETNING SKÍÐAVIKUNNAR Á SILFURTORGI

Heilmikið fjör á Silfurtorgi miðvikudaginn 7. apríl kl. 17. Lúðrasveit Ísafjarðar blæs til Skíðavikunnar 2004. **Benedikt Búálfur og Mannabarnið** skemmta gestum og gangandi.

DJAMMSESSION TÓNLEIKAR SKG-VEITINGA OG KFÍ MEÐ BIRNI THORODDSEN OG FÉLÖGUM

Boðið verður upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli. Djammsessionið verður þrisvar á dagskrá; fimmtudag, föstudag og laugardag.

TÝRÓLAKVÖLD Í SKÍÐASKÁLANUM TUNGUDAL

Týrólakvöldið hefur verið vakið úr dvala mörgum til mikillar gleði og ánægju. Veislustjórn verður í höndum Siggu Mæju og veitingar frá SKG-veitingum.

ÚTIBINGÓ

Göngubingóið gerði mikla lukku í fyrra. Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Einskonar ratleikur þar sem þú safnar bingótölum. Veg og vanda að Bingóinu hefur Björgunarfélag Ísafjarðar. Bingóspjöld seld í Hamraborg og veglegir vinningar í boði.

LESTUR PASSÍUSÁLMA Í ÍSAFJARÐARKIRKJU

Nýstárleg tilbrigði við Passíusálmana, Elvar Logi Hannesson og Eiríkur Örn Norðdahl flytja Passíusálmana. Mugison leikur frumsamda tónlist með upplestrinum og Jóhannes Jónsson sýnir eigin vídeómyndir.

STÓRDANSLEIKUR MEÐ ÍRAFÁRI

Það er orðinn árviss viðburður að stórhljómsveitn Írafár spili fyrir okkur um páskana. Í ár verða þau með dansleik í **Félagsheimilinu Hnífsdal** aðfaranótt laugardagsins. Aldurstakmark 18 ár.

ROKKHÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR

Efnt verður til mikillar tónlistarveislu í húsnæði Sindrabergs niður á Sundahöfn. Fjölmargir listamenn sem getið hafa sér gott orð á erlendri grund ásamt heimamönnum, halda upp miklu fjöri á átta tíma tónleikum. Allir velkomnir og frítt inn.

FJÖLSKYLDUDAGUR Í HOLTI
- andans næring, list og útivist -

Ýmislegt verður í boðið í Holti á Páskadag; Guðsþjónusta, kaffihlaðborð, glerlist, kajakleiga og útivist. Einnig verður hægt að fá blautbúninga til að bregða á leik í flæðarmálinu. Fyrirhugað er að fara gönguferð með leiðsögumanni að Holtsodda.

HARMONIKKUTÓNLEIKAR Í HÖMRUM

Tónleikar til styrktar Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur og Leifi Þorbergssyni harmonikkuleikurum þar sem þau leika fjölbreytta harmonikkutónlist. Einnig mun harmonikkusnillingurinn Vadim Fyodorov taka nokkur lög með þeim.

ÍSAÐAR GELLUR

Litli leikklúbburinn sýnir í Sundatanga *Ísaðar Gellur* eftir Paul Harrison. Verkið þykir ekki hæfa áhorfendum undir 12ára aldri nema í fylgd með fullorðnum. Miðapantanir á Langa Manga.

PÁSKAFERÐ Í JÖKULFIRÐI

Á föstudaginn langa verður boðið uppá göngu- og skemmtisiglingu í Jökulfirði. Göngumenn settir í land á Flæðareyri og ganga þeir með leiðsögumanni létta gönguleið yfir í Grunnavík. Þeir sem ekki vilja ganga, sigla áfram með bátnum í skoðunarferð um Jökulfirði.

FÖSTUDAGUR Í TUNGUDAL

Grillveisla á furðufatadegi, að vanda mæta furðufuglarnir með kók og bestu pylsur í heimi. Sælgætisregn, Írafár spilar, tvíkeppni Byggðasafnsins.

BOXKEPPNI Í ÍÞRÓTTAHÚSINU TORFNESI

Fyrsta hnefaleikamótið á Ísafirði í marga áratugi verður haldið í íþróttahúsinu á Torfnesi. Von er á hnefaleikaköppum að sunnan að berjast við heimamenn úr hinu nýstofnaða Hnefaleikafélagi Ísafjarðar.

HARMONIKKUHLJÓMAR

Tónleikar í Hömrum á páskadag 11. apríl kl. 16

Flytjendur: *Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir*
Leifur Þorbergsson
Vadim Fyodorov

Fjölbreytt og skemmtileg efnisskrá
Kaffiveitingar

Aðgangseyrir kr. 1.000
Fyrir 12 ára og yngri kr. 500

TRÉSMIÐJAN ehf HNÍFSDAL

Framleiðum harðviðarstiga og eldhús- og baðinnréttingar, skápa og fleira. Tökum einnig að okkur framleiðslu á ýmiss konar skiltum og húsamerkingum. Aðstoðum við hönnun og hugmyndavinnu. Gerum verðtilboð.
Upplýsingar í síma 456 3622

Sendum Skíðafélagi Ísfirðinga heillaóskir í tilefni 70 ára afmælisins

Sól og fegurð
Túngötu 3 • Sími 456 5522

swatch
Kringlunni - 5331337

KS BLIKK BLIKKSMIÐJA ehf

BLIKKSMIÐJA • EFTIRLIT LOFTRÆSTIKERFA

Árnagötu 1 • Pósthólf 135 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 5550 • Fax: 456 5551 • Farsímar: 864 6550 og 864 6551

DAGSKRÁ SKÍÐAVI

MIÐVIKUDAGUR 7. APRÍL

17:00 Setning Skíðaviku á Silfurtorgi
Heilmikið fjör á Silfurtorgi. Lúðrasveitin marserar frá Ísafjarðarkirkju niður á Silfurtorg. Benedikt Búálfur og Mannabarnið skemmta gestum og gangandi.

23:00–03:00 KUNG-FÚ í Sjallanum
Hörkudansleikur í Sjallanum með hinni ofurhressu hljómsveit Kung-Fú. Aldurstakm. 18 ár.

23:00–03:00 Vagninn Flateyri - Siggi Björns og félagar

FIMMTUDAGUR 8. APRÍL (SKÍRDAGUR)

10:00 Golfmót í Tungudal
Golfklúbbur Ísafjarðar verður með 18 holu punktamót á Skírdag. Þátttökugjald kr. 500.

11:00 Fermingarmessa í Hólskirkju

11:00 Fermingarmessa í Hnífsdalskapellu

13:00 2 á 2 Körfuboltamót
KFÍ stendur fyrir „Tveimur á tvo" körfuboltamóti í íþróttahúsinu Torfnesi.

13:00 Opnun Skíðaminjasafns í Faktorshúsinu Hæstakaupstað
Þar gefur að líta sögu skíðaíþróttarinnar í máli og myndum auk muna frá þekktustu kempum Ísafjarðar í gegnum tíðina.

13:00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal
Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.

14:00–16:00 Páskaeggjabingó JC Vestfjarða
JC-félagar verða með páskaeggjabingó á Hótel Ísafirði.

14:00–16:00 Slöngurall
Björgunarfélagið sér um slöngurall í Tungudal.

14:00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju

15:00–17:00 Íþróttadagur fyrir almenning á Þingeyri
Íþróttahúsið á Þingeyri verður opið frá 15:00–17:00. Hægt verður að fara í sauna, sund og í íþróttasal þar sem verður boðið upp á spinning, streetball og kraftlyftingar. Aðgangseyrir kr. 650. Nánari upplýsingar í síma 456 8375.

17:00 Ingibjörg Magnadóttir opnar listsýningu í Slunkaríki

18:00–00:00 SKG-veitingar á Hótel Ísafirði
Djammsession tónleikar SKG-veitinga og KFÍ með Birni Thoroddsen og félögum. Boðið verður upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli.

18:00–00:00 Týrólakvöld í skíðaskálanum Tungudal
Týrólakvöldið hefur verið vakið úr dvala mörgum til mikillar gleði og ánægju. Veislustjórn verður í höndum Siggu Mæju og veitingar frá SKG-veitingum.

20:30 Messa í Hólskirkju

20:30 Ísaðar Gellur
Litli leikklúbburinn sýnir í Sundatanga *Ísaðar Gellur* eftir Paul Harrison. Í leikstjórn Ingridar Jónsdóttur. Sýningin hefur hlotið lofsamlega dóma í fjölmiðlum. Verkið þykir ekki hæfa áhorfendum undir 12 ára aldri nema í fylgd með fullorðnum. Miðapantanir á Langa Manga í síma 456 3022.

20:00–23:00 Skíðanótt á Torfnesi
Vegna snjóleysis hefur verið ákveðið að færa skíðanóttina niður á Torfnes. Fylgist með á vefnum skidavikan.is. Á dagskrá verður snjóbrettakeppni, grill, plötusnúðar, útileldar verða kveiktir, varpað verður alls konar flottum brettamyndböndum á vegginn á íþróttahúsinu. Ef stemmning reynist fyrir því, verður sundlaugin opin frá 23:00–01:00.Allir velkomnir og miklu stuði lofað.

Til 24:00 Sjallinn - Páskapöbbinn - Hljómsveitin KUNG-FÚ treður upp.
Aldurstakmark 18 ár.

Til 24:00 Félagsheimilið Þingeyri - Siggi Björns og félagar

Útibingó á vegum Björgunarfélagsins
GönguBingóið gerði mikla lukku í fyrra. Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Eins konar ratleikur þar sem þú safnar bingótölum. Veg og vanda að bingóinu hefur Björgunarfélag Ísafjarðar. Bingóspjöld seld í Hamraborg. Vegleg verðlaun í boði.

FÖSTUDAGUR 9. APRÍL (FÖSTUD. LANGI)

10:00 Páskaferð í Jökulfirði
Á föstudaginn langa verður boðið uppá gönguskíða- og skemmtisiglingu í Jökulfirði. Lagt verður af stað kl. 10:00 og siglt norður að Flæðareyri. Þar verða skíðagöngumenn settir í land og ganga þeir með leiðsögumanni létta gönguleið yfir í Grunnavík (3–4 klst). Þeir sem ekki vilja ganga á skíðum, sigla áfram með bátnum í skoðunarferð um Jökulfirði og fara á land í Grunnavík, þar sem þeir sameinast göngumönnum í kaffi, kakódrykk og meðlæti í Súðarabúð. Lagt verður af stað til Ísafjarðar milli 16:00–17:00. Heildarverð, sigling, leiðsögn og veitingar, er 3.800 krónur á mann. Upplýsingar og bókanir hjá Kiddý í síma 456 3879 eða síma 892 1879. Nauðsynlegt er að bóka sig.

11:00 Guðsþjónusta í Tjarnarkapellu

11:00–15:30 lestur Passíusálmanna í Ísafjarðarkirkju
Elvar Logi Hannesson og Eiríkur Örn Norðdahl flytja Passíusálmana. Mugison leikur frumsamda tónlist með upplestrinum og Jóhannes Jónsson sýnir eigin vídeómyndir. Þannig að lesturinn er mynd- og tónskreyttur og mun slík túlkun vera nýmæli.

12:30–13:30 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal
Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.

13:00 Grillveisla í Tungudal
Byrjað að kynda upp grillið. Grillveisla á furðufatadegi og þeir eru mættir aftur, furðufuglarnir með kók og bestu pylsur í heimi.

13:00 Íslandsmeistaramót Swatch og Ölgerðarinnar í Border Cross

14:00 Páskamessa í Holti

14:00-16:00 Slöngurall
Björgunarfélagið sér um slöngurall í Tungudal.

14:30 Sælgætisregn í Tungudal
Krakkarnir ærast er vængjuðum karamellum rignir af himnum ofan... Ómissandi á Skíðavikunni!

14:30 Tvíkeppni Byggðasafns Vestfjarða
Rennsli með sneiðingum og 120 skrefa hlaup á skíðum. Aldagömul tvíkeppni í göngu og rennsli sem endurvakin var á Skíðaviku 2001. Allir hvattir til þátttöku en virðulegur klæðnaður er áskilinn. Keppni sem vakið hefur mikla athygli!

15:00 Írafár með Birgittu Haukdal í broddi fylkingar, mætir á staðinn og tekur lagið

15:00–17:00 Íþróttadagur fyrir almenning á Flateyri
Íþróttahúsið á Flateyri verður opið frá 15:00–17:00. Sund, sauna, heitur pottur og aðgangur að íþróttasal. Aðgangseyrir kr. 400. Nánari upplýsingar í síma 456 7735.

17:00–23:00 Tvímenningsmót í bridds
Verður haldið í húsakynnum Íshúsfélags Ísfirðinga og hefst mótið kl 17. Spiluð verða ca 45 spil. Mótið verður silfurstigamót og góð verðlaun í boði. Þátttaka tilkynnist til Krissa í síma 891 7747, netfang Krissi@frosti.is eða Adda Geir í síma 456 4144, netfang addigeir@snerpa.is fyrir hádegi mótsdag.

18:00–00:00 SKG -veitingar á Hótel Ísafirði
Djammsession tónleikar SKG veitinga og KFÍ með Birni Thoroddsen og félögum. Boðið verður upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli.

Nánari dagskrá Skíðavikunnar er á vefslóðinni www.skidavikan.is. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar með því að senda fyrirspurn á vefslóðina info@isafjordur.is eða í síma 860 606

20:00–23:00
Fyrsta hnefal
Torfnesi. Von
nýstofnaða H
19:00 og kepp

20:00 Hátíðar
AA samtökin
Al Anon samt
Kaffi og kökur

Útibingó á v
GönguBingóiö
göngugarpa.
Bingóinu hefu

00:00–04:00
Það verður hö

00:00–04:00

00:00–04:00 F
Það er orðinn
Í ár verða þau

LAUGA

11:00–17:00
Haldinn í Ljóni

13:30 Páskae
Keppt verður í
Skíðavikunnar
til þátttöku. For

12:30–13:30
Göngunefnd Sk
Upplagt fyir þá s

14:00-16:00 S
Björgunarfélagi

14:00-16:00 H
Stormsdeildin D
gestum verður
kennslugerðinu

15:00 Skíðaæ
Björgunarsveita
hásléttuna. Skíd
og sauna á Flate
Verð kr. 1.000.

15:00–17:00 Í
Árni Heiðar Ívar
Farið verður í fö
krakkana til að s
upplýsingar í sí

18:00–00:00 S
Djammsession t
Boðið verður up

16:00–00:00 A
Efnt verður til mi
smábátabryggjun
orð á erlendri gru
Allir velkomnir og

Útibingó á veg
GönguBingóiö g
göngugarpa. Ein
Bingóinu hefur B

VIKUNNAR 2004

20:00–23:00 Boxkeppni í íþróttahúsinu Torfnesi
Fyrsta hnefaleikamótið á Ísafirði í marga áratugi verður haldið í íþróttahúsinu á Torfnesi. Von er á hnefaleikaköppum að sunnan að berjast við heimamenn úr hinu nýstofnaða Hnefaleikafélagi Ísafjarðar. Sjö bardagar verða háðir. Húsið opnar kl. 19:00 og keppni hefst kl. 20:00. Aðgangseyrir kr. 1000 og eru allir velkomnir.

20:00 Hátíðarfundur AA samtakanna í Ísafjarðarkirkju
AA samtökin á Íslandi eru fimmtíu ára. Á samkomunni verða kynnt tólf spor AA og Al Anon samtakanna. Félagar segja frá reynslu sinni og kynna sögu samtakanna. Kaffi og kökur í tilefni afmælisins.

Útibingó á vegum Björgunarsveitarinnar
GönguBingóið gerði mikla lukku í fyrra. Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Einskonar ratleikur þar sem þú safnar bingótölum. Veg og vanda að Bingóinu hefur Björgunarsveitin. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

00:00–04:00 KUNG-FÚ í Sjallanum
Það verður hörkufjör í Sjallanum á 16.ára balli með hljómsveitinni Kung-fú.

00:00–04:00 Víkurbær Bolungarvík - Siggi Björns og félagar

00:00–04:00 Félagsheimilið Hnífsdal - Stórdansleikur með hljómsveitinni Írafári
Það er orðinn árviss viðburður að stórhljómsveitn Írafár spili fyrir okkur um páskana. Í ár verða þau með stórdansleik í Félagsheimilinu Hnífsdal, aldurstakmark 18 ár.

LAUGARDAGUR 10. APRÍL

11:00–17:00 Flóamarkaður JC Vestfjarða
Haldinn í Ljóninu við hliðina á Húsgagnaloftinu.

13:30 Páskaeggjamót Samskipa
Keppt verður í göngu á Seljalandsdal og samhliðasvigi í Tungudal. Hápunktur Skíðavikunnar hjá yngstu kynslóðinni. Allir krakkar fæddir 1991 og yngri velkomnir til þátttöku. Foreldrar mega renna sér með þeim yngstu.

12:30–13:30 Skíðagöngukennsla
Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.

14:00-16:00 Slöngurall
Björgunarfélagið sér um slöngurall í Tungudal.

14:00-16:00 Hestadagur á Söndum í Dýrafirði
Stormsdeildin Dropi á Þingeyri verður með Hestadag á Söndum í Dýrafirði þar sem gestum verður boðið að fara á hestbak, teymt undir þeim sem þess óska í kennslugerðinu. Boðið verður upp á veitingar á staðnum gegn vægu gjaldi.

15:00 Skíðaævintýri í Önundarfirði
Björgunarsveitarmenn sjá um að draga skíðamenn frá Seljalandsdal yfir Vestfjarðaháslétttuna. Skíðað niður í Önundarfjörðinn í brekkum við allra hæfi. Endað í sundi og sauna á Flateyri. Ferð sem hefur heppnast mjög vel. Mæting við topp Miðfellslyftunnar. Verð kr. 1.000. Umsjón: Rúnar Óli Karlsson. Nánari upplýsingar í síma 869 7557.

15:00–17:00 Íþróttadagur í Íþróttahúsinu Torfnesi
Árni Heiðar Ívarsson íþróttakennari verður með íþróttadag fyrir krakka á öllum aldri. Farið verður í fótbolta, ýmiskonar leiki. Auk þess verður trampolín og fleira fyrir krakkana til að spreyta sig á. Húsið opið til kl. 18:00. Aðgangseyrir kr. 400. Nánari upplýsingar í síma 895 9241.

18:00–00:00 SKG-veitingar á Hótel Ísafirði
Djammsession tónleikar SKG veitinga og KFÍ með Birni Thoroddsen og félögum. Boðið verður upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli.

16:00–00:00 Aldrei fór ég suður - rokkhátíð alþýðunnar
Efnt verður til mikillar tónlistarveislu í húsnæði Sindrabergs (neðri hæð) sem er við smábátabryggjuna á austanverðri eyrinni. Fjölmargir listamenn sem getið hafa sér gott orð á erlendri grund ásamt heimamönnum, halda upp miklu fjöri á átta tíma tónleikum. Allir velkomnir og frítt inn. Sjá nánar á www.skidavikan.is/festival.

Útibingó á vegum Björgunarfélagsins
GönguBingóið gerði mikla lukku í fyrra. Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Eins konar ratleikur þar sem þú safnar bingótölum. Veg og vanda að Bingóinu hefur Björgunarfélag Ísafjarðar. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

SUNNUDAGUR 11. APRÍL (PÁSKADAGUR)

9:00 Messa í Ísafjarðarkirkju
Eftir messuna verður boðið upp á morgunkaffi í safnaðarheimilinu.

9:00 Hátíðarguðsþjónusta í Hólskirkju

11:00 Messa og altarisganga í Suðureyrarkirkju

12:00 Garpamótið í göngu á Seljalandsdal
Þetta er keppni mestu göngugarpa landsins! Allir garpar hvattir til að taka þátt.

13:30 Garpamótið í svigi í Tungudal
Nú verður aldeilis tekið á því, skíði smurð, keppnisgallar mátaðir, þrekpróf tekin og dælt í sig prótíni og orkudrykkjum. Munið samt að þetta er bara leikur, ...eða hvað?

14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Súðavíkurkirkju

14:00 Fjölskydudagur í Holti
Hefst með guðsþjónustu. Kvenfélagið verður með kaffihlaðborð og Sigríður Magnúsdóttir og Anna Lára Guðmundsdóttir sýna glerlist. Kayak-leiga verður á staðnum og einnig verður hægt að fá blautbúninga til að bregða á leik í flæðarmálinu. Troðnar verða gönguslóðir upp í Galtardal og Hjarðardal þangað sem hægt verður að fara í gönguferðir og renna sér á skíðum. Fyrirhuguð er gönguferð með leiðsögumanni að Holtsodda, nánar auglýst síðar.

14:00-16:00 Slöngurall
Björgunarfélagið sér um slöngurall í Tungudal.

15:00-18:00 Köfunarkynning í Sundlaug Ísafjarðar
Kafarar verða í lauginni og bjóða fólki að kynnast þeim undraheimi sem köfun er. Allir velkomnir að mæta og prófa.

16:00 Harmonikkutónleikar í Hömrum
Tónleikar til styrktar Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur og Leifi Þorbergssyni harmonikkuleikurum sem eru að fara á námskeið á vegum Centre National & International de Musique & d´Accordéon í Frakklandi. Þau eru bæði kominn mjög langt í sínu námi þrátt fyrir ungan aldur og því hér um mjög áhugaverða tónleika að ræða. Vadim Fyodorov kennari þeirra mun einnig taka nokkur lög með þeim.

20:30 Ísaðar Gellur
Litli leikklúbburinn sýnir í Sundatanga Ísaðar Gellur eftir Paul Harrison. Í leikstjórn Ingridar Jónsdóttur. Verkið þykir ekki hæfa áhorfendum undir 12 ára aldri nema í fylgd með fullorðnum. Miðapantanir á Langa Manga.

23:00–03:00 Vagninn Flateyri - Siggi Björns og félagar

Útibingó á vegum Björgunarfélagsins
GönguBingóið gerði mikla lukku í fyrra. Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Einskonar ratleikur þar sem þú safnar bingótölum. Veg og vanda að Bingóinu hefur Björgunarfélag Ísafjarðar. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

MÁNUDAGUR 12. APRÍL (ANNAR Í PÁSKUM)

14:00 Guðsþjónusta í Vatnsfjarðarkirkju

14:00 Hátíðarmessa á Hrafnseyri

15:00-18:00 Köfunarkynning í Sundlaug Ísafjarðar
Kafarar verða í lauginni og bjóða fólki að kynnast þeim undraheimi sem köfun er. Allir velkomnir að mæta og prófa.

Útibingó á vegum Björgunarfélagsins
GönguBingóið gerði mikla lukku í fyrra. Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Eins konar ratleikur þar sem þú safnar bingótölum. Veg og vanda að Bingóinu hefur Björgunarfélag Ísafjarðar. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

Dagskrá Skíðavikunnar er birt með fyrirvara um breytingar.
Allar dagskrárbreytingar verða settar jafnóðum inn á
www.skidavikan.is

Jakob Einar Jakobsson

FRÁ HOLTSSKÓLA TIL NTG

Jakob Einar Jakobsson segir hér frá skíðaævintýrinu í Holtsskóla í Önundarfirði sem hann og félagi hans, Markús Þór Björnsson, voru þátttakendur í um miðbik 9. áratugs síðustu aldar. Það byrjaði allt með því að Norðmaðurinn Kjell Hymer frá Tönsberg kom til Önundarfjarðar ásamt fjölskyldu sinni til að kenna við skólann.



JAKOB EINAR JAKOBSON

Fæddur: 19 júli 1983
Búsettur: Vöðlum í Önundarfirði
Hæð: 174 cm
Þyngd: 72 kg

Besti árangur á skíðum:
8 x Íslandsmeistari í 17–19 ára flokki
3 x boðgöngumeistari á Landsmóti
62. sæti Ol-æskunnar 1999
24. sæti Norges cup 2000
20. sæti NM 2001

„Kjell, eins og Norðmenn flestir, er fæddur með skíði á löppunum og var ekki lengi að smita stóran hluta skólans af skíðaáhuga. Sonur hans Steini (Þorsteinn Hymer) sá samt að mestu um skipulagðar skíðaæfingar fyrir okkur krakkana úr sveitinni og má segja að hann hafi verið okkar aðalþjálfari langt fram á unglingsárin og eftir að við fórum að fara erlendis til æfinga, hefur hann sem meðlimur í Skíðagöngunefnd SKÍ hjálpað okkur heilmikið.

Eini núlifandi Íslendingurinn sem á ekki góðar minningar frá Andrés

Mig minnir að ég hafi verið 11 ára og Markús þá 10 ára þegar við stigum fyrst á skíði. Markús var samt svo „fitt" því hann var ekki mikið meira en 25 kg og þar sem hann hafði elt rollur út um allar sveitir í mörg ár var hann enga stund að tileinka sér skíðatæknina. Og þegar Ungmannafélagið Önundur fór á Andrésar Andarleikana það árið, kom Markús heim með bronsverðlaun. Þess ber að geta að þá var ég ekki með því ég var hreinlega ekki nógu góður til að komast í hið sterka lið UMFÖ en árið eftir fór ég og varð síðastur, nokkuð langt á eftir fyrsta, þá 12 ára. Ég er sennilega eini núlifandi Íslendingurinn sem á ekkert svaka góðar minningar frá Andrés. En þetta er samt fínt mót ...

Þegar ég velti fyrir mér afhverju við byrjuðum í þessari íþrótt, veit ég að okkar ástæður eru þær einu réttu, nefnilega skemmtun. Okkur fannst þetta þá, og finnst enn, svo gaman. Í byrjun var enginn hetjudýrkun í gangi, við vissum ekki einu sinni hver Björn Dæhlie eða Thomas Alsgaard voru, við bara komum með skíðin í skólann til þess að geta leikið okkur í frímínútunum og þar sem við erum nú nágrannar, Markús frá Þórustöðum og ég frá Vöðlum, var ekki ósjaldan að við röltum á milli, bara svona til að kíkja í heimsókn hvor til anna Við vorum sem sé alveg eins og fólk til fo og notuðum skíðin sem samgöngutæki. Svo oft mikill metingur í gangi, þó aðallega í því ég er svo sjúkur, en við hringdum oft á m bara til að spá í hver hefði æft meira þa daginn! Svo segir fólk að börn nútímans h bara á video og spili play station.

Líkaði ekki baráttan um síðasta sæt

Eftir Andrés fóru hlutirnir að gerast, ég á mig á því að miklar æfingar skiluðu mön langt og þess vegna æfði ég brjálæðislega m Þannig æfði ég u.þ.b. 450 tíma þegar ég va ár (1997) og það er bara um100 tímum m en ég geri í dag, 20 ára! Ég var þessi týp áætlana- og æfingadagbókarsjúklingur m að Markús fór hina leiðina og hélt áfram leika sér á skíðum, sem er auðvitað m skemmtilegra á þessum aldri. En ég vildi þ forskotið sem hann hafði á mig og mér lí ekki alveg baráttan um síðasta sætið. Rótta aðgerða var þörf. Mér fannst ég vera á „hát íslenskrar skíðagöngu" þegar ég, Óli Árnason og Einar Ólafsson unnum boðgöng á Landsmótinu í Reykjavík árið 2000. Þá ég 16 ára og var í 1. bekk í MÍ. Veturinn þa eftir fór ég til Noregs til að æfa.

Litla íþróttafélagið í sveitinni með sterkasta skíðagönguliið landsins

Á þessum árum, 1996–1997, blómstr Holtsskólahópurinn og einnig bættust við aðr Þar sem að enginn gönguskíðaþjálfari starf á Ísafirði á þessum tíma, æfðu þeir sem þar vo með Ungmannafélaginu og sumir meira segja kepptu fyrir félagið þangað til að Skí deild U.M.F.Ö og Skíðafélag Ísafjarðar sa

Hópmynd af skíðagönguliði NTG Geilo 2003. Markús og Jakob eru þriðji og fjórði frá vinstri í neðri röð.

einuðust. Á þessum tíma má segja að litla íþróttafélagið í sveitinni okkar hafi haft sterkasta skíðagönguliið landsins á aldrinum 13–16 ára. Allavega unnum við boðgönguna á Unglingameistaramótinu þrisvar að mig minnir.

Strax árið 1997 var farið í æfingaferð til Noregs. Það var meðan Holtsskólaævintýrið, eins og ég kýs að kalla það, var á hápunkti. Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að allir úr sveitinni, sem voru á aldrinum 14 til 19 ára, fóru með í ferðina, nema tveir. Einnig voru með krakkar frá Flateyri, Ísafirði og af Ströndum. Við gerðum góða ferð til Vaset og hittum fyrir flínkan þjálfara og lærðum mikið.

Árið eftir hafði heldur fækkað í hópnum. Greinilegt að margir höfðu ákveðið að hætta á toppnum eftir Noregsferðina. En eftir stóð samt samheldinn og skemmtilegur æfingahópur með besta liðsanda sem sögur fara af. Í honum voru auk mín, Steini þjálfari, Óli Th., Magnús Ringsted, Markús, Katrín og Sandra. Eflaust voru fleiri sem æfðu og auðvitað margir sem voru yngri, en þetta var hópurinn sem „satsaði" af fullum krafti eins og við segjum á skíðamáli.

Oftast æfðum við upp á Seljalandsdal og bitnaði það á foreldrum okkar Markúsar að skutlast með okkur fram og til baka, en við höfðum þó vit á því að samnýta ferðirnar að mestu leyti.

Út að borða í skíðafötum og skóm af Kitta Muggs

Saman fórum við í hópnum á bikarmót þvers og kruss um landið, fyrst með Steina og síðan með Stellu Hjaltadóttur þegar hún tók við. Úr þessum ferðum er margt minnisstætt eins og t.d þegar tveimur ónefndum strákum tókst að læsa sig úti af hótelherberginu þegar þeir mættust á ganginum, annar á leiðinni í sturtu og hinn á leiðinni úr sturtunni sem var staðsett hinu megin við ganginn. Báðir voru bara klæddir í lítil handklæði og til að bæta gráu ofan á svart þurftu þeir að labba þannig niður i móttökuna á Hotel KEA á Akureyri til að biðja um aukalykil sem fannst svo auðvitað ekki. Og hér kemur það besta, - við höfðum takmarkaðan tíma því við þurftum að mæta til kvöldverðar á veitingastað í bænum og föt þessara drengja auðvitað læst inni í herberginu. En að sjálfsögðu lögðust allir á eitt til að bjarga þeim og mig minnir að annar þeirra hafi farið út að borða í skíðafötum og skóm af Kitta Muggs!

Gátum æft eins og brjálæðingar

Þegar ég var á fyrsta ári í 17–19 ára flokki fór að færast alvara í hlutina fyrir mitt leyti en þá fór ég til Lillehammer til að æfa. Þar bjuggum við sem vorum í landsliðinu veturinn 2000–2001. Þetta var skemmtilegur hópur, ég og Óli að vestan og svo Baldur og Helgi frá Akureyri. Þetta ár glímdi Markús við það sama og ég hafði gert veturinn áður, nefnilega 1. bekk í MÍ, en hann kom í æfingabúðir til Noregs og keppti á Olympíudögum æskunnar seinna um veturinn. Sjálfur sleppti ég allri skólagöngu þann veturinn, reyndar tók ég nokkur fög utanskóla en fór svo sjálfur í verkfall eins og kennararnir, mitt verkfall var bara töluvert lengra. Alveg fram á vor! Ég fílaði mig rosa vel í Lillehammer, ég var langyngstur af okkur strákunum og lét þá um allt skipulag. Þarna gátum við æft eins og brjálæðingar og keppt við okkur betri menn. Ég man sérstaklega eftir ferð okkar Óla á Noregsmeistaramót unglinga sem haldið var í HM brautunum frá 1997 í Þrándheimi. Ég varð í 20. sæti í flokki 17 ára og Óli varð 36. í 18–19 ára. Ég man að mamma hringdi í mig og sagði að það hefði verið sagt frá þessu í hádegisfréttunum heima á Íslandi. Þetta var víst talinn besti árangurn Íslendinga síðan Daniel Jakobsson hætti. Ég held að ég hafi ekki náð að sofna í viku á eftir. Ég var svo ánægður!

Skírði skíðin *Fossavatnsgangan 2001*

Fljótlega eftir NM fórum við heim til Íslands til að ná því sem eftir var af keppnistímabilinu þar. Landsmótið var á Akureyri það árið og fór mjög vel. En svo kom æðsta mótið, nefnilega Fossavatnsgangan. Ég hafði æft grimmt fyrir gönguna og skírði meira að segja skíðapar sem ég fékk fyrr um veturinn *Fossavatnsgangan 2001*. Það hefði toppað frábæran vetur að vinna lokamótið. En svo fór ekki, sigurvegarinn var Markús og ég varð í 6. sæti. Þessum degi mun ég aldrei gleyma, þökk sé Markúsi því hann minnir mig á hann reglulega!

Á þessum tíma vorum við Markús með krosslagða fingur og vonuðumst til að komast inn í NTG um haustið. Óskin rættist og við byrjuðum í skíðamenntaskólanum í Geilo haustið 2001."

Markús Þór Björnsson

AF ÖNFIRÐINGUNUM Í NORSKA ÍÞRÓTTAMENNTASKÓLANUM NTG

Markús Þór Björnsson, skíðagöngugarpur frá Þórustöðum í Önundarfirði, segir að eftir miklar vangaveltur um hvað ætti nú að gera með íþróttina, hafi hann slegið til og sótt um í Norges Topp-Idrettsgymnas í Geilo (NTG).

MARKÚS ÞÓR BJÖRNSSON

Fæddur: 30. júní 1984
Búsettur: Þórustöðum í Önundarfirði
Hæð: 172 cm
Þyngd: 72 kg

Besti árangur á skíðum:
1 x Íslandsmeistari í 17–19 ára flokki
1 x Íslandsmeistari í sprettgöngu 2003
2 x boðgöngumeistari á Landsmóti
1. sæti Fossavatnsgangan 2001
33. sæti Ol-æskunnar 2001
44. sæti NM 2002
58. sæti HM unglinga 2003

„NTG-skólinn býður upp á betri möguleika en finnast á Íslandi til að sameina afreksíþróttir og menntaskólamenntun. Þess má geta að skólinn hefur rakað saman 370 peningum á Ólympíuleikum, á heimsmeistaramótum fullorðinna og unglinga, þar af eru 40% gullverðlaun. Hvað varðar að árangur skólans á menntunarstiginu, þá eru samræmd próf í lok hvers árs í Noregi og hefur skólinn meðaleinkunnina 4.5 af 6 en það er talsvert yfir landsmeðaltali í Noregi. Fengum við félagarnir, Jakob og ég, báðir inngöngu í skólann og höfum við sjaldan verið jafn hamingjusamir.

Hafði ekki hugmynd um að Kobbi kynni svona mikið í norsku

Í byrjun var ég þó í vafa um þetta allt saman. Fyrir það fyrsta kunni ég ekki mikið í norsku en var þó mellufær eftir mörg ár í dönsku heima á klakanum. Í öðru lagi var erfitt að segja bless við þægindin heima, en í Geilo er engin heimavist þannig að nemendur þurfa að leigja íbúð og sjá um sig sjálfir. Kobbi átti þó í minni vandræðum með þetta allt saman enda hafði hann kysst mömmu sína bless árið áður þegar hann hélt til æfinga í Lillehammer. Fyrsta sjokkið sem ég varð fyrir kom strax á leið minni til Geilo. Verð að viðurkenna að ég hafði ekki hugmynd um að Kobbi kynni svona mikið í norsku en gaurinn var ekki kjaftstopp alla leið til Geilo (
tíma ferð) og átti í hörku samræðum v
þjálfarann Toralf sem sótti okkur á flugvöllin

Þessa kosti nýtti ég mér til hins ýtrasta og l
Kobba bara um allt tal fyrstu mánuðina úti
það minnsta svona á meðan ég var að koma m
inn í málið. Það tók furðu fljótan tíma og með
tók framförum í hverri viku þannig að eftir s
mánuði var ég orðinn næstum altalandi
norsku, ef svo má að orði komast.

Upplifði margt nýtt eftir komuna í NTG

Við félagarnir þrifumst vel, nóg af æfingu
og hæfilegur skammtur af skóla þannig að seg
má að allt hafi gengið eins og í sögu. Ég upplif
margt nýtt eftir komuna í NTG. Flestar æfing
voru sameiginlegar og æfði maður alltaf m
fullt af hressum félögum sem gerði allar æfing
skemmtilegar. Að elta Kobba var hins veg
farið að verða þreytt, gaurinn hleypur eins o
fjandinn sé á hælunum á honum á öllum hlaup
æfingum, ef svo má að orði komast, en til a
forðast misskilning þá vil ég leggja áherslu
að þetta er orðatiltak en ekki myndlíking
aðstæðum.

Samæfingar eru reglulega á uppbyggingar
tímabilinu sem er á haustin. Þá er oftast la
land undir fót og t.d. farið á skíðum til Jondale
uppi á Folgefonna-jöklinum, í herbúðirnar

Noregsmeistaramót fullorðinna árið 1998. Vestfirsku skíðagöngugarparnir Magnús, Markús Þór, Jakob Einar og Ólafur Th. Árnason stilla sér upp með Kristin Sjeldal.

Félagarnir Jakob Einar og Markús Þór taka við viðurkenningum í hófi sem Ísafjarðarbær og Skíðafélag Ísfirðinga efndu til eftir glæsilega frammistöðu gönguskíðamanna SFÍ á Skíðamóti Íslands á Dalvík og Ólafsfirði 4.-7. apríl 2002.

Helgedalsmoen (svona til að sýna þessum hermönnum hvað það er að æfa mikið) eða til Sirdalen, í fjallalandslagið þar við sjóinn. Mér finnst þessar samæfingar skilja einna mest eftir af ánægjulegum minningum gegnum þessi ár í NTG. Ekki má heldur gleyma að Jakob var tvisvar sinnum valinn til að fara sem einn af útvöldum hópi þeirra bestu úr NTG til samæfingar í Osló á vegum Norska skíðasambandsins. Þar æfði hann með norska unglingalandsliðinu og þeim bestu úr öðrum skíðamenntaskólum í Noregi. Fékk hann þarna tækifæri til að æfa með heimsklassa skíðagöngumönnum og tilvonandi stjörnum.

Sá allt í einu rass sem ég kannaðist við

Eftir langt æfingatímabil fer keppnistímabilið í gang í nóvember. Noregs Cupin er þar efst á dagskrá en um er að ræða mótaröð sem haldin er af Norska skíðasambandinu. Mótin eru fimm talsins og haldin víðsvegar um Noreg. Ásamt Noregs Cupin eru hápunktar vetrarins norska unglingameistaramótið og landsmótið heima á Íslandi. Fyrsta árið okkar Kobba var NM í Holmenkollen í Osló. Fyrsta gangan var 15 km skaut hjá mér og 20 km hjá Kobba. Ég endaði í 45. sæti og átti mjög góða göngu, sama var hjá Jakobi en hann endaði í 42. sæti. Því miður náðum við ekki að fylgja eftir árangri okkar á NM árið eftir, þó með þeirri undantekningu að 50. sætið hans Kobba var ekki langt frá markmiðið hans sem var 30. sætið en aðeins 20 sekúndur skildu á milli sætanna. Veturinn 2002/2003 var sérstakur að því leyti að auk venjulegu mótanna var sendur stæltur hópur á heimsmeistaramót unglinga í Soleftå í Svíþjóð. Við Kobbi voru í þessum hópi auk Andra Steinþórssonar frá Akureyri. Byrjunargangan var 30 km skaut og til að gera langa sögu stutta þá náði ég markmiði mínu, en það var að vinna Kobba. Á síðasta hring göngunnar sá ég allt í einu í rass sem ég kannaðist við. Þetta gaf extra krafta og ég hafði það af að ná honum og koma á undan í mark. Þetta var fyrsta gangan þar sem ég vann Kobba síðan í Fossavatnsgöngunni 2001. Nei, þau eru ekki alltof mörg skiptin þar sem ég hef orðið á undan honum Kobba í mark og því eins gott að njóta þeirra til hins ýtrasta og minna hann svo á það reglulega þar sem ekkert pirrar hann meira en að tapa fyrir mér. Í sprettgöngunni á HM unglinga náði Jakob nokkuð góðum árangri, en hann lenti í 57. sæti og var fjórtán sætum á undan mér. Kobbi hefur alltaf sýnt hæfni sem góður sprettgöngumaður en eitthvern veginn hefur honum þó enn sem komið er ekki tekist vel upp á Íslandsmeistaramótunum. Það hlýtur þó að koma eitthvern tímann að því?

Sjaldan heyrt hann blóta jafn rosalega og þegar stafurinn fór

Á Íslandsmeistaramótinu 2003 var komið að mér að láta ljós mitt skína og náði ég að koma öllum á óvörum og vinna minn fyrsta einstaklingstitil í 10 km göngu með hefðbundinni aðferð. Ég vann einnig sprettgönguna eftir viðureign milli mín og Ólafs Th. sem endaði með brotnum staf hjá Óla greyinu. Ég hef sjaldan heyrt hann blóta jafn rosalega og þegar stafurinn fór. Kobbi vann mig stórt í sinni uppáhaldsgrein, skauti, og sýndi svo sannarlega að það fara fáir jafn hratt og hann í þeirri grein. Munurinn nægði honum til að vinna einnig tvíkeppnina en það er samanlagður tími í báðum lengri göngunum. Það þarf ekki orðlengja hverjir unnu boðgönguna.

Skilnaður eftir tveggja ára sambúð

Keppnistímabilinu var lokið að þessu sinni og ný tímamót runnu upp. Jakob var að klára skólann en ég átti eitt ár eftir þannig að eftir tveggja ára sambúð var komið að „skilnaði". Þetta hafðist allt á lokum og við urðum sammála um að Kobbi fengi krakkana og ég hélt sjónvarpinu. Allt annað sameiginlegt var skipt og ágóðanum deilt. Tímabilið 2003/2004 átti eftir að verða talsvert öðruvísi. Ég fékk leigu herbergi hjá íslensku pari í Geilo, Herdís Hreiðarssyni og Ásdísi Evalíu Guðmundsdóttur sem eru nýbúin að byggja sér hús þarna úti. Þetta ár hefur verið talsvert einfaldara en árin áður úti. Þannig hef ég t.d. ekki þurft að hugsa um að þrífa heila íbúð, nú er það bara herbergið mitt, og svo það lúxus að þurfa ekki að malla ofan í sig sjálfur en ég er einnig í fæði hjá húsráðendum og orðinn tveimur kílóum þyngri en í fyrra. Það segir sína sögu um matinn hér. Kobbi nýtur þess að vera búinn með skólann en hann hélt til heima á Íslandi og kom ekki út fyrr en um miðjan september. Þá fékk hann sér vinnu sem yfiruppvaskari hér á hóteli og æfir þess á milli. Ég öfunda hann mikið og er farinn að hlakka til að ljúka skólanum. Kobbi og Ólafur Th. leigja saman hér í Geilo og keyra um á Renóinum sínum, merktum íslenska landsliðinu. Illa svalir, ma´r!

Þar sem ég er enn í unglingaflokki hefur æfinga- og keppnisprógramið okkar verið svolítið frábrugðið. Keppnir vetrarins hafa verið rólegri en áður, ég hef keppt minna og ekki alveg verið í nógu jafngóðu formi. Ég hef þó náð nokkrar góðar göngur, t.d. 30 km í Lillehammer fyrir jól þar sem ég varð í 48. sæti og svo átti ég góðar göngur í Svíþjóð í febrúar og eins í 90 km Vasagöngunni. Svo er stórt mót eftir Landsmót á heimavelli á Ísafirði. Og að sjálfsögðu ætlar maður sér að hitta á formið fyrir það. Hvað Jakob varðar, þá hefur hann átt mjög góðar 15 km göngur, bæði í Gålå og í Hommelvik, og bætti FIS punktana sína töluvert sem eitthvað sé nefnt.

Þessi ár á skíðunum hafa frá upphafi veitt okkur margar skemmtilegar stundir, bæði á æfingum og í keppnisferðum, og við teljum þau forréttindi sem ekki allir hafa tækifæri til að upplifa. Árin hér úti í Noregi hafa gefið mikið af sér, við höfum fengið tækifæri til að æfa og keppa við aðstæður þar sem gerðar eru miklar kröfur og það skilar okkur sem betri íþróttamönnum. Og til að gera þetta mögulegt hafa Skíðafélag Ísfirðinga, Skíðasamband Íslands, Afreks- og styrktarsjóður Ísafjarðarbæjar og fleiri aðilar styrkt okkur fjárhagslega. En á öllum ólöstuðum eigum við foreldrum okkar samt mest að þakka."

Hjónin Árni Traustason, byggingartæknifræðingur, og Kristín Gísladóttir, sjúkraliði, hafa búið á Ísafirði síðan snemma á áttunda áratuginum og alið upp sína fjölskyldu þar. Árni er frá Patreksfirði og Kristín úr Breiðfirðinum og eftir námsár í Reykjavík voru þau ákveðin í að flytja aftur út á land.

Þau njóta þess að fara á skíði eins og margir Ísfirðingar en telja sig ekki til hörðustu skíðakappa, þó segja megi að þau hafi staðið í fararbroddi íþróttarinnar á Ísafirði síðustu ár. Fáir hafa alið af sér jafn marga titla, ef svo má að orði komast, fyrir Skíðafélag Ísfirðinga á síðustu árum eins og Árni og Kristín því börn þeirra hafa verið meðal fremstu göngumanna landsins. Elsti sonurinn Trausti fékk útrás fyrir fótafimina á knattspyrnuvellinum en yngri systkinin þrjú; Gísli Einar, Ólafur Thorlacius og Katrín hafa öll sýnt frábæra frammistöðu á gönguskíðunum.

Árni Traustason og Kristín Gísladóttir með börnin sín fjögur, talið f.v. Ólafur Thorlacius, Kristín, Gísli Einar, Katrín, Trausti og Árni.

FÓLKIÐ Í GÖNGUNNI ER EINS OG EIN FJÖLSKYLDA

Þegar þau hjón eru spurð um aðdraganda þess að krakkarnir völdu að æfa gönguskíði, þá kemur í ljós að Trausti og Gísli byrjuðu reyndar á svigskíðum. Kristín segir að þeir hafi svo sem ekki gert neinar stórar rósir þar en Gísli hafi síðan farið yfir á gönguskíðin þegar hann var u.þ.b. níu ára.

„Ég held að honum hafi ekki líkað of vel við þessar bröttu brekkur og kunnað betur við sig niðri á jafnsléttu. Þröstur Jóhannesson, göngumaður, hefur líka verið heimilisvinur okkar og á þessum tíma var hann að fara á Ólympíuleika svo þeir horfðu upp til hans, og Gísla þótti ekki slæmt að taka sér hann til fyrirmyndar."

– Nú hefur það verið nefnt að með þrjá sterka göngumenn í fjölskyldunni eigið þið e.t.v. heiðurinn að hvað flestum titlum fyrir Skíðafélagið. Hafið þið tekið þetta saman?

Árni: „Ekki höfum við gert það en það eru nokkur hundruð verðlaunapeningar og tugir bikara á heimilinu."

Kristín: „Við vorum einmitt að mála og taka saman í einu herberginu hjá okkur og þá held ég að ég hafi talið að Katrínar peningar væru um 100. Reyndar var það fyrir hlaup, frjálsar íþróttir og ýmislegt sem hún hefur unnið sér inn í gegnum tíðina. Ég get a.m.k. sagt að það er dagsverk að þurrka af öllum bikurum heimilisins."

Árni og Kristín að heimili sínu í Árholti á Ísafirði.

Griðland hjá foreldrunum

Þegar Árni og Kristín eru spurð að þ hvort þau sjálf séu íþróttafólk, þá segja þa að svo sé ekki.

Kristín: „Við eigum gönguskíði og höfu gaman að útiveru, að ganga á fjöll og þess hátt en við höfum aldrei keppt í neinu."

„Ég stefni bara á annað sætið á morgun"

– Hvaðan kemur þá keppnisskapi krökkunum?

„Það er nú það. Þau eru nú öll frekar ljúf skapi svo ég held að þau hafi ekki þetta mik skap eins og stundum er talað um sem einke á þeim sem keppa í íþróttum. Mér finnst þetta fræga keppnisskap snúast um mikla bö en þau eru alls ekki þannig linnt. Við minnum þess þegar Katrín fór í fyrsta skipti á Andrés Andar leika að þá náði hún fysta sæti en sú se var í öðru sæti kom grátandi í mark. Katrín vo kenndi henni og sagði: „Ég stefni bara á anna sætið á morgun". Okkur þykir alltaf svoleiß vænt um ummælin sem einn félagi Katrín hafði um hana eftir þessa Andrésarleika: „Kat vann gull og var ekkert montin."

Árni: „Þau hafa tekið þjálfun föstum tökum og hugsa vel um mataræðið. Þannig má e.t.v. [illegible] á baki metnaðar [illegible]

Ísfirskir skíðagöngukrakkar á leiða á Andrésarleikana 1994. F.v. Gylfi Ólafsson, Greipur Gíslason, Ólafur Th. Árnason, Einar Jóhannes Finnbogason, Eyrún Ingólfsdóttir þjálfari, Elísabet Harðardóttir og Katrín Árnadóttir.

að standa sig vel heldur en keppnisharka."

– Hafa börnin e.t.v. notið þess að eiga griðland hjá ykkur sem eruð ekki á kafi í íþróttunum?

Árni: „Það getur vel verið að það sé ágætt að foreldrarnir séu ekki líka keppnisfólk. Við höfum séð foreldra fylgja börnunum sínum eftir með miklum látum og skamma þau ef þau standa sig ekki að þeirra mati – við höfum held ég, ekki fallið í þá gryfju, ef svo má segja. Við höfum fylgt þeim eftir hér heima en höfum lítið farið með þeim í keppnisferðir."

Kristín: „Ekki fyrr en þau voru orðin unglingar, við fórum t.d. aldrei með þeim á Andrésar Andar leika eins og nú er orðið svo algengt. Reyndar tíðkaðist ekki eins mikið þá að foreldrar færu

„Dagsverk að þurrka af öllum bikurum heimilisins"

með börnum sínum í keppnisferðir. En við höfum farið með þeim á unglingalandsmót og landsmót, bæði í Reykjavík og á Akureyri."

Krakkarnir þurfa stuðning

– Hafið þið gaman af að fylgjast með göngunni?

Kristín: „Já við fylgjumst nokkuð mikið með og höfum gaman að því."

„Krakkarnir endast ekkert í þessu nema stutt sé vel við bakið á þeim"

– Lifið þið ykkur e.t.v. öðruvísi inn í á fylgjast með göngukeppni en aðrir þar sem þið þekkið svo vel til?

Árni: „Það gæti verið. Mér heyrist fólk o segja að það sé ekkert varið í að fylgjast me göngu en ég held að það sé af því að fólk þekk lítið til. Það er svolítið sérstakt að fylgjast me keppni þar sem menn eru ræstir út með þrjár sekúndna millibili, þá er oft erfitt að átta sig á því hver er fyrstur úti í braut, því þá þarf a taka þann mun með."

– Hafa krakkarnir oft verið í harðri keppni?

Kristín: „Okkur hefur reyndar oft þótt vera meiri keppni, þ.e.a.s. fleiri keppendur til að þ skapist meiri samkeppni milli þeirra og me hvetji þannig hvorn annan áfram. Það hef nefnilega háð göngunni töluvert að það hef ekki mjög margir verið að stunda hana."

– Er ekki óhætt að segja að í gegnum tíðin hafi straumurinn legið í svigskíðin?

Árni: „Jú, það má segja að fjöldinn hafi sö í svigskíðin þangað til lyfturnar eyðilögðust snjóflóðum, það varð kannski heldur meiri sö í göngu upp úr því."

Kristín: „Alpagreinarnar hafa jú alltaf verið fjölmennari bæði hér sem annars staðar landinu."

– Má ekki segja að foreldrar séu óhjá kvæmilega í hlutverki í íþróttaiðkuninni hafið þið þannig verið óbeinir þátttakendur í útgerðinni ef svo má að orði komast?

„Jú ég held að það sé í þessu eins og í öllum íþróttum, sem foreldrar hvetja börnin sín til a

Að ofan: Óli og Katrín, komin heim af Unglingalandsmótinu á Akureyri vorið 1998.
Til hægri: Boðgöngusveit Skíðafélags Ísfirðinga á Landsmóti á Ólafsfirði 2002. Félagarnir Markús Þór Björnsson, Ólafur Th. og Jakob Einar Jakobsson eftir góða göngu sem skilaði þeim fyrsta sæti.

Óli, Gísli og Katrín á Landsmóti á Ísafirði vorið 1999, en Gísli keppti þarna eftir nokkurra ára hlé, systkinum sínum til mikillar ánægju.

stunda, við þurfum alltaf að styðja við bakið á þeim, það þarf að hugsa vel um þetta fólk því íþróttaiðkunin er mikil vinna hjá krökkum sem virkilega leggja á sig miklar æfingar. Þau þurfa mikinn og góðan mat og það eitt að koma sér á æfingasvæðið getur verið töluvert fyrirtæki og kallar á gott skipulag.

Nú er Katrín að þjálfa göngukrakka hér á Ísafirði og þá fylgist maður með og sér að þetta er t.d. heilmikill akstur á foreldrum, það þarf að skutla krökkunum á svæðið og sækja skömmu seinna. Sumir foreldrar hafa þann háttinn á að bregða sér á skíði meðan á æfingunni stendur. Krakkarnir endast ekkert í þessu nema stutt sé vel við bakið á þeim."

Árni: „Við höfum líka dundað aðeins í kringum skíðamótin sem eru haldin hér heima og höfum haft mjög gaman að því. Þannig er margt í kringum þetta sem hefur verið mjög skemmtilegt í gegnum tíðina."

Foreldrarnir bera skyldur

– En það er erfitt að vera í þessu hlutverki, að keppa fyrir bæinn sinn, að ekki sé talað um landið sitt – allir með kröfurnar og góðu ráðin á hreinu en síðan er jafnvel bara einn einstaklingur sem axlar ábyrgðina.

Kristín: „Auðvitað er fólk undir pressu frá almenningi þegar lengra er komið, við höfum alveg fundið fyrir því þegar krakkarnir hafa verið komin á stærri mót. En við höfum líka fengið að finna hvað bæjarbúar eru stoltir af þeim og ósparir á að óska okkur til hamingju með þau og það veitir okkur mikla gleði".

Árni: „Við höfum rætt það við þau að þau verði að geta tekið töpunum líka því sá sem kann ekki að tapa, hann kann ekki að vinna. Það er ekki alltaf hægt að vera bestur, stundum eru menn illa upplagðir en oft gengur allt upp."

– Mynduð þið jafnvel ganga svo langt að segja að á foreldrum hvíli vissar skyldur innan íþróttahreyfingarinnar?

> „Skemmtilegt félagsstarf er ekki síður mikilvægt en hinar eiginlegu æfingar"

Kristín: „Já það finnst okkur, alveg tvímælalaust. Ef maður ætlar börnunum að stunda sínar greinar, eins og maður vill gjarnan, þá getur maður ekki ætlast til þess að þau endist við iðkunina nema það sé stutt vel við þau. Foreldrarnir hafa sannarlega vissar skyldur við að hlúa að börnunum. Við erum afskaplega ánægð með að börnin fóru þessa braut og finnst við í raun heppin."

Skemmtilegt umhverfi

– Hvernig hefur andinn verið í kringum gönguna?

Árni: „Hann er mjög skemmtilegur."

Kristín: „Í gegnum tíðina hafa krakkarnir haft mjög góða þjálfara sem hafa verið afspaklega duglegir við að gera fjölbreytta hluti og standa fyrir skemmtilegu félagsstarfi sem er ekki síður mikilvægt en hinar eiginlegu æfingar. Þau hafa því verið mjög heppin með þá umgjörð alla. Þannig er reynt að krydda starfið með fleiru en bara æfingum. Nú fyrir skömmu var Katrín t.d. með hópinn sinn uppi í skíðaskála. Þau gistu þar, fóru í leiki, borðuðu pitsu og áttu skemmtilega stund fyrir utan að vera á æfingu."

– Einhvern veginn virðist eins og ólíkar kynslóðir sameinist á gönguskíðum, það má sjá allt frá ungum krökkum og upp í virðulega eldri borgara skemmta sér við göngu.

Árni: „Það má segja að fólkið sem er í göngunni sé eins og ein stór fjölskylda".

Kristín: „Mér finnst hafa verið mjög góður hópur í kringum starfið hér í gegnum tíðina og það er traustur vinskapur milli margra krakkanna sem hafa stundað gönguna. Ég vil bara árétta hvað mér finnst ég hafa verið heppin að

Skíðagöngugarparnir Óli og Katrín vorið 2000. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

> „Finnst ég hafa verið heppin að hafa alið upp börnin mín hér á Ísafirði. Þau eru líka mjög stolt af því að vera Ísfirðingar"

hafa alið upp börnin mín hér á Ísafirði. Þau eru líka mjög stolt af því að vera Ísfirðingar. Það er auðvelt að gera margt skemmtilegt hér í þessu umhverfi fyrir útivistarunnendur. Árna bauðst einu sinni vinna á Selfossi og ég sagði við hann að þar væru hvorki fjöll né fjara og ég vissi ekki hvað hægt væri að gera með börnunum þar?"

Þegar Árni og Kristín eru kvödd er milt veð-
ið að bræða klakann úr innkeyrslunni við Á-
holtið og fjöllin orðin helst til flekkótt að sjá sv
ekki sé meira sagt. Veðrið hefur sýnt að það er al
mestu óútreiknanlegt. Um tíma stefndi í ísfirsku
skíðavetur af bestu gerð en nokkrum dögum síðar
er farið að hlána. Alls óvíst er hvernig verð
umhorfs þegar þetta blað kemur úr prentun þ
telja verði líklegra að hjólreiðar eða kajakróð
verði helsta dægrastytting Ísfirðinga og ges
þeirra um páskana, frekar en skíðaiðkun.

Göngumennirnir standa þó alltaf skör fram
en svigskíðamennirnir hvað þetta varðar, - g
farið með skíðin upp á heiði og þrammað eft
sköflunum þar, jafnvel framundir versluna
mannabelgi, eins og dæmi eru um.

SJÖTÍU ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

Árin líða og eftir því sem við verður eldri líða þau hraðar. Fæst okkar muna eftir því þegar Skíðafélag Ísfirðinga var stofnað, fleiri muna þegar skíðaskáli félagsins, Skíðheimar, eyðilagðist í snjóflóði vetruinn 1953 og nýr skáli var byggður næstu ár á eftir. Mörg okkar muna þegar skíðalyftan upp á Gullhól var reyst og tveimur árum seinna lyftan upp í Skál og svo þegar fyrsti snjótroðarinn kom á Dalinn. Allar þessar framkvæmdir mörkuðu tímamót í skíðaiðkun okkar Ísfirðinga bæði fyrir keppendur og almenning. Þessar framkvæmdir voru annaðhvort á vegum Skíðafélagsins eða fyrir tilstuðlan Skíðafélagsmanna þó svo fjölmargir sjálfboðaliðar úr hinum ýmsu félögum í bænum hafi síðan komið að framkvæmdunum sjálfum.

Þann 4. apríl n.k. verða liðin 70 ár síðan Skíðafélag Ísfirðinga var stofnað og þá er tilefni til að koma saman, rifja upp þessar og fleiri gamlar minningar af Dalnum og halda ærlega afmælisveislu. Það ætlum við að gera.

Laugardaginn 8. maí ætlum við að alda afmælishátíð sem hefst með fordrykk kl. 19:30, síðan verður borinn fram þriggja rétta málsverður með léttri dinnertónlist.

Á milli rétta verða flutt stutt ávörp og eftir matinn tekur við fjölbreytt skemmtidagskrá fram undir miðnætti, þar verður m.a. skíðatískan fyrr og nú rifjuð upp og félagi í Skíðafélaginu syngur einsögn. Eftir það verður stiginn dans fram á nótt við undirleik hljómsveitarinnar Heimamenn, sem flytur séræfða ísfirska danstónlist.

Það er von stjórnar Skíðafélagsins að sem flestir fyrrverandi og núverandi (sem hafa aldur til) keppendur Ísafjarðar sjái sér fært að koma, hitta gamla keppinauta, skiptast á sögum við sér eldri og yngri keppendur og taka þátt í afmælishátíðinni. Einnig er það von stjórnar félagsins að skíðaáhugamenn og aðrir velunnarar félagsins fjölmenni á afmælishátíðina og haldi upp á þessi merku tímamót í sögu Skíðafélags Ísfirðinga.

Allar nánari upplýsingar um hátíðina verður að finna á heimasíðu félagsins www.snjor.is.

LAUGARDAGINN 8. MAÍ 2004

DAGSKRÁ

DINNERTÓNLIST

ÞRIGGJA RÉTTA MÁLSVERÐUR

FJÖLBREYTT SKEMMTIDAGSKRÁ

HLJÓMSVEITIN HEIMAMENN LEIKUR FYRIR DANSI

HAMRABORG

... er verslun í miðbænum

Eins og venjulega erum við með opið alla daga yfir Dymbilvikuna og páskana. Þótt lítill snjór sé á skíðasvæðinu, er nógur ís til í HAMRABORG

Við aðstoðum Björgunarfélag Ísafjarðar

Rúm á fermingartilboði frá TM húsgögnum Ragnari Björnssyni Betra baki og Lystadún Markó

Dagana 28. desember til 6. janúar síðastliðinn lögðu nokkrir gönguskíðakrakkar upp í ferðalag til Geilo í Noregi í æfingarbúðir. Þarna var á ferðinni vaskur hópur drengja á aldrinum 13–19 ára. Þetta voru þeir Borgar Björgvinsson, Stefán Pálsson, Brynjólfur Óli Árnason, Örvar Rögnvaldsson, Arnar Björgvinsson, Guðbrandur Jónsson, Kristján Ásvaldsson, Sindri Gunnar Bjarnason og Einar Birkir Sveinbjörnsson ásamt Kristjáni Rafni Guðmundssyni sem var þjálfari og fararstjóri hópsins. Einnig var með í hópnum Andri Steindórsson frá Akureyri. Strákarnir segja hér frá dvölinni í Noregi.

Hluti hópsins tilbúinn til brottfarar á flugvellinum á Ísafirði. F.v. Brynjólfur Óli Árnason, Sindri Gunnar Bjarnason, Borgar Björgvinsson, Kristján Ásvaldsson, Stefán Pálsson, Guðbrandur Jónsson, Einar Birkir Sveinbjörnsson og Kristján Rafn Guðmundsson.

Í ÆFINGARBÚÐUM Í NOREGI

„Ferðin gekk í alla staði mjög vel og það var sérstaklega góður andi í hópnum sem skemmti sér vel við æfingar. Einnig var frítíminn vel nýttur og gripið í gítarinn og sungið og sprellað (þar voru Óli, Jakob og Guðbrandur liðtækastir þó svo að gítarspil Guðbrands þótti einkennast um of af hástemmdum söngatriðum).

Áramótin voru heldur frábrugðin því sem gerist og gengur á íslenskum heimilum og á það helst við um flugelda sem skotið er upp sem þóttu frekar minna á puð út í loftið en alvöru bombur. Þetta eiga drengir á okkar aldri erfitt með að sætta sig við og var reynt eftir fremsta megni að búa til bál og elta smárakettur.

Búið var í fjórum „hyttum“ en það sem helst vantaði var aðstaða til að þurrka svitablauta búninga eftir æfingarnar því lítið var um þurrkaðstöðu í húsunum og því þurfti oft að bregða sér í hálfrakt föðurlandið áður en haldið var á næstu æfingu.

Aðstaða í göngubrautunum var mjög góð og kjöraðstæður á þessum tíma. „Það fattaði alltaf vel“. Oft var kalt og komst frostið t.d. niður í –26° C um áramótin. Brautirnar voru frábærar og var gengið í brautum sem keppt er í á Noregsmótum. En svo skemmtilega vildi til að á meðan á dvölinni stóð var mót á staðnum sem við fylgdumst með þar sem kepptu margir sterkir göngumenn, m.a. tveir úr A-landsliði Norðmanna og heimsmeistarar unglinga. Þessir kappar kunna svolítið fyrir sér og það var upplifun að vera áhorfandi að svona sterkri keppni. Við áttum einn mann í keppninni, Jakob Einar Jakobsson úr Önundarfirði, sem einnig átti öflugt stuðningsmannalið.

Jakob aðstoðaði okkur við æfingar einn daginn þar sem hann tók okkur í tækniþjálfun. Einnig hittum við Markús Þór Björnsson. En Jakob og Markús búa í Geilo. Ólafur Th. Árnason býr þar líka en var enn heima í jólaleyfi þegar við vorum úti.

Æfingar voru tvisvar á dag undir styrkri stjórn Kristjáns Rafns og var mjög gott og gaman að vera með honum í ferðinni og betri þjálfara og ferðafélaga varla hægt að hugsa sér. Umhverfið sem æft var í var mjög frábrugðið því sem við eigum að venjast, skógivaxið en einnig vöktu ógrynni af símastaurum athygli okkar.

Einhverjir úr hópnum höfðu áður verið í æfingabúðum í Noregi en aðrir að fara í fyrsta sinn. En um margt verður þessi ferð eftirminnileg, góður og samstilltur hópur, frábært veður, æfingar í nýju umhverfi og skemmtileg upplifun.

Þegar er farið að leggja drög að næstu ferð sem væntanlega verður farin eftir tvö ár.“

Borgar og Brynjólfur Óli hvetja sinn mann, Jakob Einar, á skíðagöngumóti sem haldið var á staðnum þar sem þeir dvöldust.

Guðbrandur grípur í gítarinn en gítarspil af hástemmd

Sigurður Pétursson

„GÁTUM FARIÐ TÍU FERÐIR FYRIR EINA ÁÐUR.“

Saga af skíðalyftuframkvæmdum á Seljalandsdal

Það er erfitt að gera sér grein fyrir skíðaiðkun fyrir daga skíðalyfta. Nú brunar fólk í bílum upp á skíðasvæðin, setur á sig skíðin við lyfturnar og tekur sér svo far upp í skíðabrekkurnar án nokkurrar fyrirhafnar. Það þarf varla að ýta sér af stað. Og svo rennur maður bara niður hlíðina og þarf ekkert að hugsa um að nýta ferðina sem best, því það er ekkert mál að komast upp aftur. Skíðalyftan dregur mann upp. Þessar aðstæður eru órafjarlægar þeim skíðaköppum sem gengu upp á skíðasvæðin, með lausan hæl, tóku skíðin á axlirnar þegar brattinn jókst og gengu upp þar til hæfilegri hæð var náð. Festu á sig skíðin og renndu sér niður. Þá var betra að nota ferðina vel, því það þurfti að hafa fyrir næstu ferð. Það þurfti að ganga alla leið upp aftur!

Í þessari grein verður sagt frá framkvæmdum við byggingu skíðalyfta á Seljalandsdal á vegum Skíðalyftunefndar á árunum 1967-1979. Þar var unnið merkilegt brautryðjendastarf sem olli byltingu í skíðaiðkun Ísfirðinga og gerði Seljalandsdal að víðfrægri skíðaparadís.

Seljalandsdalur með þremur skíðalyftum. Neðri lyftan lengst til vinstri, efri lyftan í miðið og þriðja lyftan til hægri. Fjölmenni á Dalnum á páskum 1994. (Ljósm. Gunnlaugur Jónasson)

Draumur um lyftu

Það mun hafa verið á árunum um og eftir 1950 sem ísfirskir skíðamenn fóru að fara utan á skíðanámskeið og skíðamót til Noregs, Svíþjóðar og í Alpalöndin. Það voru menn eins og Kristinn Benediktsson, Haukur og Jón Karl Sigurðssynir og fleiri sem þannig kynntust togbrautum og skíðalyftum út í Evrópu. Varð það kveikjan að hugmyndum um að koma upp skíðalyftu hér á Ísafirði.

Fyrsta tilraunin til að koma upp lyftu á Seljalandsdal var gerð af nokkrum Harðverjum upp við Harðarskála fyrir innan Buná. Þeir komu höndum yfir gamlan Ford mótor sem settur var upp ofan við skálann undir Sandfellinu. Blokk var sett á endastöð og vír strengdur á milli, um 200 metra leið. Eyjólfur Bjarnason rafvirki mun hafa verið þeim innan handar með tæknimálin. Erfitt reyndist að halda lyftunni gangandi og urðu því lítil not af henni. Var þetta á árunum 1949–1950.

Eftir að Skíðalyftunefnd hóf störf um 1965 var eitt fyrsta verk hennar að festa kaup á dráttarvél og nota hana til að koma upp toglyftu með kaðli. Lyftan var færanleg því hægt var að aka dráttarvélinni til eftir því hvar snjóbrekkurnar lágu á Seljalandsdalnum. Um tíma var hún sett upp við Gullhól. Toglyftan var nokkuð varasöm, því ullarvettlingar og peysur áttu það til að festast í kaðlinum og þurfti þá að hafa snör handtök við að slökkva á mótornum á dráttar-

Toglyftan sem sett var upp á Seljalandsdal með rauða traktornum. Nýttist vel, en lopapeysurnar vildu snúast upp á kaðalinn og festast. (Ljósm. Gunnlaugur Jónasson)

Fransmaðurinn Pomagalski kom sumarið 1966 til að mæla fyrir skíðalyftu á Seljalandsdal. Á myndunum má sjá Kristinn Benediktsson, Elías Oddsson, Pomagalski og Bragi Ragnarsson. (Ljósm. Oddur Pétursson)

vélinni til að ekki færi illa. Það varð því snemma ljóst að þetta var ekki framtíðarlausn. Dráttarvélin nýttist hins vegar vel þegar kom að framkvæmdum við byggingu skíðalyftanna.

Nokkrir ungir ofurhugar tóku þá af skarið og hugðust koma upp skíðalyftu utarlega í Dalnum norðanvið Gilið svonefnda. Báru þeir nokkra símastaura upp í fjallið, en lengra komst verkið ekki. Sagt er að Guðmundur Sveinsson sem var í forsvari fyrir lyftunefnd, hafi beðið ungu mennina að hætta við þessa framkvæmd, því nú ætti að reisa alvöru skíðalyftu.

Á Akureyri höfðu menn komið upp kaðaltoglyftum, rétt einsog hér, en árið 1967 var byggð þar stólalyfta. Fyrsta alvöruskíðalyftan hér á landi. Og nú leið ekki á löngu þar til enn lengri og meiri skíðalyfta risi á Seljalandsdal.

Skíðalyftunefndin

Á almennum fundi áhugamanna um skíðaiðkun sem haldinn var á Hótel Mánakaffi á vegum Íþróttabandalagsins var kosin nefnd til að vinna að málinu. Í daglegu tali var nefndin kölluð Skíðalyftunefndin. Upphaflega voru í nefndinni þeir Guðmundur Sveinsson, Sigurður FJónsson, Oddur Pétursson, Bragi Ragnarsson og Haukur Sigurðsson. Haukur hætti fljótlega í nefndinni og Jón Karl bróðir hans tók við, en síðar kom Gunnar Pétursson inn í nefndina fyrir hann. Bragi var í fyrstu gjaldkeri nefndarinnar, en þegar hann flutti úr bænum fékk Guðmundur Sveinsson Gunnlaug Jónasson í Bókhlöðunni til að taka við gjaldkerastöðunni, sem hann sinnti allan tímann meðan nefndin starfaði. Oddur var ritari nefndarinnar og Guðmundur var formaður og ótvíræður forystumaður framkvæmdanna á Seljalandsdal.

„Guðmundur sá um framkvæmdirnar og Gunnlaugur um fjármálin" sagði Sigurður Jónsson, Búbbi prentari, sem sjálfur átti hvað flestar vinnustundir við byggingu lyftanna. „Prímus mótorinn í þessu starfi var Guðmundur. Hann átti kannski ekki fleiri vinnustundir á Dalnum en við hinir, en var í símanum allan daginn við að útrétta fyrir lyftuna."

Skíðalyftunefndin stóð að byggingu tveggja skíðalyfta á Seljalandsdal, sá um rekstur lyftanna fyrstu árin og skíðaskálans Skíðheima um tíma. Allt starf hennar var unnið í sjálfboðavinnu, af mikilli elju og fórnfýsi.

> „Mesta verkið var unnið af fámennum hópi áhugamanna."
> - Oddur Pétursson -

Neðri lyftan

Það var Kristinn Benediktsson sem kom Skíðalyftunefnd í samband við franskan framleiðanda, Pomagalski frá Grenoble í Frakklandi. Sjálfur hafði Kristinn víða farið og kynnst skíðalyftum af ýmsu tagi og taldi þessa gerð myndu henta best hér vestra. Kostir Pomagalski lyftanna voru þeir að hægt var að leggja lyftuna í beygju ef með þurfti og einnig hitt, að lyftustangirnar voru gíraðar inn á vírinn, en ekki festar á hann, svo hægt var að safna þeim öllum í endahöfn og ræsa út eftir þörfum. Þannig var auðveldara að sinna viðhaldi á stöngunum og minnka hættu á skemmdum vegna veðurs. Fram að þessu höfðu menn helst horft til svokallaðra T-lyfta sem framleiddar voru í Austurríki. Þær voru hannaðar þannig að á stöngunum voru T, þannig að tveir skíðamenn sátu á sitt hvorum vængnum. Poma lyfturnar voru hinsvegar skálalyftur, höfðu skál á enda stanganna sem ýtti á afturenda skíðamannsins upp brekkuna. Síðar varð þetta algengasta gerð toglyfta. Þessi gerð lyftu þótti hagstæðari og henta betur veðurfari hér vestur á fjörðum.

Pomagalski, franskur verkfræðingur af pólskum gyðingaættum og eigandi fyrirtækis með sama nafni, kom hingað sumarið 1966. Hann staldraði við hér á Ísafirði í einn dag. „Þetta var alveg helvíti klár karl," segir Oddur Pétursson sem fór upp á Seljalandsdal með fransmanninum ásamt Guðmundi Sveinssyni, Braga Ragnarssyni og Kristni Benediktssyni til að mæla fyrir lyftunni. „Hann skoðaði sig um í einn dag og sagði svo til hvernig lyftan ætti að liggja." Þannig var lyftustæðið ákveðið. Þorkell Erlingsson verkfræðingur annaðist svo frekari mælingar og reiknaði út staðsetningu lyftumastra. Pomagalski sendi svo nefndinni tilboð sem var tekið. Lyftan var smíðuð og staurarnir og annað efni var komið til Ísafjarðar sumarið eftir.

Síðla sumars 1967 og fram eftir hausti var svo unnið við að grafa fyrir og steypa undirstöður fyrir lyftumöstrin. Lögðu þar margir hönd á plóginn. Menn tóku að sér eina og eina holu og söfnuðu saman vinum og vinnufélögum til að vinna verkið. Þetta var mestallt unnið í höndum, með haka og skóflu, því erfitt var að koma við tækjum. Lögðu menn metnað í að skila af sér sinni holu, á undan öðrum.

Þegar undirstöðurnar voru klárar voru lyftustaurarnir settir upp og boltaðir niður á stöplana. Þá kom sér vel að Bærinn og Rafveitan áttu tæki sem nýttust til vinnunnar. Svo kom að því að draga út vírinn og setja á hjólin á möstrunum. Allt gekk þetta eftir. Mikil nákvæmnisvinna var að splæsa saman vírinn, því ekki mátti vera nokkur misfella á samskeytunum, til að stangirnar stæðu ekki á sér. Frakkinn Pomagalski kom aftur til þess að stýra því verki og fínstilla hjól og annað, áður en allt var klárt. Kom sér þá vel að hafa við hendina menn úr Netagerðinni sem voru vanir vírasplæsingum. Lyftan stóð klár milli hátíða 1967.

Skíðalyfta Ísfirðinga, gamla lyftan, var formlega tekin í notkun 7. janúar árið 1968, þegar Skíðalyftunefnd afhenti Íþróttabandalagi Ísfirðinga lyftuna að viðstöddu fjölmenni. Upphafsstaður lyftunnar var nokkru fyrir ofan skíðaskálann Skíðheima og endastöðin upp á Gullhól. Hún var 1250 metra löng og hæðarmismunur 202 metrar. Lyftan afkastaði um 535 manns á klukkustund. Var hún sögð lengsta og hraðskreiðasta skíðalyfta á landinu. Lyftan var lögð þannig að allir sem á annað borð gátu staðið á skíðum, gátu notað hana.

Við afhendinguna kom fram að mikill fjöldi einstaklinga, fyrirtækja og opinberra stofnana hafði stutt framkvæmdina. Lauslega áætlaður nam kostnaður um 1,5 – 1,7 milljónum króna

þegar ýmiss konar fyrirgreiðsla, gjafir og sjálfboðavinna hafði verið reiknuð með. Alls lögðu um 80 manns fram 2000 vinnustundir við smíði lyftunnar. Var það allt samviskusamlega skráð hjá formanninum Guðmundi Sveinssyni. Mikill einhugur ríkti meðal bæjarbúa um skíðalyftubygginguna og voru velflestir sem leitað var til fúsir að ljá málinu stuðning í verki. Það má því segja að skíðalyftan hafi verið sameign bæjarbúa.

Skíðalyftan reyndist frábærlega vel. Hún varð mikil lyftistöng fyrir skíðaiðkun og áhuga á skíðaíþróttinni á Ísafirði. Segja má að með lyftunni hafi skíðaferðir orðið sú almenningsíþrótt sem flestir stunduðu í bænum. Aðsókn að Skíðavikunni jókst mjög, og *Gullfoss*, flaggskip íslenska farskipaflotans, kom hingað um páska með ferðafólk nokkur ár í röð til skíðaiðkunar.

„Áður en lyfturnar komu og vegurinn upp á Dal, þótti ein ferð upp á Gullhól góð dagsferð."
- Sigurður Jónsson -

Steypuvinna á Gullhól 1967. Við hrærivélina eru Gunnlaugur Ó. Guðmundsson og Sigurjón Halldórsson, þá Gunnlaugur Einarsson, Magni Finnsson, Guðmundur Sveinsson (á köflóttri skyrtu), Guðmundur Jóhannesson og fjærst er Elías Oddsson. (Ljósm. Oddur Pétursson)

Haustið 1967, þegar undirstöðurnar voru klárar, voru lyftustaurarnir settir upp og boltaðir niður á stöplana. Þá kom sér vel að bærinn og rafveitan áttu tæki sem nýttust til vinnunnar. (Ljósm. Gunnlaugur Jónasson)

Fyrsta steypan upp á Gullhól. Framkvæmdir hófust við fyrstu lyftuna sumarið 1967. Grafa og steypuhrærivél frá bænum og traktor skíðalyftunefndar í bakgrunni. Á myndinni eru frá vinstri Jón Ólafur Sigurðsson (á bak við gröfuna), Haukur Sigurðsson, Arnór Stígsson (snýr baki í ljómyndara), Þorkell Erlingsson verkfræðingur, Guðmundur Sveinsson, Kristinn Benediktsson og Samúel Gústafsson. (Ljósm. Gunnlaugur Jónasson)

Fjármagn og rekstur

Skíðalyftuframkvæmdirnar voru fjármagnaðar með framlagi úr Íþróttasjóði sem veitti styrki til Íþróttamannvirkja og láni. Hluti af styrknum var veittur í samræmi við þá vinnu sem lögð var fram í sjálfboðavinnu. Styrkurinn var ekki greiddur fyrr en eftir á og í nokkrum áföngum, þannig að nauðsynlegt var að taka lán til að koma lyftunum upp. Vel tókst þó til við að standa í skilum með lán, því reynt var að stilla afborganir þannig að þær kæmu á sama tíma og styrkurinn. Auk þess naut Skíðalyftunefnd velvilja og skilnings hjá fyrirtækjum í bænum hvort sem um var að ræða úttektir á efni eða lán á vélum og tækjum. Margt af því var aldrei innheimt. Erfitt er að taka út úr hópnum ákveðin nöfn, en þó má nefna Netagerð Vestfjarða, Skipasmíðastöð Marzellíusar Bernharðssonar, Timburverslunina Björk, Vélsmiðjuna Þór og fyrirtæki Sigurðar Sveinssonar, auk Rafveitu Ísafjarðar og Bæjarsjóðs. Margir fleiri lögðu sitt af mörkum.

Auk þessa stóð Skíðlyftunefndin fyrir margvíslegri fjáröflun. Í upphafi efndi hún til happdrættis og hafði í vinning Volkswagen bjöllu. Þótti það mjög veglegur vinningur, enda bílaeign ekki almenn þá eins og nú. Miðarnir seldust mjög vel, en aðal spenningurinn hjá nefndinni var samt sá, þegar kom að drættinum hjá sýslumanni, hvort vinningurinn gengi út eða félli á óseldan miða. Vinningurinn gekk út, og kom auðvitað í góðar þarfir, sem var góð auglýsing fyrir nefndina, en aftur á móti varð gróðinn af happdrættinu ekki mikill þegar upp var staðið.

Önnur fjáröflun varð happadrýgri. Skíðalyftunefnd gaf út dagatal í nokkur ár og seldi. Dagatölin voru með stórri ljósmynd, gjarnan af Skíðaviku eða Seljalandsdal, og seldust vel um land allt. Fyrirtæki auglýstu á dagatalinu og prentkostnaður var hóflegur, þar sem starfsmenn prentsmiðjunnar, undir stjórn Sigurðar Jónssonar, voru nær allir nátengdir skíðamálunum. Var þetta því dágóð fjáröflunarleið fyrir nefndina.

Skíðalyftunefnd sá um rekstur lyftunnar og réð umsjónarmann og aðra starfsmenn við lyfturnar yfir veturinn, auk þess að sjá um viðhald búnaðar og tækja. Gekk reksturinn vel og aðgangseyrir að lyftunum stóð undir launakostnaði. Annað viðhald var að mestu unnið í sjálfboðavinnu.

Efri lyftan

Fljótlega fóru að heyrast raddir um nýja og hærri lyftu fyrir færari skíðamenn og keppnisfólk. Bæði var að þegar skíðaiðkun var orðin almenn mynduðust oft langar biðraðir við gömlu lyftuna á góðviðrisdögum og svo þótti þeim sem náð höfðu lengra í íþróttinni að fallhæðin væri ekki nógu mikil. Sást stundum til skíðakappa bera skíði á öxlinni hátt upp í Eyrarfjall til að ná í lengri og brattari skíðabrekku.

Veturinn 1970 var undirbúningur hafinn að nýrri lyftu. Oddur Pétursson og fleiri mældu þá fyrir lyftu frá Gullhól og upp undir fjallsbrún, um 450 metra vegalengd. Teikning var send til Pomagalski, enda hafði reynslan af fyrri lyftunni verið mjög góð. Pomagalski taldi að hlíðin væri of brött fyrir samskonar lyftu og gamla lyftan var, en benti á fyrirtæki í Noregi, Anleggstransport A/s í Osló sem framleiddi skíðalyftur að fyrirmynd Pomagalskis.

Á vegum norska fyrirtækisins kom hingað maður að nafni Carl Chr. Lange. Niðurstaða athugana hans var sú að lyftustæðið skyldi liggja frá Kvennabrekku, nálægt miðri eldri lyftunni og þaðan upp í Skál eða Hrossaskál, ofarlega í Eyrarfjalli. Endastöðin var í 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Lengd lyftunnar var 700 metrar og hæðarmunur á þessari leið um 300 metrar. Lyftan, Poma B-50, var framleidd af Norðmönnum og kom hingað til bæjarins 19. júní 1971.

Þá var hafist handa við að undirbúa uppsetningu nýju lyftunnar. Nú kom sér vel reynsla Guðmundar Sveinssonar, framkvæmdastjóra Netagerðarinnar, sem hafði starfað við að leggja rafmagnslínu upp úr Rauðkollshvilft í Engidal og yfir í Sauradal, ofan við Súðavík, á vegum

Tveir góðir úr skíðalyftunefndinni á leiðinni niður. Guðmundur Sveinsson og Gunnlaugur Jónasson byrjaðir á efri lyftunni haustið 1971. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson)

Rafmangsveitna ríkisins. Þar höfðu aðstæður verið nokkuð líkar því sem var á nýja lyftustæðinu; mikill bratti og háar fjallshlíðar.

Traustur tíu hjóla trukkur fékkst lánaður hjá Sigurði Sveinssyni með góðu spili framan á. Úr honum var strengdur vír upp í gálga sem settur var upp á brún í Skálinni. Þessi vír var notaður sem uppistaða og eftir honum dreginn hlaupaköttur sem notaður var sem loftbraut til að flytja steypu og annað byggingarefni og loks lyftustaurana hvern á sinn stað. Hlaupakötturinn var dreginn með nælonkaðli sem vafinn var um aukafelgu sem sett var á afturdekk á Landrover-jeppa sem tjakkaður var upp. Þegar jeppinn var keyrður var hægt að draga sleðann upp og niður burðarvírinn. Þegar sleðinn var kominn yfir staurastæðinu var slakað á burðarvírnum á trukknum og steypan eða lyftumastrið sett niður á sinn stað. Þannig var unnið að uppsetningu lyftunnar í þeim mikla bratta sem þarna er.

Þessi hugvitsamlega, en nokkuð áhættusama, aðferð reyndist hið besta. Eitt sinn munaði þó mjóu. Steypan var hrærð niðri og sett í mál eða tunnu sem síðan var hífð upp með tóginu. Passa þurfti að tógið færi ekki út af felgunni eða dytti í sundur. Einu sinni gerðist það meðan verið var að hífa steypumálið fullt að kaðallinn brann í sundur. Skipti engum togum að tunnan rann stjórnlaust niður vírinn og stefndi á trukkinn. Búbbi prentari stjórnaði trukknum og gat lítið gert annað en sitja kyrr þegar steypumálið skall á bílnum og steypan skvettist yfir allt. En engum varð meint af og þegar bíllinn hafði verið þveginn, varð mönnum að orði að bíllinn hefði aldrei verið eins skínandi hreinn. Sem dæmi um útsjónarsemi Guðmundar var nefnt, að vírinn sem notaður var við að koma upp efri lyftunni mun hafa fundist inn á Stekkjarnesi og var trúlega kominn frá Samvinnufélagi Ísfirðinga. Við efri lyftuna unnu margir í sjálfboðavinnu sumarið og haustið 1971, og voru ungir skíðamenn drjúgir, auk hins eldri kjarna. Eru þar nefndir til sögunnar Arnór Stígsson og Guðmundur Ágústsson smiðir, Jón Ólafur Sigurðsson og Óli J. Lúðvíksson en margir fleiri komu við sögu.

„Allt var fært frá Lyftunefnd til bæjarins og lyfturnar afhentar skuldlausar.“
- Gunnlaugur Jónasson -

Endastöð lyftunnar uppí Hrossaskál þótti nokkuð ævintýraleg vegna þess hve Skálin var grunn. Það var því stutt frá efsta lyftustaurnum á brekkubrúninni og upp í klettavegginn þar sem vírhjólið, sem í raun hélt uppi öllum togvírnum, hékk. Endastögin tvö sem héldu hjólinu voru fest með boltum sem boraðir voru inn í klettavegginn. Sigurður Jónsson vann að þessu verki, og þegar sverir boltar höfðu verið boraðir í vegginn og vírarnir festir, varð sú spurning áleitin hvort boltarnir myndu halda. Það gerðu þeir heldur betur, því um veturinn þegar þurfti að moka snjó burt frá hjólinu, sást greinilega að festingarnar voru traustari en bergið sjálft. Verkið gekk vel frá því fyrsta undirstaðan var steypt þann 28. ágúst 1971. Stjórnstöð lyftunnar var sett saman og reist um miðjan desember og í byrjun janúar var dráttarvírinn strengdur á möstrin. Í lok mánaðarins kom hingað Sverre Steinnes tæknimaður frá verksmiðjunni til að sinna lokafrágangi og stillingum. Með honum að því verki unnu þeir Guðmundur Sveinsson,

Guðmundur Sveinsson ræðir við Norðmanninn Carl Chr. Lange, sem kom til að mæla fyrir efri lyftunni. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson)

Undirstaðan fyrir endamastrið í Hrossaskál steypt. Hlaupakötturinn á vírnum og steypumálið klárt. Á myndinni má sjá Ingvar Einarsson, Samúel Gústafsson og grilla í Sigurð Grímsson. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson)

Trukkurinn frá Sigga Sveins, frá honum lá vír upp í Skál og eftir honum rann sleðinn og flutti steypu og annað efni á staurastæðin. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson)

Landrover jeppinn sem var tjakkaður upp að aftan og með aukafelgu var hægt að draga sleðann upp með kaðli. En það þurfti að passa vel upp á kaðalinn svo farmurinn kæmi ekki fljúgandi niður aftur. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson)

Hið glæsilega skíðasvæði Ísfirðinga á Seljalandsdal var rústir einar eftir snjóflóðið 5. apríl 1994. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

Sigurður Jónsson og Kristján Ásbergsson. Þann 5. febrúar 1972 lýsti Norðmaðurinn lyftuna tilbúna og fyrstu skíðamennirnir tóku sér far með henni upp í Skál.

Í hófi sem haldið var 26. febrúar í Skíðaskálanum á Seljalandsdal afhenti Skíðalyftunefndin stjórn Íþróttabandalags Ísafjarðar lyftuna. Guðmundur Sveinsson, Sigurður Jónsson og Gunnlaugur Jónasson töluðu fyrir hönd nefndarinnar. Guðmundur lýsti framkvæmdum, Búbbi talaði um hvernig tilkoma nýju lyftunnar myndi stuðla að auknum framförum í skíðaíþróttinni og Gulli gerði grein fyrir kostnaðinum sem nam alls 3,9 milljónum króna. Þar af var vinna sjálfboðaliða um 600 þúsund og framlög ýmissa aðila í formi vinnutækja, verkfæra og efnis án greiðslu um 630 þúsund. Nefndinni og öðrum sem lagt höfðu hönd á plóginn voru þökkuð vel unnin störf af forráðamönnum Íþróttabandalagsins og bæjarstjórnar, segir í blaðinu Ísfirðingi í mars 1972.

Efri lyftan hafði mikla þýðingu fyrir þá sem lengra voru komnir á skíðabrautinni og birtist skírt í árangri ísfirskra skíðamanna í alpagreinum. Nú var möguleiki á að æfa í miklum bratta og lengri brekkum en áður. Eignuðust Ísfirðingar frábæra sveit svigmanna á þessum árum.

Lyftur bæjarins

Með tímanum varð rekstur skíðasvæðisins of viðamikill fyrir sveit áhugamanna eins og Skíðalyftunefndina. Aukin umsvif og meiri kröfum almennings um aðbúnað og öryggi kallaði á nýjar leiðir. Skíðalyftunefndin skilaði af sér báðum lyftunum og öðrum mannvirkjum skuldlausum til bæjarins veturinn 1979. Ísafjarðarkaupstaður tók þá yfir mannvirkin á Dalnum og rekstur skíðasvæðisins.

Á vegum bæjarins og fleiri aðila höfðu fram að þeim tíma verið settar upp minni lyftur bæði í Stórurð og Hnífsdal. Í Stórurð var sett upp lítil skíðalyfta upp úr 1970. Lionsmenn og fleiri stóðu að uppsetningu hennar, en lyftan var keypt af Kristni Benediktssyni. Bærinn tók yfir rekstur hennar sem stóð nokkra vetur. Í Urðinni var einnig sett upp raflýsing á 250 metra kafla. Notkun hennar var aldrei mikil, þar sem snjór festist ekki nógu lengi í brekkunni. Lyftan skemmdist að nokkrum árum liðnum vegna grjóthruns úr hlíðinni og var ekki sett í gang aftur.

Í Hnífsdal var sett upp 4-500 metra toglyfta undir Búðagili, mest fyrir tilstilli Hraðfrystihússins og Miðfells hf. sem voru undir stjórn Jóakims Pálssonar. Var hún í gangi í nokkur ár, en snjóleysi takmarkaði oft not hennar. Þessi lyfta var reist upp úr 1980 en skemmdist í snjóflóði árið 1990 og var ekki endurbyggð.

Áframhaldandi uppbygging átti sér stað á Seljalandsdal eftir 1980. Mesta framförin varð með tilkomu snjótroðaranna. Snjótroðari var keyptur á Seljalandsdal um 1980 og byggt yfir hann hús sem um leið var stjórnstöð fyrir lyfturnar og viðgerðaverkstæði. Var mikill munur fyrir skíðafólk þegar hægt var að troða brekkurnar. Troðnar brekkur ásamt betri skíðabúnaði varð til þess að fótbrotum og öðrum slysum fækkaði mjög í skíðabrekkum landsmanna.

Þriðja skíðalyftan var reist á Seljalandsdal á níunda áratugnum, utar en hinar fyrri. Var hún nokkurs konar millistig efri og neðri lyftanna í fallhæð og erfiði. Þá var sett upp barnalyfta, toglyfta með kaðli neðar á Dalnum fyrir börn og byrjendur. Með þessum viðbótum varð Seljalandsdalur eitt fjölbreyttasta og besta skíðasvæði landsins.

Skíðalyftan sem reist var á Seljalandsdal eftir snjóflóðið 1994. Hún eyðilagðist í snjóflóði 1999. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

Árið 1998 tóku nokkrir ofurhugar sig til og hófu að endurbyggja efri lyftuna á Dalnum. Framkvæmdum var rétt að ljúka þegar lyftan eyðilagðist í snjóflóði 1999. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

Núverandi skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

Flóðin

Það var um páskana árið 1994 að hann skall á með mikilli snjókomu og stormi. Að morgni 5. apríl rann gríðarlegt snjóflóð úr Eyrarfjalli í Seljalandsdal og sópaði burtu öllum lyftum, lyftuhúsum, tveim snjótroðurum og markhúsi á skíðasvæðinu. Ekkert mannvirki stóð þar eftir nema gamli skíðaskálinn. Auk þess fór flóðið niður í Tungudal og lagði mestalla sumarhúsabyggð Ísfirðinga í rúst. Einn maður lét lífið í þeim hamförum.

Jafnvel þó að menn vissu að snjóflóð gætu fallið á Dalnum, stóðu menn agndofa eftir þetta mikla áfall. Tvisvar áður höfðu fallið flóð á gömlu lyftuna upp við Gullhól, en enginn hafði verið á skíðasvæðinu þegar það gerðist og skemmdir voru litlar.

Eftir snjóflóðið voru skoðanir skiptar um hvar byggja ætti upp skíðasvæði Ísfirðinga að nýju. Ný lyfta var reist á vegum bæjarins á Seljalandsdal, en jafnframt hófst uppbygging nýs skíðasvæðis í Tungudal. Þá tóku nokkrir ofurhugar sig til og hófu að endurbyggja efri lyftuna á Dalnum. Þegar framkvæmdum var rétt að ljúka við þá lyftu árið 1999 kom annað snjóflóð og hreif báðar lyfturnar með sér. Þar með var endanlega ljóst að ekki yrði úr frekari lyftuframkvæmdum á Seljalandsdal og uppbygging hélt áfram á núverandi skíðasvæði í Tungudal. Þó gönguskíðamenn stundi sínar æfingar enn á Seljalandsdal og margir gangi þar um á sólbjörtum vetrardögum í tærri birtu Skutulsfjarðar, þá líta margir til Fjallsins og Dalsins með söknuði og minnast þess þegar hægt var að svífa niður bestu skíðabrekkur landsins á Seljalandsdal. Sú stund er liðin og kemur ekki aftur. En það er hollt að minnast þess mikla verks og mörgu stunda sem skíðamenn og aðrir lögðu á sig til að koma upp nútímalegri skíðaaðstöðu hér í bænum.

Eftir að snjóflóð féll á skíðasvæðið á Seljalandsdal í mars 1999 var endanlega var hætt við uppbyggingu skíðalyfta þar og öll áhersla lögð á að byggja upp skíðasvæðið í Tungudal. Aðstaða fyrir göngumenn er þó ennþá á Seljalandsdal (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

Heimildamenn:
Gunnlaugur Jónasson,
Sigurður Jónsson,
Oddur Pétursson.
Aðrar heimildir:
Skíðablaðið – Skíðavikan 2000.
VH-blaðið 1. árg., 1. mars 1970 og 2. árg. 3. mars 1980.
Vesturland 29.janúar 1968.
Ísfirðingur 17.janúar 1970 og 11.marz 1972.